

# RANNSÓKNARNEFND KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR Á ÍSLANDI

Skýrsla

um viðbrögð og starfshætti kaþólsku kirkjunnar á Íslandi  
vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot  
vígðra þjóna og annarra starfsmanna kirkjunnar

REYKJAVÍK, 2. NÓVEMBER 2012

# RANNSÓKNARNEFND

## KAPÓLSKU KIRKJUNNAR Á ÍSLANDI

Skýrsla

um viðbrögð og starfshætti kapólsku kirkjunnar á Íslandi  
vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot  
vígðra þjóna og annarra starfsmanna kirkjunnar

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

## EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>9</b>
<b>1. SKIPAN, HLUTVERK OG STARFSHÆTTIR</b> .....	<b>13</b>
<b>1.1 Ákvörðun biskups um skipan rannsóknarnefndar</b> .....	<b>13</b>
<b>1.2 Hlutverk rannsóknarnefndarinnar</b> .....	<b>13</b>
<b>1.3 Starfshættir rannsóknarnefndarinnar</b> .....	<b>15</b>
1.3.1 Fundir nefndarinnar .....	15
1.3.2 Öflun skriflegra gagna og annarra skjalfestra heimilda.....	16
1.3.3 Fundir með aðilum innan kaþólsku kirkjunnar o.fl. ....	17
1.3.4 Viðtöl við vígða þjóna og aðra starfsmenn kirkjunnar.....	17
1.3.5 Viðtöl við meinta þolendur og aðstandendur .....	18
1.3.6 Andmælaferli .....	18
<b>1.4 Samantekt um helstu niðurstöður rannsóknarnefndar</b> .....	<b>19</b>
<b>2. STOFNANIR OG LÖGGJÖF</b> .....	<b>21</b>
<b>2.1 Kaþólska kirkjan á Íslandi</b> .....	<b>21</b>
2.1.1 Kirkjan.....	21
2.1.2 Landakotsskóli .....	24
2.1.3 Sumarbúðir á vegum kaþólsku kirkjunnar í Stykkishólmi og Riftúni .....	25
<b>2.2 Löggjöf</b> .....	<b>25</b>
2.2.1 Trúfrelsi og trúfélög .....	25
2.2.2 Stjórnarsýsla kirkjunnar .....	26
a) Stjórnarsýslu- og upplýsingalög.....	27
b) Kirkjuréttur .....	28
2.2.3 Stjórnarsýsla í skóla á vegum kirkjunnar.....	34
2.2.4 Sumarbúðir á vegum kirkjunnar.....	36
2.2.5 Reglur um bakgrunnsathugun.....	36

2.2.6 Tilkyningarskylda .....	37
a) Tilkyningarskylda til barnaverndarnefndar .....	37
b) Ósk um lögreglurannsókn .....	40
<b>2.3 Verklagsreglur um viðbrögð vegna ásakana um ofbeldi.....</b>	<b>41</b>
<b>3. UPPLÝSINGAR SEM LIGGJA TIL GRUNDVALLAR</b>	
<b>RANNSÓKNARNEFNDARINNAR .....</b>	<b>45</b>
3.1 Skrifleg gögn sem nefndin hefur aflað .....	45
3.2 Viðtöl.....	48
<b>4. FRÁSAGNIR UM OFBELDISBROT GEGN BÖRNUM OG MEINTIR</b>	
<b>GERENDUR.....</b>	<b>49</b>
4.1 Munur á frásögnum og ásökunum.....	49
4.2 Ofbeldi gegn börnum .....	50
4.2.1 Almennt um mörk milli aga og ofbeldis gegn börnum .....	50
4.2.2 Nánar um bann við því að beita barn ofbeldi .....	51
a) Stjórnarskrá og alþjóðasamningar um mannréttindi.....	51
b) Almenn lög og reglugerðir.....	54
c) Ákvæði kirkjuréttar.....	56
4.3 Meintir gerendur.....	58
4.3.1 Nafngreindir gerendur .....	58
4.3.2 Ónafngreindir gerendur.....	59
4.4 Frásagnir af kynferðislegu ofbeldi í Landakotsskóla og í sumardvöl .....	60
4.5 Frásagnir af öðru ofbeldi í Landakotsskóla og í sumardvöl .....	63
4.5.1 Agi í Landakotsskóla og í sumardvöl á vegum kirkjunnar .....	63
4.5.2 Frásagnir af líkamlegu ofbeldi .....	64
4.5.3 Frásagnir af andlegu ofbeldi .....	64
4.6 Frásagnir af afleiðingum ofbeldis .....	68
4.7 Samantekt um frásagnir .....	69
<b>5. FRÁSÖGN UM KYNFERÐISLEGA MISNOTKUN GEGN FULLORÐNUM</b>	
<b>EINSTAKLINGI.....</b>	<b>72</b>

<b>6. ÁSAKANIR UM OFBELDISBROT .....</b>	<b>72</b>
<b>6.1 Almennt um ásakanir.....</b>	<b>72</b>
<b>6.2 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi.....</b>	<b>73</b>
6.2.1 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George og Margrétar Müller.	73
a) Ásakanir um brot gegn A .....	73
b) Ásakanir um brot gegn B.....	74
c) Ásakanir um brot gegn C.....	75
d) Ásakanir um brot gegn D.....	75
e) Önnur atriði sem vekja spurningar um viðbrögð kirkjunnar .....	75
6.2.2 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi af hálfu annarra.....	76
a) Ásökun á hendur X, fyrrverandi kennara .....	76
b) Ásökun á hendur séra Y .....	77
c) Ásökun á hendur séra Z.....	77
<b>6.3 Ásakanir um annað ofbeldi .....</b>	<b>77</b>
6.3.1 Ásakanir um ofbeldi af hálfu Margrétar Müller .....	78
a) Foreldrar og aðstandendur.....	78
b) Nemendur .....	80
c) Kennarar .....	81
d) Aðrir samstarfsmenn.....	83
e) Fræðsluyfirvöld.....	83
6.3.2 Ásakanir um ofbeldi af hálfu séra George.....	84
<b>7. ÁLYKTANIR RANNSÓKNARNEFNDAR KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR UM MISTÖK, VANRÆKSLU EÐA ÞÖGGUN .....</b>	<b>85</b>
<b>7.1 Inngangur .....</b>	<b>85</b>
<b>7.2 Almennar athugasemdir rannsóknarnefndarinnar.....</b>	<b>85</b>
7.2.1 Að segja frá.....	85
7.2.2 Staða séra George .....	86
7.2.3 Tíðarandinn í samfélaginu .....	88
7.2.4 Tíðarandinn innan kaþólsku alþjóðakirkjunnar.....	91
7.2.5 Almenn afstaða biskups, presta og starfsmanna á Íslandi .....	92
7.2.6 Almennt um skráningu og varðveislu gagna.....	94
7.2.7 Samantekt um almennar athugasemdir .....	95

<b>7.3 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í einstökum tilvikum .....</b>	<b>97</b>
7.3.1 Inngangur og afmörkun efnis.....	97
a) Almennt .....	97
b) Forsendur ályktana rannsóknarnefndarinnar .....	97
7.3.2 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana um kynferðisbrot .....	99
a) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu séra George .....	99
b) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu Margrétar Müller...	105
c) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu annarra .....	105
d) Ályktanir rannsóknarnefndarinnar.....	107
7.3.3 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana um annað ofbeldi .....	112
a) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu Margrétar Müller...	112
b) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu séra George .....	114
c) Ályktanir rannsóknarnefndarinnar .....	114

<b>8. TILLÖGUR RANNSÓKNARNEFNDAR KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR UM ÚRBÆTUR .....</b>	<b>117</b>
<b>8.1 Inngangur .....</b>	<b>117</b>
<b>8.2 Starfshættir kirkjunnar.....</b>	<b>118</b>
8.2.1 Skráning og varðveisla gagna .....	118
8.2.2 Upplýsingar og fræðsla .....	119
8.2.3 Afstaða til viðbragða við ásökunum .....	120
<b>8.3 Forvarnir og fyrirmyndarviðbrögð við ásökunum um ofbeldi.....</b>	<b>123</b>
8.3.1 Bakgrunnsathugun .....	124
8.3.2 Reglur um samskipti starfsfólks og skjólstæðinga.....	125
8.3.3 Áætlun um viðbrögð vegna ofbeldis.....	126
8.3.4 Þjálfun starfsfólks.....	128
<b>8.4 Tillögur rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar um úrbætur .....</b>	<b>129</b>
8.4.1 Stefnumótun.....	129
8.4.2 Siðareglur/starfsreglur .....	130
a) Reglur um samskipti.....	130
b) Reglur um bakgrunnsathugun umsækjenda og sjálfboðaliða.....	131
8.4.3 Verklagsreglur um viðbrögð við ofbeldi .....	132
a) Almennt um fyrstu viðbrögð og tilkynningarskyldu .....	132
b) Fagræð um meðferð ofbeldisbrota .....	133

c) Ráðstafanir gagnvart geranda .....	133
d) Aðstoð og þjónusta við þólanda.....	133
8.4.4 Forvarnir, kynning, fræðsla og þjálfun.....	134
<b>8.5 Samantekt og lokaorð .....</b>	<b>135</b>
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>136</b>
<b>FYLGISKJÖL .....</b>	<b>142</b>
STARFSREGLUR .....	142
FRÉTTATILKYNNING.....	144





## FORMÁLI

Að beiðni Péturs Bürcher, biskups kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, skipaði prófessor Róbert R. Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, hinn 29. ágúst 2011 sjálfstæða og óháða rannsóknarnefnd sem falið var að rannsaka starfshætti og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar vegna ásakana á hendur vígðum þjónum og starfsmönnum kirkjunnar. Í nefndina voru skipuð Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Hrefna Friðriksdóttir dósent og Jón Friðrik Sigurðsson prófessor. Nefndin hefur nú lokið störfum og er niðurstöður hennar að finna í þessari skýrslu.

Samkvæmt sérstökum starfsreglum sem rannsóknarnefndinni voru settar bar henni að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð vegna ásakana sem fram hafa komið á hendur vígðum þjónum og starfsmönnum kaþólsku kirkjunnar um kynferðislegt eða annað ofbeldi og leggja mat á hvort mistök, vanræksla eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi átt sér stað í því sambandi. Einnig var henni ætlað að setja fram ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Vert er að leggja áherslu á að nefndinni var ekki falið að rannsaka eða taka afstöðu til sannleiksgildis ásakana sem fram hafa komið um kynferðisofbeldi eða önnur brot. Taka uppbygging og efnistöð skýrslunnar mið af þessari afmörkun á hlutverki nefndarinnar. Þá ber að geta þess að hlutverk rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar er afmarkað með sambærilegum hætti og hlutverk rannsóknarnefndar sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði árið 2010. Rannsóknarnefnd kirkjuþings skilaði ítarlegri skýrslu árið 2011 þar sem meðal annars er fjallað um afmörkun hlutverksins, eðli og afleiðingar ofbeldis og settar fram ábendingar og tillögur til úrbóta.<sup>1</sup> Rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar hefur tekið nokkuð mið af þessari skýrslu þar sem það á við.

---

<sup>1</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyrni biskupi um kynferðisbrot. Rannsóknarnefnd kirkjuþings. Reykjavík 2011.


Á undanförnum áratugum hefur verið stigvaxandi meðvitund um ofbeldi og illa meðferð sem börn hafa oft þurft að þola af hendi ýmissa sem falin hefur verið umsjón þeirra. Þá hefur stöðugt komið skýrar í ljós hversu alvarlegar afleiðingar ofbeldis geta verið fyrir þolanda. Ofbeldi af hálfu þess sem er í valdastöðu eða í trúnaðarsambandi við þolanda, svo sem trúarleiðtoga, prests, skólastjóra eða kennara, hefur nokkra sérstöðu. Við ofbeldið misnotar fagaðilinn sér það óskilyrta traust sem þolandi ber til hans og það vald sem stöðu hans fylgir. Við þessar aðstæður eiga þolendur oft mjög erfitt með að segja frá ofbeldinu og það getur varað í langan tíma. Ofbeldi af hálfu trúarleiðtoga eða starfsmanns trúfélags getur einnig haft langvarandi neikvæð áhrif á trú og trúariðkun þolanda og þar með sérstaklega alvarlegar afleiðingar fyrir sjálfsmynd og félagsþroska. Það er afar brýnt að trúarsamfélag setji sér skýr viðmið og verklag um öflugar forvarnir, virka fræðslu og markviss viðbrögð við ásökunum um hvers konar ofbeldi. Allir starfshættir trúarsamfélags verða að einkennast af virðingu og skilningi í samræmi við það hlutverk sem trúfélag hefur í samfélaginu. Þá er brýnt að allir starfsmenn trúarsamfélags þekki og fari eftir lögum landsins hverju sinni.

Viðmælendur rannsóknarnefndarinnar sögðu sumir frá alvarlegu ofbeldi sem þeir hefðu orðið fyrir af hálfu starfsmanna kirkjunnar. Nokkrir sögðust áður hafa reynt að koma á framfæri ásökunum en aðrir voru að segja frá í fyrsta sinn. Það er flestum þolendum tilfinningalega erfið lífsreynsla að segja frá ofbeldi og afleiðingum þess. Rannsóknarnefndin vill sérstaklega þakka öllum þeim sem voru reiðubúnir til þess að koma á fund nefndinnar og segja frá reynslu sinni. Nefndin þakkar einnig biskupi og starfsmönnum kirkjunnar fyrir þá aðstoð sem veitt var við vinnu þessarar skýrslu.

Í 1. kafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar er fjallað um skipan, hlutverk og starfshætti nefndarinnar og þar er einnig að finna samantekt um helstu niðurstöður. Í 2. kafla er farið nokkrum orðum um uppbyggingu og helstu stofnanir kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem mestu máli skiptir fyrir verkefni rannsóknarnefndarinnar. Í 3. kafla eru talin upp þau gögn og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum nefndarinnar. Þá er í 4. kafla gerð grein fyrir þeim frásögnum sem fram hafa komið um ofbeldi gegn börnum og að hverjum þær beinast. Í 5. kafla er gerð grein fyrir frásögn um kynferðislega misnotkun fullorðins einstaklings. Í 6. kafla er fjallað um ásakana sem komið var á framfæri við kirkjuna vegna ofbeldisbrota og sem gátu gefið kirkjunni tilefni til viðbragða. Í 7. kafla eru greind viðbrögð kirkunnar í kjölfar ásakana og þar er einnig að finna ályktanir rannsóknarnefndarinnar um mistök, vanrækslu eða þöggun. Loks er í 8. kafla gerð grein fyrir tillögum til úrbóta.

Það er von nefndarmanna að þessi skýrsla varpi nokkru ljósi á atburði sem eru liðnir og að niðurstöður nýtist kaþólsku kirkjunni á Íslandi í framtíðinni. Í samræmi við 6. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er biskupi hér með afhent skýrslan.


Reykjavík 2. nóvember 2012



Hjördís Björk Hákonardóttir formaður



Hrefna Friðriksdóttir



Jón Friðrik Sigurðsson



## 1. SKIPAN, HLUTVERK OG STARFSHÆTTIR

### 1.1 Ákvörðun biskups um skipan rannsóknarnefndar

Á fundi rannsóknarnefndarinnar með Pétri Bürcher biskupi kaþólsku kirkjunnar hinn 28. september 2011 gerði biskup grein fyrir aðdraganda að skipan nefndarinnar. Biskup upplýsti að í maí og september 2010 hefðu leitað til hans einstaklingar og sagt honum frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu prests, fyrrverandi skólustjóra Landakotsskóla og kennara við skólann. Í apríl 2011 kvaðst biskup hafa verið beðinn um að koma á fund innanríkisráðherra. Á þeim fundi hafi auk biskups og þáverandi lögmanns kaþólsku kirkjunnar, Friðjóns Arnar Friðjónssonar hæstaréttarlögmanns, verið ráðherra, starfsmenn ráðuneytisins og þriggja manna fagráð, sem ráðherra hafði sett á fót til þess að fjalla um ásakanir vegna ofbeldisbrota og kynferðisbrota sérstaklega hjá trúfélögum. Á fundinum hafi biskupi verið kynnt að ásakanir hefðu borist ráðuneytinu um að kynferðislegt ofbeldi hefði átt sér stað innan kirkjunnar. Jafnframt að tveir einstaklingar hefðu þegar gefið skýrslu hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Fljótlega eftir þetta, eða nánar tiltekið í júnímánuði 2011, birtust í fjölmiðlum viðtöl við nokkra einstaklinga sem lýstu reynslu sinni af kynferðislegu og andlegu ofbeldi í Landakotsskóla og á sumardvalastað kirkjunnar í Riftúni í Ölfusi. Leiddu þessi viðtöl til talsverðrar fjölmiðlaumfjöllunar. Kvaðst biskup hafa frá upphafi tekið þessar ásakanir mjög alvarlega og hafa í ágúst sama ár, að höfðu samráði við lögmann kirkjunnar og Róbert R. Spanó prófessor, falið hinum síðarnefnda að skipa rannsóknarnefnd þá sem þessa skýrslu ritar.

### 1.2 Hlutverk rannsóknarnefndarinnar

Í 1. gr. starfsreglna rannsóknarnefndarinnar segir að nefndin skuli í fyrsta lagi leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar, eða annarra þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot voru komnar fram og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Það er því ekki hlutverk nefndarinnar að leitast við að staðreyna hvort og í hvaða mæli börn eða aðrir hafi orðið fyrir ofbeldi eða sætt illri meðferð af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna kirkjunnar né að rannsaka og meta sannleiksgildi frásagna um ofbeldi. Í öðru lagi ber nefndinni að koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kaþólsku kirkjunnar í þeim

tilvikum þegar upp koma ásakanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna hennar.

Það hlutverk rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar sem hér er fyrir talið, að leggja mat á tilteknar athafnir eða athafnaleysi, er hliðstætt viðfangsefni rannsóknarnefndar kirkjupings þjóðkirkjunnar og verður túlkað með sama hætti, eða eins og segir í skýrslu hennar:

Hlutlæгри afmörkun á því hvaða gjörðir (afhöfn eða athafnaleysi) það eru sem fallið geta undir 1. gr. starfsreglnanna er þar annars vegar lýst með rúmum og matskenndum hugtökum, þ.e. mistökum og vanrækslu. Hins vegar er nefndinni ætlað að leggja mat á það hvort um vísvitandi þöggun eða tilraun til hennar hafi verið að ræða. Mistök geta í viðteknum skilningi falist í handvömm, klaufaskap eða vangá eða að eitthvað það sé aðhafst sem annars getur talist óheppilegt eða rangt. Vanræksla getur á hinn bóginn falið í sér hirðuleysi gagnvart skyldum sem á einstaklingi hvíla og að þeim sé þannig illa sinnt eða í engu hirt um að rækja þær. Má almennt um þetta segja í því samhengi sem hér á við ... að með þessu sé vísað til þess að háttsemi eða framganga (athöfn eða athafnaleysi) hafi farið gegn einhvers konar almennum siða- eða siðferðislögmálum sem einstaklingi, vígðum þjóni kirkjunnar eða öðrum trúnaðarmanni hennar, hafi borið að fylgja og hafa að leiðarljósi í embættisfærslu sinni. Sú afmörkun á hlutlæгри viðmiðun þeirra athafna samkvæmt 1. gr. starfsreglnanna sem lýtur að þöggun eða tilraun til þöggunar skýrir sig að mestu sjálf. Skal það eitt tekið fram í því sambandi að í slíkri athöfn myndi felast viðleitni til að bæla niður eða lægja orðróm og þá eftir atvikum að fá einhvern með beinum hætti til að þegja um eitthvað eða leitast við á annan veg að koma því til leiðar. Verkefni nefndarinnar er því samkvæmt framansögðu ekki aðeins bundið við að staðreyna brot á lögum eða öðrum réttarreglum heldur er henni ætlað að leggja á viðtækum grundvelli mat á það hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við ásökunum ... sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttsýni að leiðarljósi sem krefjast má ...<sup>2</sup>

Samkvæmt starfsreglunum skyldi rannsóknin taka til allra starfshátta og viðbragða við ásökunum á hendur öllum vígðum þjónum og starfsmönnum kaþólsku kirkjunnar, fyrrverandi og núverandi og að því er varðar starfsmenn Landakotsskóla allt fram til ársins 2005, en þá tók sjálfseignarstofnun við rekstri skólans úr höndum kaþólsku kirkjunnar.

---

<sup>2</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasygni biskupi um kynferðisbrot, bls. 22-23.

Lagt var fyrir rannsóknarnefndina í starfsreglunum að veita þeim einstaklingum sem telja sig hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eða öðru ofbeldi kost á að skýra frá reynslu sinni. Verður í skýrslunni fjallað um frásagnir af ofbeldi sem fram komu í viðtölum jafnvel þótt vígðir þjónar eða aðrir starfsmenn hafi ekki verið ásakaðir í kjölfarið með þeim hætti að unnt sé að leggja mat á viðbrögð kirkjunnar.

Rannsókn nefndarinnar miðast við það tímabil sem gögn og þær frásagnir og ásakanir um ofbeldi sem nefndinni hafa borist markast af. Elsta frásögn um ofbeldi er frá árinu 1956 og sú síðasta er um atburði frá árinu 2003. Ályktanir nefndarinnar miðast við ásakanir og viðbrögð við þeim allt til ársins 2010. Með hliðsjón af stöðu og hlutverki rannsóknarnefndarinnar verður almennt ekki getið um nöfn viðmælenda nefndarinnar eða meintra gerenda. Rannsóknarnefndin hefur valið að nota bókstafi til að afmarka einstaka þolendur og gerendur þegar það á við. Óhjákvæmilegt er þó að nafngreina meinta gerendur þegar frásagnir eru um brot einstaklinga sem gegndu tilteknum afmörkuðum störfum í þágu kirkjunnar. Þá verða nafngreindir þeir sem sagt var að tekið hefðu við ásökunum, svo og einstaka viðmælendur sem gáfu nefndinni almennar upplýsingar í tengslum við ályktanir um viðbrögð kirkjunnar. Þar sem nefndin leggur ekki mat á það hvort brot hafi verið framin áskilur nefndin sér rétt til þess að nota orðalagið „meintir“ um þolendur og gerendur eftir þörfum, án þess að dregnar verði af því neinar ályktanir um sök viðkomandi eða sannleiksgildi frásagnar þolanda.

### **1.3 Starfshættir rannsóknarnefndarinnar**

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því með hvaða hætti rannsóknarnefndin aflaði gagna en í 3. kafla verður fjallað um þau gögn sem nefndinni bárust og liggja til grundvallar niðurstöðum hennar.

#### *1.3.1 Fundir nefndarinnar*

Nefndin fékk afnot af fundaraðstöðu hjá lagadeild Háskóla Íslands. Nefndin hélt alls 42 fundi á tímabilinu frá 5. september 2011 til 30. október 2012 og voru ritaðar fundargerðir. Nefndin lagði sjálf til tækjabúnað sem þurfti til að taka upp viðtöl.



### 1.3.2 Öflun skriflegra gagna og annarra skjalfestra heimilda

Í starfsreglum nefndarinnar segir í 2. gr. um verkferla, að rannsóknarnefndin skuli „eiga óheftan aðgang að öllum þeim heimildum, gögnum og skjölum, sem finnanleg kunna að vera í fórum kaþólsku kirkjunnar og stofnana hennar og varpað geta ljósi á rannsóknarefnið.“ Var starfsmönnum kirkjunnar gert skylt að greiða fyrir störfum nefndarinnar og liðsinna henni við gagnaöflun.

Rannsóknarnefndin hóf störf með því að leita skjallegra heimilda. Biskupi var ritað bréf 13. september 2011 þar sem óskað var eftir því að kaþólska kirkjan á Íslandi afhenti rannsóknarnefndinni, í samræmi við 2. gr. starfsreglnanna, „öll gögn og skjöl sem finnast í fórum hennar og stofnana hennar og að gagni geta komið við rannsóknina. Ennfremur er kirkjunni gefinn kostur á að skila rannsóknarnefndinni skriflegri greinargerð um þá atburði sem eru viðfang rannsókna þessarar og viðbrögð kirkjunnar við þeim.“ Þá var í sama bréfi beðið um upplýsingar um alla starfsmenn kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, lærða og leika, núverandi og fyrrverandi, sem búsettir væru á Íslandi, ásamt upplýsingum um hvernig hægt væri að ná til viðkomandi, og upplýsingar um fyrrverandi þjóna og starfsmenn kirkjunnar sem væru liðnir eða búsettir erlendis.

Með bréfi 2. nóvember 2011 óskaði rannsóknarnefndin eftir stuttri greinargerð „um skipulag og starf kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, einkum um starfshætti, verkaskiptingu og ábyrgð.“ Í sama bréfi var ítrekuð beiðni um almennar upplýsingar um þjóna og starfsfólk kirkjunnar, núverandi og fyrrverandi, og hvar þetta fólk væri að finna. Spurt var sérstaklega um gögn varðandi Landakotsskóla og starfshætti þar, svo sem bréf, minnisbækur og upplýsingar um viðtöl við aðstandendur barna eða ásakanir sem kynnu að hafa komið fram um ofbeldi. Þá var beðið um upplýsingar um sumardvalaheimilið Riftún, sem og aðrar stofnanir kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Nefndin bað um eintak af drögum sem biskupsdæmin á Norðurlöndum höfðu unnið að um samræmdar vinnureglur og viðbragðsáætlun í því tilviki að ásakanir kæmu upp um kynferðisbrot. Einnig var óskað eftir upplýsingum um hvort verið væri að vinna að slíkum reglum innan kirkjunnar á Íslandi. Þá var ítrekuð beiðni um skriflega greinargerð frá kirkjunni þar sem lýst væri allri vitneskju kirkjunnar um ásakanir vegna kynferðislegs ofbeldis eða annarra ofbeldisbrota á hendur vígðum þjónum hennar eða starfsfólki, „[h]venær og hversu oft slíkar ásakanir hafa verið kynntar kirkjunni, og hver viðbrögðin hafa verið í hverju tilviki“, loks var spurt hvort fundargerðir hefðu verið skráðar.

Einnig var leitað skjala og upplýsinga hjá Landakotsskóla ses og fyrrverandi starfsmönnum og stjórnarmönnum skólans, hjá Borgarskjalasafni, Þjóðskjalasafni

og menntamálaráðuneyti og hjá svæðisstjórn Montfortreglunnar í Hollandi. Rannsóknarnefndin kynnti sér fjölmiðlaumfjöllun frá sumri 2011 með aðstoð Fréttavaktarinnar. Þá óskaði nefndin eftir því að fá afrit af tilteknum skýrslum frá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og frá ríkissaksóknara. Leitað var upplýsinga hjá viðmælendum nefndarinnar um skjallag gögn. Loks hefur rannsóknarnefndin lagt skriflegar spurningar fyrir biskup Jóhannes Gijzen, séra Alfons Mertens og fjórar nunnur sem öll búa erlendis, og eftir atvikum leitað viðbragða hjá viðmælendum við upplýsingum sem komu fram eftir viðtal við þá.

### *1.3.3 Fundir með aðilum innan kaþólsku kirkjunnar o.fl.*

Hinn 28. september 2010 átti rannsóknarnefndin fund með biskupi Pétri Bürcher þar sem einnig voru viðstaddir séra Patrick Breen, staðgengill biskups, og séra Jakob Rolland, kanslari kirkjunnar. Biskup fór þar yfir þá vitneskju sem hann hafði og varðaði verkefni nefndarinnar og hvernig hann hefði tekið á þeim málum. Var séra Jakobi falið að vera tengiliður kirkjunnar og rannsóknarnefndarinnar.

Hinn 8. nóvember 2011 talaði nefndin við skjalavörð kirkjunnar Gunnar F. Guðmundsson til þess að reyna að átta sig betur á skjalaskráningu og skjalasafni kirkjunnar en nefndinni hafði verið afhent skrá yfir skjöl sem þar eru geymd.

Að ósk biskups Péturs átti rannsóknarnefndin fund með honum 30. janúar 2012, einnig voru viðstaddir séra Jakob og Hjálmar Blöndal héraðsdómslögmaður, sem tekið hafði við af Friðjóni Erni Friðjónssyni hæstaréttarlögmanni, sem lögmaður kirkjunnar. Var farið yfir framgang vinnunnar og viðbrögð kirkjunnar við tilmælum nefndarinnar meðal annars um greinargerð frá kirkjunni. Formaður átti fundi með séra Jakobi 22. ágúst 2012 og 30. september 2012 þar sem farið var yfir ýmsar staðreyndir um skipan kaþólsku kirkjunnar og kirkjurétt.

### *1.3.4 Viðtöl við vígða þjóna og aðra starfsmenn kirkjunnar*

Í 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna kemur fram að rannsóknarnefndin skuli ræða við þá starfsmenn kirkjunnar, núverandi og fyrrverandi, sem ætla megi að búi yfir upplýsingum um rannsóknarefnið og sé þeim skylt að hlýða kalli nefndarinnar.

Rannsóknarnefndin leitaðist við að taka viðtöl við alla starfandi presta kaþólsku kirkjunnar á Íslandi í dag ásamt því að ræða við aðra starfsmenn kirkjunnar og við ýmsa sem talið var að þekktu til starfsemi kirkjunnar og skólans fyrr og nú. Þá var rætt við núverandi og fyrrverandi kennara og starfsmenn Landakotsskóla og sumardvalaheimilisins að Riftúni, sem störfuðu þar á því tímabili sem rannsóknin tók til, og sem nefndinni tókst að ná til.

### 1.3.5 Viðtöl við meinta þolendur og aðstandendur

Í 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna er tekið fram að rannsóknarnefndin skuli „veita þeim einstaklingum sem telja sig hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eða öðru ofbeldi af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna Landakotsskóla til ársins 2005 kost á viðtali og einnig að skila nefndinni skriflegri greinargerð sé þess óskað.“

Þegar rannsóknarnefndin hafði lokið frumathugun sinni á því hvaða skjallæg gögn væru tiltæk, sendi hún frá sér fréttatilkynningu 2. nóvember 2011 þar sem gerð var grein fyrir hlutverki rannsóknarnefndarinnar og jafnframt var þeim sem ættu við hana erindi leiðbeint um hvernig ná mætti sambandi við nefndina. Að beiðni rannsóknarnefndarinnar setti kaþólska kirkjan á Íslandi einnig upplýsingar þar um á heimasíðu sína. Hefur rannsóknarnefndin boðið öllum þeim sem haft hafa samband við hana til fundar og einnig hitt ýmsa aðila sem þessi viðtöl leiddu í ljós að tilefni væri til þess að ræða við, þar á meðal nokkra fyrrverandi nemendur Landakotsskóla og foreldra barna sem þar höfðu verið.

Flest viðtölin sem tekin voru á fundum nefndarinnar voru hljóðrituð að fengnu samþykki viðmælenda, sbr. heimild í 3. mgr. 2. gr. starfsreglna nefndarinnar. Í samþykkisyfirlýsingu var tekið fram að upptaka yrði einungis notuð í tengslum við vinnu nefndarinnar og að henni yrði eytt þegar að nefndin hefði lokið störfum og skilað skýrslu sinni. Ekki voru gerð endurrít af viðtölum. Nokkur viðtöl voru tekin í síma og ritaðir minnispunktar að loknu viðtali.

### 1.3.6 Andmælaferli

Í starfsreglum rannsóknarnefndarinnar er ekki vikið að skyldu nefndarinnar til þess að gera einstaka starfsmönnum kirkjunnar eða öðrum grein fyrir afstöðu sinni og gefa þeim kost á að gera athugasemdir. Þann 28. september 2012 sendi rannsóknarnefndin engu að síður biskupi Pétri Bürcher drög að kafla 6 um ásakanir um ofbeldisbrot og kafla 7 um ályktanir rannsóknarnefndar um mistök, vanrækslu eða þöggun, ásamt drögum að efnisyfirliti skýrslunnar. Markmið nefndarinnar var að gefa biskupi og öðrum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum kirkjunnar, sem ályktanir beinast að, kost á að koma á framfæri athugasemdum.

Andmælum var skilað 17. október 2012. Er þar að fyrst og fremst að finna annars vegar útlistun á kirkjurétti og skyldum kirkjunnar og hins vegar athugasemdir við einstök atriði í umræddum köflum. Rannsóknarnefndin fór yfir andmælin og tók eftir atvikum tillit til þeirra atriða sem þar koma fram. Í

einhverjum mæli greinir kirkjuna og rannsóknarnefndina á um skyldur kirkjunnar og ályktanir nefndarinnar. Hefur rannsóknarnefndin leitast við að færa fullnægjandi rök fyrir niðurstöðum sínum og þeim grundvelli sem þær byggjast á í viðeigandi köflum í skýrslunni.

#### 1.4 Samantekt um helstu niðurstöður rannsóknarnefndar

Í kafla 7 er að finna ályktanir rannsóknarnefndarinnar. Í samræmi við meginhlutverk nefndarinnar lúta ályktanir hennar aðeins að *viðbrögðum* við ásökunum sem fram komu um ofbeldi og ætla verður að kirkjan, það er biskupar, vígðir þjónar og aðrir starfsmenn, hafi fengið vitneskju um og mátt bregðast við. Þessu til viðbótar gerir rannsóknarnefndin athugasemdir við einstök atriði sem þóttu ekki gefa tilefni til beinna ályktana. Verður nú gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar.

Í kafla 7.2 er fjallað um ýmis almenn atriði sem rannsóknarnefndin telur hafa verið til þess fallin að draga hugsanlega úr þeim sem vildu koma á framfæri ásökunum eða fylgja ásökunum sínum eftir óháð því hvort um hafi verið að ræða mistök, vanrækslu eða þöggun. Rannsóknarnefndin gerir athugasemdir við skort á marvissri skráningu og varðveislu gagna, að því er varðar alvarlegar ásakanir sem fram hafa komið og viðbrögð við þeim, sérstaklega um mál nemenda í Landakotsskóla. Rannsóknarnefndin telur almennt að biskupar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi verði hver á sínum tíma að bera ábyrgð á að þessa hafi ekki verið gætt. Bent er á að allar brotalamir í þessum efnum séu til þess fallnar að ýta undir þá upplifun í samfélaginu að kirkjan hafi tilhneigingu til að þagga mál niður. Þá telur rannsóknarnefndin að kaþólska kirkjan á Íslandi hafi um og eftir síðustu aldamót haft fullt tilefni til að setja sér skýrar reglur um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við ásökunum um ofbeldi.

Í kafla 7.3 er að finna ályktanir vegna viðbragða kirkjunnar í einstökum tilvikum. Leitast er við að leggja mat á hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við einstaka ásökunum um ofbeldi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttsýni að leiðarljósi sem krefjast mátti af þeim. Rannsóknarnefndin ályktar eingöngu um þau tilvik sem hún telur unnt að afmarka með einhverju móti, það er þegar leitt er líkum að því að ásökun um ofbeldi hafi verið borin fram á ákveðnum tíma við einhvern tiltekinn innan kirkjunnar sem var í aðstöðu til að taka við slíku erindi. Almennt er því ekki ályktað um tilvik þar sem óljóst er við hvern var talað eða með hvaða hætti ásökun var orðuð eða komið á framfæri, heldur látið við það sitja að endursegja frásagnir

viðmælenda nefndarinnar um hvað hafi átt sér stað, og eftir atvikum andmæli við þeim frásögnum. Í ályktunum sínum gengur rannsóknarnefndin út frá því að samkvæmt viðurkenndu verklagi kirkjunnar hafi prestum og einstaka starfsmönnum borið að tilkynna biskupi um öll tilvik þar sem grunur hafi leikið á því að ofbeldi hafi átt sér stað. Það hafi þá verið á ábyrgð biskups að tryggja að mál yrði skráð og að það fengi réttláta og sanngjarna meðferð. Með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt um skort á skráningu leggur rannsóknarnefndin í tilteknum, afmörkuðum tilvikum til grundvallar fullyrðingar einstaklinga um að ásakanir hafi komið fram um ofbeldi af hálfu starfsmanns kirkjunnar, þó að ekki sé hægt að staðreyna það með vætti eða skjölum. Ábyrgð á því að hafa vanrækt skráningu mála og varðveislu upplýsinga er þannig í vissum tilvikum lögð á kirkjuna.

Rannsóknarnefndin fjallar annars vegar um viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um kynferðislegt ofbeldi og hins vegar um andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Að því er varðar kynferðisofbeldi þá taka ályktanir rannsóknarnefndarinnar um mistök og vanrækslu til viðbragða við ásökunum sem komið var á framfæri á árabílinu 1988-2010. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að í einu tilviki hafi nunna og í öðru tilviki prestur vanrækt að tilkynna biskupi um ásakanir sem staðfest er að fyrir þeim var lýst. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi frá 1988-1994 hafi í þremur tilvikum vanrækt þá skyldu sína að skrá ásökun og upplýsingar um ofbeldi, svo og þá skyldu sína að tryggja að fram færi sjálfstæð rannsókn á ásökunum og að gripið yrði til réttra viðbragða meðan rannsókn færi fram og í kjölfar þess að niðurstöður lægu fyrir. Rannsóknarnefndin telur að biskupinn frá 1996-2007 hafi í einu tilviki gert mistök með því að eyðileggja bréf sem forveri hans hafi falið kanslara að varðveita í biskupsembættinu. Þá hafi hann í þremur tilvikum vanrækt skyldu sína til að skrá ásökun og upplýsingar um ofbeldi. Í einu þessara tilvika hafi hann að auki vanrækt þá skyldu sína að tryggja að fram færi sjálfstæð rannsókn á ásökunum og að gripið yrði til réttra viðbragða og í öðru tilviki þá skyldu að meta hvort þörf væri á sérstakri rannsókn og að taka ákvörðun um önnur viðbrögð. Einnig er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að núverandi biskup hafi í einu tilviki látið hjá líða að hafa frumkvæði að því að fram færi rannsókn í kjölfar þess að honum bárust upplýsingar um að aðili hafði sem barn sætt kynferðisofbeldi af hálfu látins prests.

Rannsóknarnefndin telur ekki að ályktað verði að þöggun hafi átt sér stað að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, en bendir á að ákveðnar vísbendingar séu um að gætt hafi tilhneigingar til að forðast að taka á málum af þessu tagi með faglegum og samræmdum hætti.

Að því er varðar andlegt og líkamlegt ofbeldi er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að sá prestur sem var skólastjóri Landakotsskóla á árunum 1961-1998 hafi með alvarlegum hætti vanrækt þá skyldu sína að bregðast með faglegum og samræmdum hætti við ásökunum um ofbeldi af hálfu eins kennara við skólann. Hafi honum borið að tryggja að fram færi einhvers konar rannsókn og borið að grípa til viðeigandi ráðstafana samhliða og í kjölfarið. Rannsóknarnefndin telur einnig að viðkomandi prestur hafi frá því að hann tók við sem skólastjóri og þar til hann lést árið 2008 vísitandi reynt að bæla niður ásakanir um andlegt ofbeldi af hálfu kennarans og að háttsemi prestsins fullnægi þeim skilyrðum að vera talin þöggun.

Rannsóknarnefndin verður að telja að sá prestur sem var skólastjóri á árunum 1998-2005 hafi einnig vanrækt skyldur sínar í kjölfar ásakana um ofbeldi af hálfu sama kennara. Þá leggur rannsóknarnefndin til grundvallar að þeir þrír biskupar sem hér voru frá 1968-2007 hafi öllum borist ásakanir um andlegt ofbeldi af hálfu þessa kennara og að þeir hafi vanrækt þá skyldu að bregðast við með faglegum og samræmdum hætti. Er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að framangreindum hafi mátt vera ljóst að með viðbrögðum sínum hafi þeir bælt niður ásakanir og þannig haft áhrif á að ekki yrði farið lengra með tiltekin mál. Er þetta talið fullnægja þeim skilyrðum að vera talin þöggun í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í skýrslunni.

## 2. STOFNANIR OG LÖGGJÖF

### 2.1 Kaþólska kirkjan á Íslandi

#### 2.1.1 Kirkjan

Kaþólska kirkjan á Íslandi á sér sinn sess í sögu íslensku þjóðarinnar. Þegar kristni var tekinn upp á Íslandi var um kaþólskan sið að ræða. Fyrstu kaþólsku trúboðarnir eftir siðaskipti komu til Íslands árið 1857 og settust þremur árum síðar að í Landakoti. Þeir komu frá svonefndu Norðurheimskautstrúboði sem stofnað var 1855. Frá árinu 1896 hefur kaþólskt trúboð starfað hér óslitið. Fyrstu prestarnir og nunnurnar komu frá Danmörku, en árið 1903 tók prestaregla heilags Montfort við trúboði á Íslandi og sá um það með aðstoð St. Jósefssystra og St. Franciskussystra til ársins 1968. Reglan sendi hingað presta, aðallega frá Hollandi og meðal þeirra var séra Marteinn Meulenberg (1872-1941). Trúboðið var þó í fyrstu áfram undir stjórn Kaupmannahafnarbiskupsins Johannes Von Euch eða til 1923, en þá var Ísland gert að sérstöku trúboðsumdæmi og varð séra Meulenberg yfirmaður þess.

Árið 1929 var Kristskirkja í Landakoti vígð og um sama leyti var trúboðsumdæmið á Íslandi gert að víkaríati. Það fól í sér að trúboðið færðist á efra stig stjórnsýslu kirkjunnar og að séra Meulenberg var veitt fullt biskupsvald, þar með varð hann fyrsti biskup kaþólskra á Íslandi eftir siðaskipti og gegndi hann því embætti til dauðadags 1941.<sup>3</sup> Arftaki Meulenberg biskups var íslenskur Montfortprestur, Jóhannes Gunnarsson (1897-1972). Hann var biskup frá 1942 til 1966 en sagði þá af sér embætti og flutti af landi brott. Árið 1968 var kaþólska kirkjan á Íslandi og umdæmi hennar skilgreint sem sérstakt og sjálfstætt biskupsdæmi með eigin dómkirkju í Reykjavík. Fyrsti Reykjavíkurbiskupinn var Hinrik Frehen (1917-1986). Hann var Montfortprestur eins og fyrirrennarar hans og gegndi biskups-embættinu frá 1968 þar til hann lést 1986. Eftir það dró smá saman úr áhrifum Montfortreglunnar, en síðasti prestur hennar á Íslandi var séra Ágúst George. Eftir lát Frehen biskups var bandarískur Jesúítaprestur, Alfreð Jolson (1928-1994), skipaður biskup. Hann sat í embætti frá 1988 til dauðadags. Eftir lát hans var hollenskur biskup, Jóhannes Gijzen (f. 1932), gerður að postullegum stjórnanda Reykjavíkurbiskupsdæmis og síðan biskup þess 1996. Hann lét af störfum árið 2007. Biskup Pétur Búrcher (f. 1945) var skipaður Reykjavíkurbiskup haustið 2007.

Kaþólska kirkjan á Íslandi er eitt biskupsdæmi sem skipt er niður í fimm sóknir: Krists konungs sókn, St. Jósefssókn, Maríusókn, St. Péturssókn og St. Þorlákssókn. Næstir biskupi standa staðgengill biskups og kanslari kirkjunnar. Eftir að áhrif Montfortreglunnar dvínuðu hefur starfað og starfar hér kaþólskt fólk frá ýmsum öðrum trúboðsreglum og einnig prestar sem ekki tilheyra neinni tiltekinni reglu, svonefndir „heimsprestar“. Í dag þjóna auk biskups 15 prestar hjá kaþólsku kirkjunni á Íslandi, þar af eru sex heimsprestar. Nunnur eru 31 í fimm klausturreglum. Biskup og þjónandi prestar sáu framan af sjálfir um alla starfsemi biskupsdæmisins, og mun biskup Gijzen fyrstur hafa ráðið starfsfólk á biskupsstofu. Starfmenn hennar eru sex í dag, skjalavörður, bókavörður, bókarí, húsvörður og tveir menn sem vinna við viðhald lóðar og húseigna.

Hin rómversk-kaþólska alþjóðakirkja sér sig sem arftaka fyrsta kristna safnaðarins sem postularnir stofnuðu. Biskupar eru eftirmenn þeirra og biskupinn í Róm, páfinn, þeirra æðstur þar sem hann er eftirmaður Símonar Péturs. Vald hans leiðir af því að Jesú útnefndi Pétur staðgengil sinn og fól honum að stofna

---

<sup>3</sup> Séra Jakob Rolland: *Nokkrar upplýsingar um Kaþólsku kirkjuna teknar saman af séra Jakobi Rolland, kanslara*. Reykjavík 2011.

kirkjuna.<sup>4</sup> Páfi skipar aðra biskupa. Hann hefur víða fulltrúa, meðal annars sendiherra (nuntius apostolicus) á Norðurlöndum. Biskupar eru sjálfstæðir í biskupsdæmi sínu og fara þar með löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald auk trúarlegrar leiðsagnar.<sup>5</sup> Samkvæmt kirkjuréttinum skipar biskup staðgengil sinn<sup>6</sup> og í hverju biskupsdæmi skal einnig skipaður kanslari,<sup>7</sup> og þar skal vera fjárhagsráð,<sup>8</sup> safnaðarráð<sup>9</sup> og prestaráð.<sup>10</sup>

Í greinargerð séra Jakobs, kanslara kirkjunnar á Íslandi, segir almennt um stöðu biskups og starfshætti:

Þar sem biskupinn fer sjálfur persónulega með stjórn trúboðsins, ákveður hann sjálfur í samræmi við kirkjulög starfshætti sína. Áður en hann tekur ákvörðun verður hann að afla sér nauðsynlegra upplýsinga. En hans er að ákveða með hvaða hætti hann aflar sér þessara upplýsinga. Honum er frjálst að halda fundi eða ekki, skrifa niður fundargerð eða ekki, geyma minnisblöð eða ekki. Í mikilvægum málum verður hann að hlusta á prestaráð eða fjárhagsráð eftir því sem við á og sem kirkjulög kveða á um. Til þess að öðlast fullt gildi verða skipanir að vera skjalfestar. Það er einnig hlutverk biskupsins að sjá til þess að öll starfsemi kirkjunnar fari fram eftir landslögum og að tryggja eðlileg samskipti við stjórnvöld.<sup>11</sup>

Kaþólska kirkjan á Íslandi rak áður grunnskóla í Reykjavík og í Hafnarfirði, og að auki leikskóla í Hafnarfirði og í Stykkishólmi, og sjúkrahús í Reykjavík, Hafnarfirði og í Stykkishólmi. Elstar þessara stofnana voru Landkotsskóli (1896-2005) og St. Jósefsspítali í Landakoti (1902-1977). Snemma var farið að ráða almennt starfsfólk til þessara stofnana.

Kaþólska kirkjan stendur fyrir ýmsu barna- og unglíngastarfi. Að jafnaði fá börn trúfræðslu frá fimm eða sex ára aldri til fermingar. Barna- og unglíngasamkomur tíðkast í sóknunum, venjulega undir umsjón systra, en oft með aðstoð sjálfboðaliða. Öflugasta barnastarfið mun vera að finna í Maríukirkju í Breiðholti, á

---

<sup>4</sup> Jürgen Jamin: „Hvert er hlutverk páfans?“. *Vísindavefurinn* 25.5.2005.

<http://visindavefur.is/?id=5017> (skoðað 5.8.2012); can. 330; Séra Jakob Rolland: *Nokkrar upplýsingar um Kaþólsku kirkjuna*, bls. 1.

<sup>5</sup> Can. 391§1 og can. 387§2.

<sup>6</sup> Can. 475.

<sup>7</sup> Can. 482.

<sup>8</sup> Can. 492.

<sup>9</sup> Can. 495.

<sup>10</sup> Can. 511.

<sup>11</sup> Séra Jakob Rolland: *Nokkrar upplýsingar um Kaþólsku kirkjuna*, bls 3.



Jófríðarstöðum í Hafnarfirði og í Stykkishólmi. Ýmsar leikmannahreyfingar ná einnig til ungs fólks, eins og Focolare og Youth for Christ. Sóknarprestar eru ábyrgir fyrir allri starfsemi sem fer fram í sókn þeirra.

### 2.1.2 Landakotsskóli

Árið 1896 komu hingað fjórar St. Jósefssystur frá Danmörku sem höfðu aðsetur í Landakoti. Hófu tvær þeirra fljótlega að kenna fáeinum kaþólskum börnum og er það upphaf Landakotsskóla. Hann telst formlega stofnaður sem einkaskóli árið 1897 og er næst elsti barnaskóli landsins. Strax á fyrstu starfsárum skólans sendu foreldrar sem ekki voru kaþólskir börn sín í Landakotsskóla. Þegar Kaupmannahafnarbiskup samdi við Montfortregluna árið 1910 um að sjá um trúboðið á Íslandi samdi hann jafnframt um að reglan tæki að sér stjórn og rekstur skólans. Eftir 1968 var skólinn talinn með stofnunum biskupsdæmisins. Virðist það þó hafa verið skilningur kirkjunnar að rekstur Landakotsskóla væri að mestu á ábyrgð Montfortreglunnar að minnsta kosti þar til síðasti Montfortpresturinn á Íslandi, séra George, lét af stjórn hans árið 1998.<sup>12</sup>

Landakotsskóli var starfræktur sem kaþólskur skóli til ársins 2005, en þá var hann gerður að sjálfseignarstofnun. Skólabyggingarnar eru þó áfram í eigu kaþólsku kirkjunnar og leigðar skólanum samkvæmt samningi frá 9. maí 2005. Þann tíma sem Landakotsskóli var rekinn af kirkjunni var hann opinn öllum börnum og voru kaþólsk börn lengst af í minnihluta. Talsverð umræða virðist hafa verið í samfélaginu um skólann fram á miðja 20. öld. Margir héldu því fram að kaþólskt trúboð væri stundað í skólanum, dönsk áhrif væru þar of ríkjandi, eða að þar ætti sér stað innræting fáfræði frekar en menntunar, aðrir mæltu þessu í móti og gáfu skólanum bestu einkunn.<sup>13</sup>

Á árunum 1896 til 1961 stýrðu eftirtaldir aðilar Landakotsskóla: systir Clementía (eldri) 1896/1897 til 1910, er hún talin hafa haft mikil áhrif á mótun skólans,<sup>14</sup> séra Marteinn Meulenberg 1910 til um 1929, séra Gérard Boots frá um 1929 til 1938 og líklega 1943 til 1946, séra Frans Ubaghs 1938 til 1943 og 1946 til 1956 og séra Jósef Hacking frá 1956 til 1961. Árið 1961 tók séra Ágúst George við

---

<sup>12</sup> Gunnar F. Guðmundsson: *Stutt ágríp af sögu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi*. Greinargerð tekin saman fyrir rannsóknarnefndina. Reykjavík 2011, bls 1.

<sup>13</sup> Ólafur H. Torfason: *St. Jósefssystur á Íslandi*. Reykjavík 1997, bls. 386, 401-423.

<sup>14</sup> Ólafur H. Torfason: *St. Jósefssystur á Íslandi*, bls. 431.

stjórn skólans, hann lét af störfum 1998, en frá þeim tíma og þar til skólinn var gerður að sjálfseignarstofnun árið 2005 var séra Hjalti Þorkelsson skólastjóri.<sup>15</sup>

### 2.1.3 Sumarbúðir á vegum kaþólsku kirkjunnar í Stykkishólmi og Riftúni

Talsvert rými var í húsnæði St. Franciskusspítala í Stykkishólmi og fóru kaþólsk börn til sumardvalar hjá systrunum þar.

Árið 1963 keypti kaþólska kirkjan jörðina Riftún í Ölfusi að frumkvæði systur Clementíu (yngri) og séra George. Systir Clementía yngri var íslensk og hét fullu nafni Svanlaug Guðmundsdóttir (1918-1972), hún var ein af kennurum Landakots-skóla og lagði fé til Riftúns með arfi sínum.<sup>16</sup> Að Riftúni voru reknar sumarbúðir á vegum Landakotsskóla frá ágúst 1964 til ársins 1997, voru þær opnar öllum börnum. Starfsemin í Riftúni var í umsjón skólastjóra Landakotsskóla, séra George, og systur Clementíu þar til hún féll frá 1972. Eftir það var Margrét Müller, sem hafði kennt við skólann frá 1962 og starfað við sumarbúðirnar, hægri hönd skólastjórans við rekstur þeirra. Jörðin Riftún var seld árið 2005 að undanskildum húsum sem nýtt hafa verið af Maríusókn í Breiðholti til messuhalds.

## 2.2 Löggjöf

Kaþólska kirkjan á Íslandi og stofnanir hennar lúta annars vegar landslögum og hins vegar kirkjurétti (Codex Iuris Canonici). Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu löggjöf um stjórnábyrgð og skyldur kaþólsku kirkjunnar og einstakra starfsmanna hennar. Í kafla 4 verður fjallað frekar um löggjöf sem tengist skilgreiningu ofbeldisbrota.

### 2.2.1 Trúfrelsi og trúfélög

Í 63. og 64. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er trúfrelsi tryggt í landinu og í 65. gr. er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til þess hvaða trú þeir aðhyllast. Eitt megininntak trúfrelsis felst í því að hverjum og einum sé heimilt, hvort heldur er einum sér eða í

---

<sup>15</sup> Gunnar F. Guðmundsson: *Stutt ágríp af sögu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi*, bls 2; Ólafur H. Torfason: *St. Jósefssystur á Íslandi*, bls 435 nefnir Ólafur ekki systur Clementínu en þess í stað séra Max Osterhammel (til 1900) og séra Pétur K. Schreiber (1900 til 1903).

<sup>16</sup> Ólafur H. Torfason: *St. Jósefssystur á Íslandi*, bls. 631.

samfélagi með öðrum, að iðka þau trúarbrögð, er sannfæring hans býður, eða láta öll trúarbrögð afskiptalaus.<sup>17</sup>

Fullt trúfrelsi var lögleitt hér á landi með stjórnarskránni 1874 og fyrstu lög um trúfélög voru lög nr. 4/1886 um utanþjóðkirkjumenn. Áttu þau fyrst og fremst við um kristna menn sem þó voru ekki í þjóðkirkjunni og megintilgangurinn með þeim að tryggja réttarstöðu þeirra, til dæmis að því er varðaði gildi hjónavígslna. Voru þau að mestu óbreytt þar til lög um trúfélög nr. 18/1975 tóku gildi. Megin-tilgangur þeirra laga var að heimila skráningu trúfélaga með þeim réttaráhrifum sem skráningu fylgir, svo sem um lagalegt gildi tiltekinna athafna forstöðumanna slíkra félaga og hlutdeild í sóknargjöldum, og að stuðla að jafnræði trúfélaga sem undir lögin eiga annars vegar og þjóðkirkjunnar hins vegar. Núgildandi lög um skráð trúfélög nr. 108/1999 fólu ekki í sér róttækar efnisbreytingar á eldri lögum en framsetning þeirra er nokkuð önnur. Þjóðkirkjan hefur sérstöðu að því leyti að um hana eru sett sérstök lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Eins og áður sagði lýtur kaþólska kirkjan á Íslandi einnig í starfi sínu löggjöf rómverks-kaþólsku kirkjunnar, kirkjuréttinum. Kirkjurétturinn var fyrst færður í heildstæðan lagabálk árið 1917 og árið 1983 tók gildi endurskoðuð útgáfa.<sup>18</sup> Auk lögbókarinnar gilda margvíslegur reglur um einstök málefni. Kirkjurétturinn er ítarlegur og víðtækur lagabálkur sem hefur m.a. að geyma ákvæði um stjórn- skipan, starfshætti kirkjunnar, háttarni einstakra starfsmanna, refsingar og önnur viðurlög. Ekki er tilefni til þess að rekja uppbyggingu hans og innihald hér en vikið verður að einstaka ákvæðum eftir því sem tilefni gefst.

### 2.2.2 Stjórnsýsla kirkjunnar

Eins og áður var vikið að fær trúfélag ákveðna stöðu að lögum við skráningu. Þegar meta skal viðbrögð trúfélags við ásökunum um ofbeldi er eðlilegt að skoða hvaða reglum trúfélagi ber að fara eftir við meðferð máls. Hér verður hugað að ákvæðum íslenskra laga um skráningu mála og upplýsingar um málavexti, meðferð mála og um varðveislu gagna. Þá verður litið til reglna kirkjuréttarins sem gilda um rannsókn mála, skráningu þeirra og varðveislu gagna. Í kaflanum verður einnig fjallað sérstaklega um lagaákvæði um bakgrunnsathuganir og þær reglur sem gilda um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda og lögreglu.

<sup>17</sup> Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík 2. útg. 1978, bls. 422.

<sup>18</sup> *Advokatundersøgelse af seksuelle krænkelse begået af præster og andre medarbejdere i den katolske kirke i Danmark samt kirkens behandling af henvendelser herom i henhold til biskup Czeslaw Kozons kommissorium af 31. maj 2010*. Nyborg – Rørdam, Kaupmannahöfn 2012.

*a) Stjórnsýslu- og upplýsingalög*

Hér á landi gilda stjórnsýslulög nr. 37/1993 og upplýsingalög nr. 50/1996, sem hafa að geyma helstu meginreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni með það að markmiði að tryggja réttaröryggi manna í samskiptum við hið opinbera. Þess má geta að fyrir setningu laganna byggði íslenskur stjórnsýsluréttur á viðurkenndum óskráðum meginreglum um meðferð mála. Ofangreind lög gilda fyrst og fremst þegar stjórnvöld taka svokallaðar stjórnvaldsákvæðanir, eða ákvæðanir um rétt og skyldu manna. Einkaaðili sem fengið hefur opinbert vald er þó einnig bundinn af ákvæðum laganna að því marki sem einkaaðilar hafa heimildir til að taka stjórnvaldsákvæðanir. Þegar um er að ræða einkaaðila sem að lögum hefur fengið vald til að taka þess háttar ákvæðanir þá gilda ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga einungis um málsmeðferð sem tengist ákvörðuninni en ekki um aðra þætti í starfseminni.

Ljóst er að kaþólska kirkjan sem skráð trúfélag á Íslandi er bundin af ákvæðum stjórnsýslu- og upplýsingalaga við meðferð tiltekinna mála þar sem kirkjunni er falið vald að lögum, svo sem samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga. Sú spurning vaknar hins vegar hvort lög þessi eigi við þegar einstaklingur snýr sér til kirkjunnar og ber fram ásökun um ofbeldi af hálfu vígðs þjóns eða starfsmanns kirkjunnar. Telja verður að ákvæðanir af hálfu kirkjunnar í slíkum tilvikum séu ekki þess eðlis að teljast stjórnvaldsákvæðanir. Í megindráttum má flokka viðbrögð sem annars vegar gagnvart þolanda og hins vegar viðbrögð innan kirkjunnar sjálfar gagnvart starfsmanni sínum. Í fyrri flokkinn myndu falla ákvæðanir um að vísa máli til lögreglu eða að tilkynna mál til barnaverndarnefndar. Slíkar ákvæðanir eru almennt ekki stjórnvaldsákvæðanir í þeim skilningi að þær bindi enda á mál. Óskir um lögreglurannsókn og tilkynningar eru frekar liður í málsmeðferð, það er ákvæðanir sem skapa fyrst og fremst þau skilyrði að síðar verði hægt að leiða tiltekið mál til lykta.<sup>19</sup> Í fyrri flokkinn myndu einnig falla ákvæðanir trúfélags um að veita þolanda tiltekna þjónustu eða til dæmis að greiða honum bætur. Ekki er talið að lög um skráð trúfélög leggi þessum félögum þá skyldu á herðar að taka slíkar ákvæðanir í skjóli opinbers valds og því er ekki um stjórnvaldsákvæðanir að ræða.<sup>20</sup> Í síðari flokkinn myndu falla ákvæðanir um

---

<sup>19</sup> UA 9. nóvember 2009 í máli nr. 5186/2007 og Hafsteinn Dan Kristjánsson: "Er kæra til lögreglu stjórnvaldsákvörðun" *Úlfjótur* 1. tbl. 2011, bls. 44.

<sup>20</sup> Páll Hreinsson: *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*. Reykjavík 2005, bls. 121-122. Sjá einnig til hliðsjónar *dóm Hæstaréttar frá 15. mars 2007 (mál nr. 373/2006)*.

viðbrögð gagnvart starfsmanni trúfélags, svo sem um áminningu eða brottrekstur. Trúfélag sem einkaaðili verður ekki talið bundið af stjórnsýslu- eða upplýsingalögum í samskiptum sínum við vígða þjóna eða starfsmenn að þessu leyti.<sup>21</sup>

Rannsóknarnefndin verður því að telja að kaþólska kirkjan sé almennt ekki formlega bundin af ólögfestum eða lögfestum meginreglum stjórnsýsluréttarins, svo sem um skráningu mála, skráningu gagna, rannsókn, málshraða, svör við erindum og rökstuðning, þegar teknar eru ákvarðanir í kjölfar ásakana á hendur vígðum þjóni eða starfsmanni kirkjunnar um ofbeldi. Með hliðsjón af boðskap og hlutverki kirkjunnar má hins vegar færa sterk rök fyrir því að það væri jákvætt fyrir kirkjuna að tileinka sér samskonar sjónarmið og liggja að baki stjórnsýslureglum. Er það til þess fallið að skapa öryggi, traust og virðingu í samfélaginu og í samskiptum við sóknarbörn.<sup>22</sup>

#### b) Kirkjuréttur

Athyglisvert er að skoða að hvaða leyti ofangreind sjónarmið koma fram í kirkjurétti en þar er að finna ýmis ákvæði um meðferð einstakra mála sem mikilvægt er að víkja lauslega að.<sup>23</sup>

Ljóst er að í kirkjurétti er að finna ýmis almenn ákvæði um skráningu mála og skjalavörslu. Mikilvægt almennt ákvæði er að finna í can. 486, svohljóðandi:

§1. All documents which regard the diocese or parishes must be protected with the greatest care.

§2. In every curia there is to be erected in a safe place a diocesan archive, or record storage area, in which instruments and written documents which pertain to the

---

<sup>21</sup> Páll Hreinsson: *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*, bls. 122. Sjá einnig til hliðsjónar t.d. *dóm Hæstaréttar frá 1. mars 2007 (mál nr. 438/2006)*.

<sup>22</sup> Sjá til hliðsjónar Paul R. Doekci: *The Clergy Sexual Abuse Crisis: Reform and Renewal in the Catholic Community*. Washington 2004, bls. 61-65.

<sup>23</sup> Þess má geta að í andmælum kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er að finna nokkuð aðra útlistun á kirkjurétti en hér er lögð til grundvallar. Rannsóknarnefndin byggir meðal annars á umfjöllun um kirkjurétt og skyldur kaþólsku kirkjunnar sem finna má í *Beredkapsplan for Oslo katolske bispedømme, Vedlegg III* ([http://www.katolsk.no/organisasjon/okb/regler/bp/bp\\_078](http://www.katolsk.no/organisasjon/okb/regler/bp/bp_078)), *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere og Advokatundersøgelse af seksuelle krænkelser begået af præster og andre medarbejdere i den katolske kirke i Danmark samt kirkens behandling af henvendelser herom i henhold til biskup Czeslaw Kozons kommissorium af 31. maj 2010*. Nyborg – Rørdam, Kaupmannahöfn 2012. Einnig er stuðst við þau skýringarrit og heimildir um einstök ákvæði kirkjuréttar sem vísað er til hér á eftir.

spiritual and temporal affairs of the diocese are to be safeguarded after being properly filed and diligently secured.

§3. An inventory, or catalog, of the documents which are contained in the archive is to be kept with a brief synopsis of each written document.

Í þessu ákvæði er undirstrikuð víðtæk skylda til að skrá og varðveita öll gögn um kirkjuleg og veraldleg málefni biskupsdæmis og má geta þess að ákvæðið hefur þótt hafa sérstaka þýðingu í tengslum við skráningu og varðveislu gagna um meint brot innan kaþólsku kirkjunnar.<sup>24</sup> Þá má geta þess að í hverju biskupsdæmi skal vera leyndarskjallasafn þar varðveitt eru ýmis viðkvæm gögn og einungis biskup hefur aðgang að, samanber can. 489§1 og can. 490.

Í kirkjuréttinum er að finna ýmis ákvæði um rannsókn á meintum brotum presta og margvísleg viðbrögð sem unnt er að grípa til, hvort tveggja meðan frumrannsókn stendur yfir og eftir að ákvörðun um hvort hefja skuli málssókn liggur fyrir. Mikilvæg ákvæði um þessi atriði er að finna í IV. hluta VII. bókar kirkjuréttarins, nánar í can. 1717-1731. Samkvæmt can. 1717 ber biskupi að hefja rannsókn ef honum berast upplýsingar um meint brot prests eða annars starfsmanns kirkjunnar. Ákvæðið er svohljóðandi:

§1. Whenever an ordinary has knowledge, which at least seems true, of a delict, he is carefully to inquire personally or through another suitable person about the facts, circumstances, and imputability, unless such an inquiry seems entirely superfluous.

§2. Care must be taken so that the good name of anyone is not endangered from this investigation.

§3. The person who conducts the investigation has the same powers and obligations as an auditor in the process; the same person cannot act as a judge in the matter if a judicial process is initiated later.

Við túlkun ákvæðisins hefur verið gengið út frá því að taka eigi sérhverja ásökun um brot til vandlegrar skoðunar nema í algerum undantekningartilvik-

---

<sup>24</sup> John P. Beal, James A. Coriden og Thomas J. Green (ritsjórar): *New Commentary on the Code of Canon Law*, Mahwah, N.J. 2000, bls. 639-640 og *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*, §64-68, bls. 50. Sjá einnig Mary Lyons: *The archivist: Rights and responsibilities. A canon law perspective* ([http://www.mercyworld.org/\\_uploads/\\_ckpg/files/RIGHTS\\_AND\\_RESPONSIBILITIES\\_OF\\_THE\\_ARCHIVIST.pdf](http://www.mercyworld.org/_uploads/_ckpg/files/RIGHTS_AND_RESPONSIBILITIES_OF_THE_ARCHIVIST.pdf) (skoðað 26.10.2012) og Oscar V. Cruz: *Archives in dialouge*, <http://www.archbishopcruz.com/?p=653> (skoðað 27.10.2012).

um.<sup>25</sup> Biskupi ber að meta hvort og hvaða nánari upplýsinga þurfi að afla til þess að unnt verði í kjölfarið að taka ákvörðun um hver frekari viðbrögð skuli vera, samanber can. 1718, svo sem um það hvort hafið verði sérstakt refsímál innan kirkjunnar eða gripið til annarra og vægari aðgerða.<sup>26</sup>

Í kirkjuréttinum er að finna frekari reglur um rannsókn alvarlegra mála. Af hálfu páfagarðs voru þannig strax árið 1922 settar reglur um málsmeðferð í tilefni af alvarlegum brotum presta, svo sem vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.<sup>27</sup> Voru reglurnar endurnýjaðar árið 1962.<sup>28</sup> Í reglunum er talað um rétt og skyldu til að bregðast við þessum alvarlegu brotum og þar segir meðal annars:

It is enjoined upon these aforementioned persons to the fullest extent possible ... that, after the occurrence of cases of this type, that they, as soon as possible, take care to introduce, discuss and terminate [these cases] with their proper tribunal.

Í can. 1719 er vikið sérstaklega að varðveislu upplýsinga um alvarleg brot presta en þar segir:

---

<sup>25</sup> James A. Coriden, Thomas J. Green og Donald E. Heintschel (ritsjórar): *Code of Canon Law: A text and Commentary*, 1985, bls. 1023-1025; Arthur J. Espelage: „Canon 1717 – Rules for the Investigation of a Crime“. Í *Roman Replies and CLSA Advisory Opinions 2004*, F. Stephen Pedone og James I. Donlon ritstj. Canon Law Society of America 2004, bls. 188; John. A. Alesandro: *Canonical Delicts Involving Sexual Misconduct and Dismissal from the Clerical State*. United States Conference of Catholic Bishops 1995, bls. 8 og 9: „The canons require very little substance to impose the duty of investigation on the bishop ... Every complaint that provides reasonable substance and sufficient facts to be pursued should be investigated. Even an anonymous complaint, if it seems reasonable and admits of some verification for or against, should be carefully followed up“; Thomas P. Doyle og Stephen C. Rubino: „Catholic Clergy Sexual Abuse Meets the Civil Law“. *Forham Urban Law Journal* 31(2) 2003, bls. 557: „There is a broad spectrum of acceptable sources of information on which to base an investigation, including rumor, hearsay, and anonymous sources.“; Charles Scicluna: *A MANUAL FOR CANONICAL PROCESSES FOR THE RESOLUTION OF COMPLAINTS OF CLERICAL SEXUAL ABUSE OF MINORS*: „If the diocesan bishop becomes aware of the allegation, an obligation to examine it may still exist even though the alleged victim did not approach the diocesan bishop.“ <http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/ManualForCanonicalProcesses.pdf> (skoðað 29.10.12).

<sup>26</sup> John. A. Alesandro: *Canonical Delicts Involving Sexual Misconduct and Dismissal from the Clerical State*, bls. 12-21.

<sup>27</sup> *Crimen Sollicitationis* frá 1922, sjá [http://www.bishop-accountability.org/archives/Wall/1922\\_06\\_09\\_Solicitation\\_Instruction\\_English.htm](http://www.bishop-accountability.org/archives/Wall/1922_06_09_Solicitation_Instruction_English.htm), (skoðað 14.9.2012).

<sup>28</sup> *Crimen Sollicitationis – Instruction on the manner of proceeding in cases of solicitation* frá 1962, sjá <http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/CrimenEnglish.pdf>, (skoðað 15.9.2012).

The acts of the investigation, the decrees of the Ordinary by which the investigation was opened and closed, and all those matters which preceded the investigation, are to be kept in the secret curial archive, unless they are necessary for the penal process.<sup>29</sup>

Í skýringum á ákvæðinu segir eftirfarandi:

Although no process may be conducted, the maintenance of such acts in the archives ensures their availability if a new accusation subsequently prompts a penal process or if it is necessary to prove to the civil court that the Church handled an accusation responsibly.<sup>30</sup>

Í almennri umfjöllun um málsmeðferð kaþólsku kirkjunnar á ásökunum vegna alvarlegra brota hefur verið lögð rík áhersla á samskonar atriði, samanber eftirfarandi:

Any and all steps taken by the Church to address accusations of misconduct (including evaluations and treatment report) must be well documented and included in the acts of the case or reserved in the secret archives of the curia if no penal process ensues immediately. Documenting prompt and responsible action when church officials first became aware of accusations of misconduct will be critical to establishing that they exercised a reasonable standard of care ... Preserving every shred of evidence that they responded promptly and responsibly to accusations of clerical misconduct in accord with the norms of the Church's canonical discipline may be the only way by which church officials can demonstrate

---

<sup>29</sup> Í *Crimen Sollicitationis*, 42. gr. segir einnig meðal annars að ef „the indications of the crime are vague and indeterminate or uncertain, he should order that the Acts be put into the archives, to be taken up again if something else happens in the future.“

<sup>30</sup> John P. Beal, James A Coriden, and Thomas J Green (ritsjórar): *New Commentary on the Code of Canon Law*, bls. 1810. Sjá einnig John. A. Alesandro: *Canonical Delicts Involving Sexual Misconduct and Dismissal from the Clerical State*, bls. 8-9: „Any such preliminary information is to be kept in the secret archives unless it is needed for a penal process“ og John P. Beale: „Doing what one Can: Canon Law and Clerical Sexual Miscunduct“. *The Jurist* 52 (1992), bls. 569-660: „If it is determined that the accusation lacks foundation, the accusation itself and documentation of all that was done to look into it as well as the reasons for finding it unfounded should be filed in the secret archives of the curia (c.1719). Those who brought the accusation and the accused cleric should be informed of the disposition of the case“.



to courts and a skeptical public that they have done what they can to exercise a reasonable standard of care.<sup>31</sup>

Í can. 489§2 kemur fram að árlega skuli eyða skjölum er varða saknæm siðferðisbrot ef gerandinn er dáinn eða tíu ár eru liðin frá því refsing var ákveðin.<sup>32</sup> Í þessum tilvikum er þó skylt að varðveita samantekt af málavöxtum og afrit af dómi ef slíkur var kveðinn upp, meðal annars til að síðar verði unnt að sannreyna tilvist og helstu staðreyndir í einstökum málum.<sup>33</sup>

Þess má geta að árið 1988 var stjórnardeild trúarkenninga (Congregation for the Doctrine of Faith) fengið vald til að fjalla um alvarlegustu brot presta.<sup>34</sup> Árið 2001 gaf Páfagarður út nýjar reglur um meðferð mála vegna brota presta, meðal annars vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.<sup>35</sup> Í reglunum er fjallað frekar um hlutverk stjórnardeildar trúarkenninga, hvað teljast alvarleg brot og hvaða málsmeðferð skuli viðhöfð. Þar segir meðal annars:

The safeguarding of the sanctity of the sacraments ... demand that the Church itself, in her pastoral solicitude, intervene to avert dangers of violation, so as to provide for the salvation of souls „which must always be the supreme law in the Church“ (Codes Iuris Canonici, can. 1752).

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið telur rannsóknarnefndin ljóst að kirkjunni beri samkvæmt kirkjurétti skylda til að skrá með skipulegum og markvissum hætti mál er snerta ásakanir um kynferðisbrot af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna kirkjunnar, svo og að skrá og varðveita upplýsingar um meðferð og aðdrif málsins. Sérstakar skyldur hvíli á kaþólsku kirkjunni samkvæmt can. 1717-

---

<sup>31</sup> John P. Beale: „Doing what one Can: Canon Law and Clerical Sexual Miscunduct“, bls. 668-669. Sjá einnig Charles Scicluna: *A MANUAL FOR CANONICAL PROCESSES FOR THE RESOLUTION OF COMPLAINTS OF CLERICAL SEXUAL ABUSE OF MINORS*: „If the allegation is determined to be manifestly false or frivolous, the diocesan bishop is not expected to refer the case to the CDF .... The acts are to be placed into the diocesan secret archives (cf. CIC, c. 1719).“

<sup>32</sup> Samkvæmt upplýsingum frá séra Jakobi gildir þetta nú í 20 ár.

<sup>33</sup> John P. Beal, James A Coriden, and Thomas J Green (ritsjórar): *New Commentary on the Code of Canon Law*, bls. 643.

<sup>34</sup> *Pastor Bonus* frá 1988, sjá

[http://www.vatican.va/holy\\_father/john\\_paul\\_ii/apost\\_constitutions/documents/hf\\_jp-ii\\_apc\\_19880628\\_pastor-bonus-index\\_en.html](http://www.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/apost_constitutions/documents/hf_jp-ii_apc_19880628_pastor-bonus-index_en.html), (skoðað 15.9.2012).

<sup>35</sup> *Sacramentorum Sanctitatis Tutela – Safeguarding the Sanctity of the Sacraments* frá 2001, sjá <http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/SacramentorumAndNormaeEnglish.htm>, (skoðað 15.9.2012).

1719 að þessu leyti en einnig liggja skyldan fyrir með almennum hætti samkvæmt can. 486 óháð því hvort rannsókn á grundvelli can. 1717 fari fram eða ekki.

Með hliðsjón af ofangreindu telur rannsóknarnefndin einnig skýrt að á því tímabili sem hér um ræðir hafi kaþólsku kirkjunni á Íslandi borið að athuga og bregðast markvisst og skipulega við öllum ásökunum um kynferðislegt ofbeldi og ósæmilega kynferðislega hegðan af hálfu presta og annarra starfsmanna kirkjunnar. Í þeim tilvikum er meintur gerandi var enn á lífi þegar ásökun var sett fram verður að telja ljóst að þessa skyldu megi með beinum hætti leiða af can. 1717.

Til sérstakrar skoðunar kemur hvaða skyldur verði taldar hvíla á kaþólsku kirkjunni til að athuga eða rannsaka mál þegar meintur gerandi er látinn þegar ásökun er sett fram. Rannsóknarnefndin tekur ekki af skarið um hvort skylt sé að beita can. 1717 með beinum hætti í þeim tilvikum.<sup>36</sup> Minna verður á að hlutverk rannsóknarnefndarinnar samkvæmt starfsreglum er ekki eingöngu að staðreyna brot á lögum eða réttarreglum heldur einnig að leggja á víðtækum grundvelli mat á það hvort þeir sem ábyrgð bera hafi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttssýni að leiðarljósi sem krefjast má. Hér koma ýmis sjónarmið til álita. Með hliðsjón af hlutverki og boðskap kirkjunnar sem byggir meðal annars á friði, kærleika, umhyggju, náð og sáluhjálpi þá verður að telja að kirkjunni beri ætíð að leitast við að koma til móts við hvern þann sem til hennar leitar.<sup>37</sup> Biskup ber ríkar skyldur að þessu leyti, meðal annars til að bera umhyggju fyrir öllum og að „leysa úr þeim erfiðleikum og vandaspurningum sem íþyngja mönnum mest.“<sup>38</sup> Þá ber biskup ábyrgð á byggja upp og viðhalda virðingu og trausti til kirkunnar sem starfsemi hennar í sérhverju samfélagi hlýtur að byggjast á.<sup>39</sup> Virðing við þolendur ofbeldis verður að teljast ein af undirstöðum trausts til kirkjunnar. Ábyrgð kirkjunnar snýr ekki eingöngu að mögulegum viðbrögðum gagnvart meintum geranda heldur

---

<sup>36</sup> Þess má geta að kaþólska kirkjan í Danmörku hefur talið rétt að rannsaka mál á grundvelli can. 1717 jafnvel í þeim tilvikum þegar það liggur fyrir að brot er fyrnt samkvæmt kirkjurétti, sjá *Advokatundersøgelse af seksuelle krænkelser begået af præster og andre medarbejdere i den katolske kirke i Danmark samt kirkens behandling af henvendelser herom i henhold til biskup Czeslaw Kozons kommissorium af 31. maj 2010*, bls. 97.

<sup>37</sup> John P. Beale: „Doing what one Can: Canon Law and Clerical Sexual Miscunduct“, bls. 547: „...the Church’s obligation to demonstrate ongoing concern for the direct and indirect victims of such misconduct cannot be minimized or neglected.“

<sup>38</sup> Catharina Broomé: *Kaþólskur siður: Kirkjan – kenningin – köllunin*. Reykjavík 1995, bls. 27 og James H. Provost: „Some Canonical Considerations Relative to Clerical Sexual Misconduct.“ *The Jurist* 52 (1992), bls. 616.

<sup>39</sup> Jerome E. Paulson: „The Clinical and Canonical Considerations in Cases or Pedophilia: The Bishop’s role.“ *Studia Canonica* 22 (1988), bls. 101-105.

hefur viðurlagakerfi kaþólsku kirkjunnar þótt hafa þrífætt markmið; betrun fyrir geranda, bót fyrir þolanda og réttlæti fyrir alla hlutaðeigandi.<sup>40</sup> Til að ná þessum markmiðum verður að telja að á kirkjunni hvíli skylda til að leita sannleikans að einhverju marki um hverja þá ásökun sem borin er fram um ofbeldi af hálfu prests eða starfsmanns kirkjunnar.<sup>41</sup> Í þeim tilvikum þegar meintur gerandi er látinn telur rannsóknarnefndin að kirkjan verði að lágmarki að tryggja að hlustað verði á frásögn þolanda, athugað verði hvort innan vébanda kirkjunnar liggi fyrir einhver gögn eða upplýsingar sem varpi frekari ljósi á þá ásökun sem borin er fram svo og að leitast verði við að koma til móts við og svara með einhverjum hætti sérhverjum þeim sem haldið er fram að brotið hafi verið gegn.

### 2.2.3 Stjórnsýsla í skóla á vegum kirkjunnar

Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að varpa einhverju ljósi á þær reglur sem giltu um skólahald og stjórnsýslu í Landakotsskóla sem einkaskóla á vegum kaþólsku kirkjunnar.

Fyrstu fræðslulögin sem kváðu á um skólaskyldu á Íslandi voru sett árið 1907. Fræðslulöggjöfin hefur síðan verið endurskoðuð nokkrum sinnum, árin 1926, 1936, 1946, 1974, 1991, 1995 og 2008. Í fræðslulögunum frá 1907 var ekki minnst á einkaskóla, en skólanefnd var heimilað að veita undanþágu frá skólasókn í héraðsskóla. Í júlí 1909 var stjórnarráði Íslands heimilað<sup>42</sup> að veita einkaskólum starfsleyfi að því tilskyldu að yfirstjórn fræðslumála samþykkti reglugerðir þeirra og var reglugerð Landakotsskóla staðfest 12. maí 1910.<sup>43</sup> Ytra og innra eftirlit var á vegum

---

<sup>40</sup> John. A. Alesandro: *Canonical Delicts Involving Sexual Misconduct and Dismissal from the Clerical State*, bls. 45: „... the threefold purpose of the Church’s penal law: to bring about the reform of the accused, to repair the harm that has been done to individual members of the Church and to the Church as a community, and to restore the torn mantle of justice for all concerned.”

<sup>41</sup> Þetta á sér beina stoð í túlkun Charles Scicluna: *A MANUAL FOR CANONICAL PROCESSES FOR THE RESOLUTION OF COMPLAINTS OF CLERICAL SEXUAL ABUSE OF MINORS*: „The process for the resolution of allegations of sexual abuse of minors by members of the clergy begins after a complaint of a possible infraction is received by the diocesan bishop. ... In all cases, each and every complaint shall be treated promptly and seriously. No complaint shall be dismissed without at least a minimum of prompt and serious attention.”

<sup>42</sup> *Stjórnartíðindi* 1909, bls 194-197.

<sup>43</sup> Gunnar F. Guðmundsson: „Úr sögu Landakotsskóla“. Í ritinu *Landakotsskóli 100 ára 1897-1997*, Reykjavík 1997, bls. 12-16.

skóla- og fræðslunefnda.<sup>44</sup> Einkaskólum var skylt að tilkynna um nemendafjölda og skólaupphaf og skila ársskýrslum til skólanefndar.

Með lögum um fræðslu barna nr. 34/1946 varð sú grundvallarbreyting frá eldri lögum að ríkinu var gert skylt að sjá öllum börnum fyrir fræðslu. Um einkaskóla var fjallað í 53. gr. laganna, þar var fræðslumálastjórn heimilað að lög-gilda barnaskóla, sem kostaðir voru af einstökum mönnum eða stofnunum, að því tilskildu að þeir störfuðu samkvæmt samþykkttri reglugerð. Tekið var fram að slíkir skóla skyldu hlíta sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Sambærilegt ákvæði um einkaskóla hefur síðan verið í grunnskólalögum hér á landi. Má geta þess að í 43. gr. núgildandi laga um grunnskóla nr. 91/2008 er áréttað að einkaskóli skuli fylgja ákvæðum stjórnáráðslulaga við töku ákvarðana um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru á grundvelli tiltekinna ákvæða laganna.

Í ljósi lagaákvæða um að einkaskólum beri að hlíta sömu reglum og aðrir grunnskólar um skólaskyldu, hlutverk grunnskóla og ábyrgð gagnvart nemendum verður að telja að einkaskólum hafi ætíð borið að starfa í samræmi við góða stjórn-sýsluhætti og fylgja ýmsum meginreglum stjórnáráðsluréttar í störfum sínum.<sup>45</sup> Einkaskólum hafi þannig meðal annars borið að bregðast með markvissum hætti við ásökunum um ofbeldi af hálfu starfsmanna skólans og tryggja skráningu og varðveislu allra nauðsynlegra upplýsinga um meint brot gegn einstaka nemendum framin af starfsmönnum skóla þannig að unnt væri að staðreyna hvenær mál hafi komið upp, hvernig farið hafi verið með málið og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið. Þá hafi einkaskólum borið að tryggja að einstaklingar fengju svör ef erindi bærust um ásakanir um ofbeldi af hálfu starfsmanna skólans. Þetta eigi við burtséð frá því hvort taka hafi mátt stjórnvaldsákvörðun í tilteknu máli og þykir ekki þörf á því að greina frekar að hvaða leyti mál einstakra nemenda gátu falið í sér töku slíkra ákvarðana.

Þær skyldur sem hér hefur verið lýst hvíldu á kaþólsku kirkjunni á Íslandi meðan hún bar ábyrgð á rekstri Landakotsskóla. Telja verður að biskupi sem æðsta yfirmanni kirkjunnar hafi borið að fylgja þessum reglum í þeim tilvikum er honum bærust upplýsingar eða erindi um meint brot starfsmanna skólans gegn nemendum.

---

<sup>44</sup> *Gjörðabók skólanefndar 1861-1901* – B.skj. A 82, *Gjörðabók skólanefndar 1861-1901* B.skj. R. A. 3306 b (1980), *Gjörðabók skólanefndar 1901 -1931* B.skj. R., A 83.

<sup>45</sup> Um ríkar skyldur og ábyrgð kaþólsku kirkjunnar í skólahaldi má vísa til skjalsins *Gravissimum Educationis* sem samþykkt var á öðru Vatikanþinginu 1965, aðgengilegt á [www.vatican.va](http://www.vatican.va) (skoðað 26.9.2012), sjá nánar kafla 4.4.2 c).

Ekki þykir nauðsynlegt að gera hér grein fyrir innra og ytra eftirliti með störfum grunnskóla á hverjum tíma. Ljóst þykir að grunnskólar hafa verið nokkuð sjálfstæðir í störfum sínum og þeim fyrst og fremst borið að skila ákveðnum yfirlitum til fræðsluyfirvalda, svo sem um fjölda nemenda og námsárangur. Ekki verður talið að á einkaskóla hafi hvílt skylda til að gera fræðsluyfirvöldum á vegum sveitarfélags grein fyrir einstaka málum um meint brot starfsmanna.

#### *2.2.4 Sumarbúðir á vegum kirkjunnar*

Eins og áður sagði voru reknar sumarbúðir í Riftúni frá árinu 1964-1997. Samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 var barnaverndarráði Íslands ætlað að hafa yfirumsjón með öllum barnaheimilum og uppeldisstofnunum á landinu og beint eftirlit með heimilum sem ætluð voru til viðtöku á börnum og unglingum. Með 55. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna var áréttað að sumardvalarheimili féllu þarna undir. Hélst þetta fyrirkomulag allt til ársins 1995 þegar Barnaverndarstofa var sett á laggirnar, samkvæmt lögum nr. 22/1995 um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Samkvæmt þeim lögum var starfsemi sumarbúða háð leyfi Barnaverndarstofu en barnaverndarnefndum hins vegar falið að hafa eftirlit með slíkum heimilum hver í sínu umdæmi.

Telja verður ljóst að á rekstraraðilum sumarbúða hafi ætíð hvílt sú grundvallarskylda að tryggja hag og góðan aðbúnað barnanna, meðal annars með því að treysta forvarnir og tryggja rétt viðbrögð við ofbeldisbrotum. Hafi þetta verið eitt af grundvallarskilyrðum starfsleyfis sumarbúða og ljóst að unnt var að svipta sumarbúðir starfsleyfi ef skilyrði leyfis þóttu ekki lengur fyrir hendi. Til þess að gera eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum verður að telja að á rekstraraðilum hafi einnig meðal annars hvílt skylda til að skrá og varðveita upplýsingar um allar ásakanir um meint brot starfsmanna gagnvart einstaka börnum, svo og meðferð og afdrif slíkra mála.

#### *2.2.5 Reglur um bakgrunnsathugun*

Með hliðsjón af ábyrgð á rekstri Landakotsskóla og Riftúns og núverandi félagsstarfi á vegum katólsku kirkjunnar á Íslandi þykir mikilvægt að gera grein fyrir reglum sem gilda um kröfur til starfsmanna í íslenskum lögum.

Með setningu barnaverndarlaga nr. 80/2002 var til áréttingar lögfest ákvæði í 3. mgr. 36. gr. um rétt yfirmanna meðal annars skóla, sumardvalarheimila, tómstundarmiðstöðva, og annarra staða þar sem börn koma saman og dveljast um

lengri eða skemmri tíma, til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort umsækjandi um tiltekið starf hefði hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til álita kom að mæla fyrir um algert bann við ráðningu en slíkt þótti eiga betur heima í einstaka sérlægum.<sup>46</sup>

Sérstaklega er tekið á þessu í æskulýðslögum nr. 70/2007. Æskulýðslög eiga við um skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Lögin gilda meðal annars um starfsemi félaga og félagasamtaka sem vinna að æskulýðsmálum, svo sem starfsemi á vegum trúfélaga.<sup>47</sup> Samkvæmt 10. gr. æskulýðslaga skulu þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi hafa þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Óheimilt er að ráða einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Gildir þetta einnig um þá sem falin er umsjón með börnum í sjálfböðavinnu.<sup>48</sup>

### 2.2.6 Tilkynningarskylda

Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að gera sérstaka grein fyrir lagaákvæðum um tilkynningarskyldu til opinberra yfirvalda þegar grunur vaknar um ofbeldi.

#### a) Tilkynningarskylda til barnaverndarnefndar

Samkvæmt ákvæðum 16.-18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 hvílir skylda á öllum til að tilkynna til barnaverndarnefndar grun um slæmar aðstæður eða ofbeldi gegn börnum. Grundvöllur tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar er skilyrðislaus krafa um að samfélagið taki höndum saman í baráttunni gegn vanrækslu og ofbeldi gegn börnum. Tilkynningarskylda hefur víðast verið talin forsenda fyrir virku barnaverndarstarfi.<sup>49</sup>

---

<sup>46</sup> Alþt. 2001-2001, A-deild, bls. 1845.

<sup>47</sup> Alþt. 2006-2007, A-deild, bls. 2906-2907.

<sup>48</sup> Þess má geta að bann við ráðningu einstaklings sem dæmdur hefur verið fyrir kynferðisbrot er einnig að finna í nágildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

<sup>49</sup> Hrefna Friðriksdóttir: „Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta“. *Tímarit lögfræðinga* 2010, bls. 236-237; Ben Mathews og Donald Cross: „Mandated reporting is still a policy with reason: Empirical evidence and philosophical grounds“. *Child Abuse and Neglect* 32(5) 2008, bls. 511.

Skyldan til að tilkynna barnaverndarnefndum byggir fyrst og fremst á því sjónarmiði að börn séu ekki þess umkomin að leita réttar síns vegna þeirra aðstæðna og uppeldis sem þau búa við og hæpið að þau geti borið sig undan illri meðferð. Tilgangur tilkynningarskyldu er sá að vitneskja um barn sem er hjálparþurfi komist til rétttra yfirvalda þannig að þau geti sinnt þeim lögbodnu skyldum sínum að tryggja öryggi, aðbúnað og viðunandi uppeldisskilyrði barna.<sup>50</sup> Fjölmargir sérfræðingar og stofnanir á sviði velferðarmála sinna þjónustu við börn eða barnavernd í einhverjum skilningi. Barnaverndaryfirvöld samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa hins vegar sértækum skyldum að gegna við vissar aðstæður og hafa ákveðnar heimildir, sem aðrir hafa ekki, til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Þessar heimildir og þörf fyrir sérhæfingu í barnaverndarmálum réttlætir að öðrum fagaðilum sem koma að málefnum barna beri að snúa sér til barnaverndarnefndar þegar grunur vaknar um óviðunandi aðstæður.<sup>51</sup>

Ákvæði 17. gr. barnaverndarlaga hljóðar svo:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Í 16. gr. laganna er meðal annars vísað til gruns um að barn verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Við túlkun á 17. gr. hafa vaknað spurningar um hvers konar afmörkun felist í orðalaginu „stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna“. Undirstrika ber að hér er ekki eingöngu átt við þá sem starfa beint með einstökum börnum, heldur er átt við þá sem starfa sinna

---

<sup>50</sup> Alþt. 1942-43, A-deild, bls. 345, Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 4058-4059 og Alþt. 2001-2002, A-deild, bls. 1825 og 1827, þar sem lögð er áhersla á að tilkynnandi gæti hagsmuna tiltekins barns og um leið opinberra hagsmuna.

<sup>51</sup> Rachel Hodgkin og Peter Newell: *Implementation handbook for the Convention on the Rights of the Child*. Genf 2007, bls. 268: „The implication of referral is that the investigation and treatment of violence to children is an issue requiring specialized, trained responses.“

vegna verða varir við eða fá upplýsingar sem eru þess eðlis að grunur vaknar um tiltekna aðstæður barns og hér getur verið um að ræða hvaða starf sem er.<sup>52</sup>

Samkvæmt afdráttarlausu ákvæði 3. mgr. 17. gr. barnaverndarlaga gengur tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Beint lagaákvæði um þetta efni er nauðsynlegt til að gera tilkynningarskyldu fagstétta virka og rétt eins og með sjálfa tilkynningarskylduna þá liggja þarna að baki rík barnaverndarsjónarmið.<sup>53</sup> Samspil tilkynningar- og trúnaðarskyldu byggir meðal annars á því sjónarmiði að einstaklingsfrelsi megi ekki skyggja á grunnhugmyndir um samfélagslega ábyrgð. Þó að almenn velferðarþjónusta miðist að meginstefnu til við sjálfsákvörðunarrétt notandans, þá megi áhersla á sjálfsákvörðunarréttinn ekki leiða til þess að einstaklingur sitji í raun einn uppi með ábyrgðina á því að leysa þann vanda sem hann glímir við.<sup>54</sup>

Ákvæði 3. mgr. 17. gr. barnaverndarlaga tekur óskorað til allra þeirra starfsstétta sem taldar eru upp í 2. mgr., meðal annars allra presta, og setur tilkynningarskylduna framur öllum ákvæðum sem gilda kunna um þagnarskylduna.<sup>55</sup> Hafið er yfir vafa að hið afdráttarlausu orðalag 3. mgr. 17. gr. barnaverndarlaga leggur prestum kaþólsku kirkjunnar á herðar þá skyldu að tilkynna til barnaverndarnefndar allar grunsemdir um ofbeldi gagnvart barni, og eru hér ekki undanskildar upplýsingar sem fram koma í skriftum. Hér verður enn fremur að geta þess að samkvæmt 2. mgr. 96. gr. barnaverndarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin.

Ljóst er að löggjöf um tilkynningarskyldu presta er mismunandi milli landa og þar er tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.<sup>56</sup> Rannsóknarnefndinni er kunnugt um þá skýru afstöðu kaþólsku kirkjunnar, með vísan til kirkjuréttarins, að tilkynna ekki

---

<sup>52</sup> Hrefna Friðriksdóttir: „Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta“, bls. 232.

<sup>53</sup> Alþt. 2001-2002, A-deild, bls. 1825.

<sup>54</sup> Willy Lichtwarck og Graham Clifford: *Modernisering i barnevernet: Ideologi, kontekst og kompetence*. Oslo 2010, bls. 47-51.

<sup>55</sup> Sjá einnig *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*. Den Katolske kirke, Kaupmannahöfn, 2011, viðauki 3 (Rapport med beskrivelse af de juridiske aspekter i forhold til sager om seksuelle overgreb og ofrenes muligheder for at få rådgivning og støtte), bls. 25.

<sup>56</sup> Í grein Hrefnu Friðriksdóttur er gerð nokkur grein fyrir löggjöf í ýmsum löndum, m.a. um tilkynningarskyldu presta, Hrefna Friðriksdóttir: „Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta“, bls. 239-244.



þær upplýsingar sem fram koma við skriftir. Hefur rannsóknarnefndin kynnt sér stuttlega ýmis sjónarmið um eðli skrifta og fræðilega umfjöllun um tilkynningar-skyldu kaþólsku kirkjunnar.<sup>57</sup> Leggja verður áherslu á að afstaða kirkjunnar og sjónarmið um skriftir breyta ekki hinu afdráttarlausa orðalagi barnaverndar-laganna á Íslandi.

*b) Ósk um lögreglurannsókn*

Það hvílir engin almenn lagaskylda á borgurum landsins að tilkynna lögreglu grun um ámælisverða háttsemi manna eða refsiverð brot. Almennt er þó viðurkennt að til staðar sé borgaraleg, siðferðileg skylda til að afstýra alvarlegri hættu við tiltekna aðstæður.<sup>58</sup>

Í XIII. kafla almennra hegningarlaga um brot á almannafríði og allsherjarreglu er í 126. gr. meðal annars kveður á um að hafi maður fengið vitneskju um brot, sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverð-mætum sé búin hætta af, og hann reyni ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, þá skuli hann sæta refsingu ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það.<sup>59</sup>

Rannsóknarnefndin telur ljóst að kynferðislegt og annað ofbeldi sé alvarleg ógn við velferð barns. Hér eru einnig ríkir samfélagslegir hagsmunir í húfi, enda hvílir skylda á samfélaginu að tryggja öryggi og veita börnum þá vernd sem

---

<sup>57</sup> Sjá t.d. Lisa M. Smith: „Lifting the veil of secrecy: Mandatory child abuse reporting statutes may encourage the catholic church to report priests who molest children“. *18 Law & Psychol. Rev.* 409, 1994, bls. 409-422; Catharina Broomé: *Kaþólskur siður: Kirkjan – kenningin – köllunin*, bls. 129-136; Daniel H. Grosseohme: „Child Abuse reporting: Clergy perceptions“. *Child Abuse and Neglect*, 7. tbl., 22. árg., 1998, bls. 743-747; Julie M. Arnold: „"Divine" Justice and the Lack of Secular Intervention: Abrogating the Clergy-Communicant Privilege in Mandatory Reporting Statutes to Combat Child Sexual Abuse“. *42 Val. U. L. Rev.*, 2008, bls. 849-904; Samuel G. Brooks: „Confession and Mandatory Child Abuse Reporting: A New Take on the Constitutionality of Abrogating the Priest-Penitent Privilege“, *BYU Journal of Public Law*, vol. 24, 2009, bls. 117-147; Rev. Dr. Marie M. Fortune: „Confidentiality and Mandatory Reporting: A Clergy Dilemma?“, Faith Trust Institute, 2010, [www.faithtrustinstitute.org](http://www.faithtrustinstitute.org); Morten Holmboe: „Prester, taushetsplikt og avverging av overgrep“. *Lov og Rett*, 5. tbl., 49. árg., 2010, bls. 241-242; Kari Mercer Dalton: „The priest-penitent privilege v. child abuse reporting statutes: how to avoid the conflict and serve society“. *18 Widener Law Rev.* 1, 2012, bls. 1-25. Einnig Geir Waage: „Þagnarskylda presta“. *Morgunblaðið*, 23. ágúst 2010; Heimir Örn Herbertsson: „Lögbundin trúnaðarskylda“, *Morgunblaðið* 24. ágúst 2010.

<sup>58</sup> Sjá einnig 221. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

<sup>59</sup> Viðkomandi skal þó ekki refsað hafi hann látið þetta hjá líða sökum þess, að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

velferð þeirra krefst. Í tilvikum þar sem líklegt er að koma megi í veg fyrir brot, frekari brot eða alvarlegar afleiðingar ofbeldis fyrir barn má því leiða líkum að því að skylt sé að tilkynna lögreglu ásamt því að leita til barnaverndarnefndar. Burtséð frá skyldu manna til að snúa sér til lögreglunnar vegna refsiverðra brota þá er almennt heimilt að óska lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að brot hafi verið framið.

### 2.3 Verklagsreglur um viðbrögð vegna ásakana um ofbeldi.

Opinber umfjöllun um brot af hálfu vígðra þjóna kaþólsku kirkjunnar hefur farið stigvaxandi á undanförunum áratugum á alþjóðavettvangi og má sjá merki um ýmis viðbrögð af hálfu kirkjunnar.<sup>60</sup> Bandarískir kirkjuleiðtogar virðast hér hafa tekið frumkvæði. Meðal annars leitaði biskuparáðstefnan í Bandaríkjunum (USCCB - United States Conference of Catholic Bishops)<sup>61</sup> árið 1984 eftir aðstoð ýmissa sérfræðinga við að fá betri yfirsýn yfir eðli vandans og hvernig bregðast mætti við.<sup>62</sup> Á þeim tíma hófst einnig vinna við mótun stefnu og viðbragðs-áætlunar vegna kynferðisbrota af hálfu vígðra þjóna kirkjunnar. Má geta þess að í fórum biskups Jolson fundust drög að verklagsreglum um málsmeðferð vegna mála um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum af hálfu vígðra þjóna, dagsett 11. ágúst 1987, sem talið er að hann hafi komið með frá Bandaríkjunum. Í drögunum er meðal annars lögð áhersla á þverfaglega samvinnu, vandaða rannsókn mála og viðbrögð, þar með talið ítarlega skráningu og varðveislu upplýsinga um meðferð allra mála þar sem grunsemdir vakna um ofbeldisbrot.

Af hálfu USCCB voru birtar nokkrar meginreglur um viðbrögð árið 1992. Þar var meðal annars lögð áhersla á að bregðast skyldi strax við ásökunum, svo sem með því að fara að lögum viðkomandi ríkis um að tilkynna grun um brot og eiga samvinnu við þá sem annast rannsókn slíkra brota. Einnig var lögð áhersla á viðbrögð gagnvart hinum brotlega og aðstoð við fórnarlömb. Skipuð var sérstök nefnd til að fjalla um þessi mál frekar (AHCSA - Ad Hoc Committee on Sexual

---

<sup>60</sup> Mál af þessu tagi virðast þó hafa verið rædd meðal kirkjunnar manna allt frá miðöldum, t.d. hefur verið nefnd áskorun séra Peter Damian til biskups Leo IX frá árinu 1051 þar sem kallað er eftir markvissum viðbrögðum vegna kynferðisofbeldis gegn börnum af hálfu vígðra þjóna kirkjunnar, sjá Terrence A. Carroll: „The Failure of the Dallas Charter and Canon Law: A Blessing in Disguise“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, ritstj. Thomas G. Plante og Kathleen L McChesney. Santa Barbara 2011, bls. 49-64.

<sup>61</sup> Sjá [www.usccb.org](http://www.usccb.org)

<sup>62</sup> Mark E. Chopko, J. Cletus Kiley og Francis J. Maniscalco: „Journey to the Charter.“ Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 33-48.

Abuse). Í kjölfar þessa hófst einnig frekari vinna af hálfu einstakra biskups-umdæma við að útfæra nánar reglur um forvarnir og viðbrögð. Málefnið voru jafnframt kynnt fyrir páfa í Róm sem skipaði nefnd til að meta þörf á breytingum á kirkjulegum rétti.<sup>63</sup>

AHCSA birti nokkrar yfirgripsmiklar skýrslur á árunum 1994-1996 sem höfðu að geyma margvíslegar upplýsingar og ábendingar um fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisbrotum.<sup>64</sup> Sérstök áhersla var lögð á að endurskoða menntun vígðra þjóna og undirbúning undir preststarfið svo og á aðstoð við þolendur. Alvarlegt mál um brot tiltekins prest leiddi til frekari viðbragða í Bandaríkjunum árið 2002. Þá samþykkti USCCB nýja samræmda viðbragðsáætlun og verklagsreglur vegna kynferðisbrota, *The Charter for the Protection of Children and the Young*.<sup>65</sup> Þessar reglur hlutu staðfestingu páfagarðs. Jóhannes Páll II páfi tók sérstaklega fram á fundi með kardínálum og biskupum að:

The abuse which has caused this crisis is by every standard wrong and rightly considered a crime by society; it is also an appalling sin in the eyes of God. To the victims and their families, wherever they may be, I express my profound sense of solidarity and concern.<sup>66</sup>

Mál um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum voru rædd á norrænu biskupa-ráðstefnunni árið 2002. Samþykkt var ályktun þar sem fram kom meðal annars:

During the last few years there have been in several countries cases of priests and other Church workers sexually abusing children and young people. It is against this background that we, the Nordic Bishops, wish to express our horror and our unreserved condemnation of these acts. Our thoughts and concerns go first to the victims. We pledge our support to help these our sisters and brothers in whatever way we can. Within the framework of our pastoral responsibility as Bishops, if there are cases of sexual abuse in our

---

<sup>63</sup> William Cardinal Levada og Luis F. Ladaria S.J.: *Circular letter to assist episcopal conferences in developing guidelines for dealing with cases of sexual abuse of minors perpetrated by clerics*, [http://www.vatican.va/roman\\_curia/congregations/cfaith/documents/rc\\_con\\_cfaith\\_doc\\_20110503\\_abuso-minori\\_en.html](http://www.vatican.va/roman_curia/congregations/cfaith/documents/rc_con_cfaith_doc_20110503_abuso-minori_en.html), (skoðað 15.9.2012). Í kjölfar þessarar vinnu voru gerðar ýmsar breytingar á kirkjurétti í upphafi þessarar aldar, svo sem með nýrri flokkun alvarleikastigs brota og lengingu fyrningarfrests.

<sup>64</sup> *Restoring Trust* 1994, *Restoring Trust Volume II* 1995 og *Restoring Trust Volume III* 1996; Mark E. Chopko, J. Cletus Kiley og Francis J. Maniscalco: "Journey to the Charter", bls. 33-48.

<sup>65</sup> Mark E. Chopko, J. Cletus Kiley og Francis J. Maniscalco: "Journey to the Charter", bls. 33-48.

<sup>66</sup> Páfi John Paul II: "Address to Vatican Meeting with US Cardinals and Bishops Conference Officials". *Origins* 31 (2002): 757.

respective countries we will follow the norms in Church law for handling these matters and also the norms of the civil law.<sup>67</sup>

Í kjölfarið settu einhver biskupsdæmi á Norðurlöndum sér reglur um meðferð ásakana vegna kynferðisofbeldis, svo sem í Osló árið 2003 og í Kaupmannahöfn 2008.<sup>68</sup>

Árið 2010 hvatti Páfagarður allar biskuparáðstefnur og umdæmi til að þróa skýrar og markvissar reglur um vernd barna, aðstoð við þolendur og viðbrögð gagnvart gerendum.<sup>69</sup> Málefnið var meðal þeirra mikilvægustu sem rædd voru á norrænu biskuparáðstefnunni í Bergen í september 2010. Bókað var að nokkur biskupsdæmi hefðu þegar sett sér sérstakar verklagsreglur um meðferð þessara mála en önnur treystu á ákvæði kirkjuréttarins. Norræna biskuparáðstefnan samþykkti að stefna að því að móta sameiginlegar verklagsreglur sem myndu hafa að geyma almennar meginreglur og að auki viðauka fyrir hvert hinna norrænu landa. Samþykkt var að leita til dómsmálaráðuneyta allra fimm Norðurlandanna eftir ábendingum og athugasemdum.<sup>70</sup> Rannsóknarnefndin hefur undir höndum ódagsett minnisblað á dönsku þar sem fjallað er með almennum hætti um meginreglur um málsmeðferð vegna ásakana um kynferðislegt ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar. Minnisblaðið ber með sér að hafa verið unnið af lögfræðingum með það að markmiði að kynna helstu atriði sem mikilvægt væri að taka afstöðu til áður en mótaðar væru sameiginlegar verklagsreglur. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að þegar hefðu verið settar verklagsreglur í Noregi, Danmörku og í Svíþjóð.

Hvatningu páfagarðs um aukna vernd barna var fylgt eftir með leiðbeiningum stjórnardeildar trúarkenninga um gerð verklagsreglna árið 2011, var og einstaka biskupsdæmum gefinn frestur til að setja sér verklagsreglur þar til í maí 2012.<sup>71</sup> Málið var tekið fyrir á norrænni biskuparáðstefnu í Jerúsalem í febrúar

---

<sup>67</sup> *Protection against sexual assaults and abuse of children in the Church*. Prelature of Tromsø 2011.

<sup>68</sup> Sjá t.d. *Seksuelle overgrep: Hvad gjør man ved mistanke om seksuelle overgrep begått av kirkelig medarbeider?* Oslo Katolske Bispedømme, 2003; *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgrep mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*. Den Katolske kirke, Kaupmannahöfn, 2011.

<sup>69</sup> „Majority of bishops’ conferences, except Africa, draft abuse policies“, *National Catholic Reporter*, 10. júlí 2012, ncronline.org.

<sup>70</sup> *The Scandinavian Bishops’ Conference Autumn Session 2 to 7 September 2010*, [http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User\\_uploads/pdffiler/Pressemitteilunge\\_n\\_NBK/pressemeddelelse\\_Plenarforsamling\\_Bergen\\_02-07\\_09\\_2010.pdf](http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User_uploads/pdffiler/Pressemitteilunge_n_NBK/pressemeddelelse_Plenarforsamling_Bergen_02-07_09_2010.pdf), (skoðað 15.9.2012).

<sup>71</sup> William Cardinal Levada og Luis F. Ladaria S.J.: *Circular letter to assist episcopal conferences in developing guidelines for dealing with cases of sexual abuse of minors perpetrated by clerics*.

2011. Bókað var að kaþólska kirkjan hefði þörf fyrir yfirgripsmeiri og nákvæmari verklagsreglur en ríkið færi eftir. Eftir ítarlegar umræður um drög að texta var bókað að ekki þætti tækt að setja sameiginlegar verklagsreglur fyrir öll norrænu biskupsdæmin þar sem löggjöf í norrænu löndunum væri of ólík til að slíkt kæmi að gagni. Ákveðið var að sameinast um texta sem hefði að geyma guðfræðilega kynningu á efninu auk skilgreininga á kynferðislegu ofbeldi og aðferðum til forvarna og viðbragða. Hvert land fyrir sig myndi einnig setja sér verklagsreglur að teknu tilliti til hinnar veraldlegu löggjafar sem þar gildi.<sup>72</sup> Þetta var áréttað á norrænu biskuparáðstefnunni í mars 2012 og minnt á kröfu páfagarðs.<sup>73</sup>

Kaþólska kirkjan á Íslandi sendi rannsóknarnefndinni þann 17. apríl 2012 drög að verklagsreglum vegna mála sem lúta að kynferðis- og ofbeldisbrotum. Drög þessi voru unnin af lögmanni og starfsmönnum kirkjunnar og lögð fyrir prestafund kirkjunnar til umsagnar. Prófessor Sigurður Líndal hafði einnig verið fenginn af hálfu kirkjunnar til að gera athugasemdir við drögin. Þá hefur fulltrúi kaþólsku kirkjunnar átt sæti í samráðshópi trúfélaga um mótun sameiginlegra verklagsreglna.

Hér er einnig rétt að geta þess að í maí 2011 setti innanríkisráðherra á stofn þriggja manna fagråd til að fjalla um ásakanir vegna ofbeldisbrota og kynferðisbrota einkanlega hjá trúfélögum. Hlutverk fagráðsins er að vera ráðherra til ráðgjafar í málum sem þessum og leiðbeina um leiðir til úrbóta. Ber fagráðinu að móta reglur fyrir starfseminu sem verði grundvöllur að tillögum til breytinga á lögum, meðal annars lögum um skráð trúfélög, og miði að því að koma kærumálum í markvissari farveg. Var Guðrún Ögmundsdóttir skipuð formaður fagráðsins.

---

<sup>72</sup> *The Scandinavian Bishops' Conference Spring Session 31 January – 7 February 2011*, [http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User\\_uploads/pdffiler/Pressemitteilunge\\_n\\_NBK/Jerusalem\\_Febr.\\_2011.pdf](http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User_uploads/pdffiler/Pressemitteilunge_n_NBK/Jerusalem_Febr._2011.pdf), (skoðað 15. ágúst 2012).

<sup>73</sup> *Pressemelding fra den nordiske bispekonferanses møte 8.-14. mars 2012*, <http://www.katolsk.no/nyheter/2012/03/pressemelding-fra-den-nordiske-bispekonferanses-mote-pa-magleas>, (skoðað 15.9.2012).

### 3. UPPLÝSINGAR SEM LIGGJA TIL GRUNDVALLAR RANNSÓKNARNEFNDARINNAR

#### 3.1 Skrifleg gögn sem nefndin hefur aflað

Á fyrsta fundi rannsóknarnefndarinnar með biskupi 28. september 2011 og með bréfi 21. október sama ár afhenti kirkjan nefndinni svonefnt *Status quæstionis I og II september 2011 og Status quæstionis III og IV október 2011*, með upplýsingum og gögnum um stöðu mála eftir að biskup Pétur Bürcher var skipaður.

Í *Status quæstionis I* er yfirlit á ensku yfir það sem biskup Pétur hafði fengið vitneskju um og varðar „Sexual abuse and mistreatment in the Catholic Church in Iceland“, viðbrögð hans frá fundi með ráðherra 18. apríl 2011 til fyrsta fundar með rannsóknarnefndinni 28. september 2011, ásamt bréfi til nefndarinnar og gögnum sem tengjast skipun hennar. Ennfremur 15 fylgiskjöl, meðal annars um samskipti, í maí, september og október 2010, biskups og manns sem bar fram ásanir um kynferðislega misnotkun.

Í *Status quæstionis II* er yfirlit á ensku um viðbrögð biskups Péturs frá 19. júní 2011 til 30. júlí 2011 vegna gruns um ósæmilega kynferðislega háttsemi prests gagnvart dreng á árinu 2002 ásamt fjórum fylgiskjöllum sem hafa að geyma undirritaðar fundargerðir þriggja funda með þeim sem aðkomu áttu að þessu máli og yfirlýsingu mannsins sem grunur lék á að hefði verið áreittur.

Í *Status quæstionis III* er fjallað um niðurstöður rannsóknar á skjalasafni biskupsdæmisins í október 2011. Þar er að finna tvö bréf sem fóru á milli rannsóknarnefndarinnar og kirkjunnar og minnisblað Gunnars F. Guðmundssonar, skjalavarðar kirkjunnar, um „Skjalaleit vegna rannsóknarnefndar um kynferðislegt ofbeldi í katólsku kirkjunni á Íslandi“ nánar tiltekið í bréfasafni Jóhannesar Gijzen biskups (1996-2007) sem geymt er í samtals 51 bréfamöppu. Einnig eru þar drög að verklagsreglum sem talin eru stafa frá biskupi Alfreð Jolson (1988-1994) og bera yfirskriftina „Proposed Procedure to Be Applied in Cases of Child Sexual Abuse by a Cleric“.

Í *Status quæstionis IV* eru sex skjöl, fréttatilkynning kirkjunnar frá 15. september 2010, bréf biskups á þýsku til manns sem komið hafði á fund hans í september 2010, þrjú bréf séra Jakobs Rolland, kanslara, á þýsku rituð í september og október 2011 til biskups Gijzen, forstöðumanns Montfortreglunnar og prests í námsleyfi og bréf frá forstöðumanni Montfortreglunnar í Hollandi til séra Jakobs í október sama ár.

Á fundinum 28. september 2011 var rannsóknarnefndinni afhent útprentuð skrá yfir skjöl kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík árin 1855 til 2007 ásamt skrá á hollensku yfir skjöl í skjalasafni Montfortreglunnar í Oirschot í Hollandi sem varða Ísland frá 1910 til febrúar 1999. Á fundi sem rannsóknarnefndin átti með skjalverði 8. nóvember 2011 var hann spurður út í ýmis skjöl sem getið er í skránni. Í framhaldi af fundinum tók hann saman skjal „Nokkrar skýringar við skjalaskrá kaþólska biskupsdæmisins“ þar sem hann fer lið fyrir lið yfir fyrirspurnir nefndarinnar. Niðurstaðan var sú að í þessum skjölum hefði ekkert fundist um ásanir á hendur einstökum prestum biskupsdæmisins eða aðrar vísbendingar um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni af hálfu einstakra vígðra þjóna eða starfsmanna Landakotsskóla.

Á sama fundi var einnig afhentur listi yfir heimilisföng, símanúmer og netföng og vefföng núverandi presta kaþólsku kirkjunnar og stofnana hennar.

Í tilefni af tilmælum rannsóknarnefndarinnar um að fá lýsingu á skipulagi og starfi kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, starfsháttum hennar, verkaskiptinu og ábyrgð, og nánari upplýsingar um þjóna kirkjunnar og annað starfsfólk fyrr og nú, lét kirkjan nefndinni í té eftirfarandi skjöl haustið 2011. Í skjali sem samið er af Gunnari F. Guðmundssyni, skjalaverði, dagsett 25. nóvember 2011, er að finna stutt ágríp af sögu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, nokkrar sögulegar upplýsingar um Landakotsskóla, lista yfir skólastjóra þar frá upphafi, og lista yfir kaþólska presta á Íslandi 1895-2011, með helstu upplýsingum um lífsferil. Einnig fylgdi ferilskrá séra Ágúst George, Árskýrsla Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2010, skjal á þýsku nefnt „Bistum Reykjavík Island“ þar sem gerð er grein fyrir staðreyndum um biskupsdæmið, stærð þess, helstu embættismenn, stjórnskipun, stofnanir, sóknir og kirkjulegt starf og fleira, og tvíblöðungur á ensku um skipulag kaþólsku kirkjunnar. Loks vísaði kirkjan til vefsíðu Vatíkansins í Róm, [www.vatican.va](http://www.vatican.va) og afhenti nefndinni eftirtaldir bækur: *Landakotsskóli 100 ára 1897-1997*, *St. Jósefssystur á Íslandi* eftir Ólaf H. Torfason, *Kaþólskur siður – kirkjan – kenningin – köllunin*, eftir Catharina Broomé og *Heilbrigðisþjónusta í 60 ár*.

Að því er varðar beiðni rannsóknarnefndarinnar um greinargerð vísaði kirkjan eingöngu til framangreindra *Status quæstionis*. Einnig tók kanslari kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, séra Jakob Rolland, saman „Nokkrar upplýsingar um Kaþólsku kirkjuna ... persónulegar athugasemdir og minnisþykki ...“ í skjali dagsettu 29. nóvember 2011. Í viðtali hjá nefndinni 29. febrúar 2012 afhenti biskup Pétur enn fremur skjal dagsett sama dag með fyrirsögninni „Persónuleg afstaða Péturs Bürcher biskups til misnotkunar innan kirkjunnar og raunhæfar aðgerðir.“

Rannsóknarnefndin fékk afhent minnisblað um símtal séra Jakobs við biskup emeritus Jóhannes Gijzen dagsett 29. febrúar 2012. Einnig fékk nefndin þann 17. september 2012 svar sendiherra páfa á Norðurlöndum við fyrirspurn um tilvist skjala Allir þeir sem nefndin hefur leitað eftir upplýsingum hjá eða lagt spurningar fyrir hafa svarað nefndinni. Séra Hjalti Þorkelsson með bréfum 10. febrúar og 27. september 2012, séra Peter Denneman, yfirmaður svæðisstjórnar Montfortreglunnar í Hollandi, með bréfi 8. mars 2012, systir Emmanuelle Brüggemann og systir Henrika Gerdes með bréfi 8. september 2012, biskup Gijzen með bréfi 17. september 2012, systir Nellie Mc Laughlin með bréfi 17. september 2012, systir Mary Immaculata með bréfi 30. september 2012 og í bréfi frá Montfortreglunni í Rehlingen Siersburg í Þýskalandi dagsettu 1. október 2012 er skýrt frá því að séra Alfons Mertens geti ekki svarað spurningum nefndarinnar af heilsufarsástæðum. Nokkur önnur bréf hafa borist nefndinni meðal annars frá meintum þolendum og aðstandendum og svör við fyrirspurnum til þeirra.

Kirkjan lét nefndinni í té ódagsett minnisblað sem unnið var að á vettvangi biskupsdæmanna á Norðurlöndum um viðbrögð við ásökunum um kynferðisbrot innan kirkjunnar, reglur um forvarnir og viðbrögð frá biskupsdæmunum í Tromsø og í Helsinki, báðar samþykktar árið 2011, og loks frumdrög af verklagsreglum fyrir biskupsdæmið á Íslandi.

Til viðbótar ofantöldum skjölum hefur rannsóknarnefndinni borist frá kirkjunni á árinu 2012 ódagsett skjal á þýsku nefnt „Einige theologische Grundgedanken“, og einnig afhenti séra Edward Booth nefndinni tvær guðfræðilegar greinar eftir sig þegar hann kom til viðtals við nefndina.

Hinn 29. febrúar 2012 bauð biskup nefndinni að skoða húsakynni biskupsembættisins og prestbústaðinn við Hávallagötu og Landakotsskóla. Lýst var breytingum sem gerðar hafa verið á húsunum.

Engin gögn var að finna í Landakotsskóla ses um skólahaldið fyrir 2005 önnur en nemendaskrár nokkurra umliðinna áratuga með einkunum í 12 ára bekk. Á tímabilum var einungis getið nafna nemenda en engra frekari auðkenna. Þrátt fyrir nánari eftirgrennslan fundust hvergi frekari gögn um mál einstakra nemenda, hvorki skjallag né tölvugögn.

Að fengnu samþykki viðkomandi afhenti kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsóknarnefndinni afrit af skýrslum fjögurra kæranda sem gefið höfðu skýrslu á árinu 2011, þrjár varða ásanir um kynferðislegt ofbeldi sem þau urðu fyrir börn í Landakotsskóla og ein ásökun einstaklings um kynferðislega misnotkun prests á sér á fullorðinsaldri. Þá fékk rannsóknarnefndin



afhent gögn frá ríkissaksóknara um rannsókn á meintum brotum fyrrverandi kennara X frá árinu 1996.

Í framhaldi af fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar fékk nefndin afhent gögn 2. mars 2012 sem fundust í menntamálaráðuneyti og Þjóðskjalasafni Íslands og vörðuðu Landakotsskóla. Er þar einkum um að ræða ýmis erindi og skýrslur sem lúta að rekstrargrundvelli skólans og beiðnir um fjárframlög til skólans, meðal annars til byggingaframkvæmda og sérkennslu, einnig eldri erindi um laun og eftirlaun kennara. Nokkrar skýrslur skólastjóra um skólahald frá tíunda áratug síðustu aldar fylgdu og tekið fram að um sýnishorn væri að ræða. Einnig fylgdi úttekt á skólanum árið 2002, sem var þáttur í allsherjar úttekt á grunnskólum. Þá fylgdu skrár yfir skólastjóra og kennara Landakotsskóla frá 1949 til 1995, frá og með skólaárinu 1975-1976 fylgdu upplýsingar um fæðingardaga og ráðningarár. Fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar til Borgarskjalasafns bar engan árangur utan eitt bréf sem varðar fjármál. Björg Thorarensen fyrrverandi formaður stjórnar Landakotsskóla ses var nefndinni hjálpleg með að útvega gögn um aðdraganda stofnunar Landkotsskóla ses. Ekki er tilefni til þess að rekja þessi skjöl nánar.

Með framangreindum gögnum frá menntamálaráðuneytinu fylgdu einnig nokkur skjöl sem lutu að rekstri sumardvalarheimilis kaþólsku kirkjunnar fyrir börn í Riftúni. Með bréfi 22. júní 2012 afhenti Þjóðskjalasafn Íslands nefndinni til viðbótar afrit gagna sem þar var að finna úr skjalasafni Barnaverndarráðs varðandi Riftún og sumardvalarheimili St. Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi. Skjöl þessi eru frá tímabilinu 1963 til 1991, en ekki eru gögn frá öllum árunum. Um sumardvöl í Stykkishólmi kemur fram að hún hafi fyrst verið starfrækt 1959 og er hennar síðast getið í þessum gögnum 1972. Að því er varðar Riftún í Ölfusi er einkum um að ræða starfsleyfi og gögn sem eru forsenda þess að það sé veitt, svo sem heilbrigðisvottorð, brunavarnarskýrslur og umsagnir Barnaverndarráðs, starfsleyfi var almennt veitt til tveggja ára í senn. Fyrstu árin var systir Clementía sögð forstöðumaður en séra George frá árinu 1966.

Með tilstuðlan kirkjunnar var rannsóknarnefndinni gert kleift að fá hjá Fréttavaktinni samantekt fjölmiðlaumræðu um ásakanir um kynferðisbrot þjóna og starfsmanns kirkjunnar.

### 3.2 Viðtöl

Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. starfsreglna sem rannsóknarnefndinni voru settar hefur hún átt fundi með allmörgum bæði að ósk viðmælenda og að eigin frumkvæði.

Viðmælendur rannsóknarnefndarinnar komu flestir á hennar fund á tímabilinu frá 24. október 2011 til 22. maí 2012 en auk þess einn í júní og tveir í september 2012. Þá óskaði nefndin munnlegra og/eða skriflegra svara frá nokkrum einstaklingum í ágúst og september 2012 til fyllingar því sem komið hafði fram í viðtölum. Viðmælendur nefndarinnar urðu samtals 85, flestir komu á fund nefndarinnar, nokkur viðtöl voru tekin í síma, sumir svöruðu bréflægum fyrirspurnum nefndarinnar eða sendu skriflega greinargerð, höfundur eins bréfs er óþekktur.

Þeir viðmælendur nefndarinnar sem sögðu frá kynferðislegu, andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi höfðu flestir samband í kjölfar auglýsingar rannsóknarnefndarinnar. Í nokkrum tilvikum taldi nefndin tilefni til þess að hafa sjálf samband við fólk vegna frásagna annarra og bjóða því til viðtals, var það ýmist þegið eða ekki. Meðal viðmælenda, bæði þeirra sem gáfu sig fram og þeirra sem nefndin hafði samband við að fyrra bragði var einnig fólk sem aðeins bar Landakotsskóla og starfsfólki þar vel söguna.

Nefndin talaði við biskup og alla starfandi presta kaþólsku kirkjunnar hér á landi, nema tvo sem eru í námsleyfi erlendis. Einn aldraður prestur lést á starfstíma nefndarinnar áður en náðist að ræða við hann. Alls voru þetta fjórtán viðtöl. Fimm fóru fram á íslensku, í einu tilviki var túlkað á íslensku, en önnur fóru fram á ensku.

Rætt var við ýmsa aðra starfsmenn kirkjunnar og Landakotsskóla og nokkra núverandi og fyrrverandi kennara og stjórnendur skólans. Ýmsir viðmælendur nefndarinnar höfðu verið bæði nemendur og síðar foreldrar barna í skólanum og/eða starfsmenn skólans.

## **4. FRÁSAGNIR UM OFBELDISBROT GEGN BÖRNUM OG MEINTIR GERENDUR**

### **4.1 Munur á frásögnum og ásökunum**

Eins og áður sagði er það hlutverk rannsóknarnefndarinnar að fjalla um starfshætti og viðbrögð í kjölfar framkominna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Hér að framan var fjallað um þau atriði sem nefndinni ber sérstaklega að líta til við mat á viðbrögðunum starfsmanna kirkjunnar, þ.e. hvort um mistök, vanrækslu eða þöggun hafi verið að ræða. Á þetta reynir þó ekki nema það liggi fyrir að ásanir hafi komið fram vegna tiltekinnar háttsemi vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar með þeim hætti að kirkjan hafi haft tilefni og

möguleika til að bregðast við. Verður orðið *ásakanir* notað í framhaldinu í þessu samhengi.<sup>74</sup>

*Frásagnir* þeirra einstaklinga sem urðu tilefni þess að rannsóknarnefndin var skipuð einkennast af lýsingu á því ofbeldi sem þessir einstaklingar telja sig hafa orðið fyrir frekar en lýsingum á tilraunum til að kvarta yfir þessari háttsemi eða lýsingu á mistökum, vanrækslu og þöggun í kjölfar slíkra ásakana. Hið sama má segja um þá einstaklinga sem nefndin ræddi við.

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að fjalla um frásagnir þeirra einstaklinga sem telja sig hafa orðið yfir ofbeldi af hálfu vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar. Orðið *frásagnir* verður notað yfir lýsingu á háttsemi sem viðmælandi telur hafa verið brot gegn sér óháð því hvort ásökun var komið á framfæri við starfsmenn kirkjunnar. Nefndin verður að einhverju leyti að meta hvort frásagnir um aðstæður eða tiltekin atvik falli undir það sem telja má ofbeldi og á þessu stigi þykir því mikilvægt að fjalla nánar um skilgreiningar á því ofbeldi sem hér getur átt við, fyrst og fremst ofbeldi sem beinist gegn börnum.

Áréttu ber að það var ekki verkefni nefndarinnar að reyna að staðreyna sannleiksgildi frásagna tiltekinna einstaklinga eða að gera skipulega rannsókn á meintum brotum. Nefndin hefur því ekki framkvæmt víðtæka skipulega vísindalega rannsókn á upplifun nemenda í Landakotsskóla eða í sumarbúðum kirkjunnar á því tímabili sem rannsóknin tekur til. Alls er því óvíst að fjöldi viðmælanda og viðtölin gefi rétta mynd af tegundum eða umfangi ofbeldis sem nemendur skólans og börn í sumarbúðum kunna að telja sig hafa orðið fyrir.

## 4.2 Ofbeldi gegn börnum

### 4.2.1 Almennu um mörk milli aga og ofbeldis gegn börnum

Það er nauðsynlegur þáttur í uppeldi barna að njóta leiðsagnar fullorðinna til að þau læri að njóta réttinda sinna og axli ábyrgð á skyldum sínum sem virkir þegnar í lýðræðissamfélagi. Með þetta að markmiði er meðal annars réttlæt看legt að setja börnum mörk og beita þau ákveðnu agavaldi, meðal annars í skólum. Með virðingu fyrir grundvallarmannréttindum allra barna má þó fullyrða að það hafi verið með öllu fyrirboðið að beita börn ofbeldi af nokkru tagi eða að nota ofbeldi í aga- eða refsingarskygni á því tímabili sem rannsóknarnefndin hefur skoðað.<sup>75</sup>

---

<sup>74</sup> Orðið *kvartanir* verður einnig notað í einhverjum tilvikum í þessari sömu merkingu.

<sup>75</sup> Sjá til hliðsjónar skýrslur vistheimilaneftar skv. lögum nr. 26/2007.

Ofbeldi hefur verið skilgreint sem vísvitandi hótun um eða beiting líkamlegs valds eða annars konar valds sem hefur þær afleiðingar eða getur fyrirsjáanlega haft þær afleiðingar að valda barni tjóni á líkama eða sál.<sup>76</sup> Algengt er að flokka ofbeldi í þrjá flokka, *líkamlegt*, *kynferðislegt* og *andlegt* ofbeldi.<sup>77</sup>

- *Líkamlegt ofbeldi* á sér stað þegar barn er beitt líkamlegu valdi með ásetningi um að valda ákveðnum sársauka eða óþægindum hvort sem er í litlum eða miklum mæli. Dæmi um líkamlegt ofbeldi getur verið að slá barn með hendi eða áhaldi, kýla með hnefa, sparka eða hrista barn, henda hlut í barn, hrinda barni eða slá því utan í hluti.
- *Kynferðislegt ofbeldi* má skilgreina sem kynferðislega háttsemi af einhverju tagi sem beinist að barni sem annað hvort samþykkir ekki eða er of ung til að samþykkja háttsemina.
- *Andlegt ofbeldi* getur m.a. lýst sér í skömmum, óhóflegri gagnrýni, hótunum, ásökunum og móðgandi og lítillækkandi ummælum. Hér fellur undir *einelti* sem hefur verið skilgreint sem endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

#### 4.2.2 Nánar um bann við því að beita barn ofbeldi

Við nánari túlkun á hugtakinu ofbeldi er mikilvægt að líta stuttlega til alþjóðasamninga og þeirra laga- og reglugerðarfyrirmæla sem voru í gildi á því tímabili sem frásagnir einstaklinga taka til, nánar tiltekið frá árinu 1956 til 2003.<sup>78</sup>

##### a) Stjórnarskrá og alþjóðasamningar um mannréttindi

Ísland var skuldbundið að þjóðarrétti til að fylgja ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu sem var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1953<sup>79</sup> fram að lögfestingu samningsins með lögum nr. 62/1994. Árið 1995 voru gerðar mikilvægar breytingar á stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, í þá átt að tryggja vernd mannréttinda með skýrari hætti en áður. Ýmsar af þeim reglum sem þá voru

---

<sup>76</sup> Paulo S. Pinheiro: *World Report on Violence against Children*. Sameinuðu þjóðirnar, Genf 2006, bls. 4.

<sup>77</sup> Sjá til hliðsjónar Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 4062-4063. Einnig *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd SOF*, <http://www.bvs.is/files/file468.pdf> (skoðað 3.7.2012).

<sup>78</sup> Hér er m.a. höfð hliðsjón af skýrslum vistheimilanefndar skv. lögum nr. 26/2007.

<sup>79</sup> Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954.

lögfestar höfðu þó verið taldar meðal óskráðra reglna og í heiðri hafðar hér á landi, meðal annars með vísan til alþjóðasamninga um mannréttindi svo sem Mannréttindasáttmála Evrópu.

Meðal mikilvægustu óskráðu grundvallarreglnanna um mannréttindi sem lögfest var árið 1995 var reglan um bann við pyndingum og eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<sup>80</sup> Hér er um ófrávikjanleg réttindi að ræða. Þegar um börn er að ræða ber ekki einungis að tryggja þeim vernd refsilaga heldur einnig að tryggja virkar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn alvarlegum brotum á persónulegri friðhelgi þeirra, þar á meðal varnir gegn ofbeldi.<sup>81</sup> Í ljósi lagaákvæða um skólaskyldu hvíla að þessu leyti sérstakar skyldur á yfirvöldum að tryggja aðbúnað og umönnun barna í grunnskólum. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir, sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða, valda tilteknum manni líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð eða refsing), eða eru til þess fallnar að niðurlægja hann eða setja hann í þá aðstöðu að hann óttist um líf sitt eða líkamlegt eða andlegt heilbrigði (vanvirðandi meðferð eða refsing).<sup>82</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í friðhelgi einkalífsins felst fyrst og fremst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og réttur til að njóta andlegs og líkamlegs sjálfræðis.<sup>83</sup> Krafa um friðhelgi einkalífs felur einnig meðal annars í sér að ríki ber að setja með löggjöf reglur til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra, þar með talið að veita réttindum einstaklinga refsivernd með því að gera brot annarra gegn líkamlegu sjálfræði refsiverð. Hér reynir einnig á 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ákvæðið felur í sér vissa stefnuyfirlýsingu og er í samræmi við alþjóðlega þróun á sviði barnaréttar.

Ísland og kaþólska kirkjan eru skuldbundin að þjóðarrétti til að fylgja ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (SRB). Samningur-

---

<sup>80</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2093.

<sup>81</sup> Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“. Í ritinu *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 129.

<sup>82</sup> Sjá til hliðsjónar Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“, bls. 116-117, bls. 110-135; Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. Í ritinu *Lögberg*. Reykjavík 2003, bls. 644-650.

<sup>83</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008, bls. 288 (e. moral and physical integrity).

inn var gerður árið 1989 og undirritaður og fullgiltur af Páfagarði árið 1990.<sup>84</sup> Samningurinn var fullgiltur á Íslandi árið 1992.<sup>85</sup> Fjögur tiltekin ákvæði samningsins eru talin grundvallarreglur sem hafa eiga áhrif á túlkun og framkvæmd allra annarra ákvæða samningsins.<sup>86</sup> Ein þeirra er jafnræðisregla 2. gr. um að virða og tryggja öllum börnum öll þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi. Ákvæðið bannar meðal annars mismunun sem eyðir eða rýrir möguleikann á að njóta lífs, þroska, réttinda eða frelsis til jafns við aðra.<sup>87</sup>

Annað mikilvægt ákvæði er 3. gr. SRB um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Aðildarríki skuldbinda sig til að gera allar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnáslu til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og til að fylgjast með og byggja í allri framkvæmd á félagsvísinda- og sálfræðilegri þekkingu og rannsóknum á þörfum barna á hverjum tíma.<sup>88</sup>

Þriðja grundvallarreglan er ákvæði 6. gr. SRB um rétt sérhvers barns til lífs og að aðildarríki beri af fremsta megni að tryggja að börn megi lifa og þroskast. Samkvæmt þessu ákvæði verður að tryggja barni ákjósanleg uppeldisskilyrði með tilliti til meðfæddrar göfgi þeirra sem einstaklinga til að barn nái líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska. Vernd gegn ofbeldi er einn af nauðsynlegum þáttum þess að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barns.<sup>89</sup> Fjórdá grundvallarreglan er um rétt barna til þátttöku skv. 12. gr. SRB en þar er tryggður réttur barns sem getur myndað sér skoðanir til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem barnið varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur og þroska. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis ber sérstaklega að tryggja barni rétt til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem varðar barnið.

---

<sup>84</sup> Sjá [http://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg\\_no=IV-11&chapter=4&lang=en](http://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=IV-11&chapter=4&lang=en), (skoðað 14.9.2012).

<sup>85</sup> Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992.

<sup>86</sup> *Leiðbeiningar um skýrslur til Barnaréttarnefndarinnar CRC/C/3*, 30. október 1991. Sjá einnig til hliðsjónar Hrefna Friðriksdóttir: „Að nota samning SP um réttindi barnsins með hendi og vendi að hingað til brúkanlegum siðvana“. *Rannsóknir í Félagsvísindum X*, Háskóli Íslands 2009.

<sup>87</sup> Rachel Hodgkin and Peter Newell: *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*, bls. 17.

<sup>88</sup> Trude Haugli: „Hensynet til barnets beste“. Í ritinu *Barnekonvensjonen: Barns rettigheter i Norge*. Oslo 2008, bls. 48.

<sup>89</sup> Rachel Hodgkin and Peter Newell: *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*, bls. 83.

Í 1. mgr. 16. gr. SRB segir meðal annars að ekki megi láta barn sæta gerræðislegum eða ólögsmætum afskiptum af einkalífi þess né ólögsmætri árás á sæmd þess eða mannorð. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins á barn rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.

Þá hefur SRB að geyma mikilvæg ákvæði í 19. og 37. gr. a sem sérstaklega fjalla um ofbeldi og refsingar. Samkvæmt 19. gr. skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr ber að grípa til ýmissa aðgerða til að greina, tilkynna, vísa áfram, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum þar sem barn hefur sætt illri meðferð. Samkvæmt 37. gr. a. þarf barn ekki að þola pyndingar eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Að lokum má geta ákvæðis 2. mgr. 28. gr. samningsins sem leggur þær skyldur á aðildarríki að gera allt það sem við á til að tryggja að námsaga sé haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisn barns og í samræmi við önnur ákvæði samningsins.

#### *b) Almenn lög og reglugerðir*

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir helstu efnisreglur í lögum og reglugerðum sem horfa verður til við afmörkum á því hvers konar athafnir megi telja til ofbeldis.

Ákvæði úr XXI. kafla almennra hegningarlaga um sífskaparbrott og XXII. kafla laganna um skírlífisbrott eða kynferðisbrott hafa tekið nokkrum breytingum á undanförunum áratugum. Samræði og önnur kynferðismök við börn hafa sætt þungum refsingum allt frá setningu laganna árið 1940 en óþarft er að geta eldri laga í þessum efnum. Þá hefur ennfremur verið refsivert að særa blygðunarsemi manna með lostugu athæfi. Þess má geta að sérstök refsing hefur verið lögð við brottum þeirra sem trúað hefur verið fyrir barni til kennslu eða uppeldis. Óþarfi þykir að rekja nánar einstök ákvæði eða þróun þeirra.

Í XXIII. kafla almennra hegningarlaga hefur meðal annars verið að finna ákvæði um líkamsmeiðingar í 217.-219. gr., svo sem um refsinaemi þess að valda öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, vísvitandi eða af gáleysi.

Í fyrstu barnaverndarlögum á Íslandi nr. 43/1932 sjást merki um kröfur til yfirvalda um að bregðast við tiltekinni háttsemi sem beindist að börnum og sem flokka má sem fordæmingu þessháttar athafna. Var barnaverndaryfirvöldum þannig samkvæmt. 8. gr. skylt að bregðast við þegar barni var misboðið með

líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði eða þegar aðstæður voru þannig að það gæti leitt til heilsutjóns fyrir barnið.

Með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947, sem leystu eldri lög af hólmi, voru lögfest sérstök refsíákvæði þar sem í 43. gr. var kveðið á um refsingar fyrir að viðhafa í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi. Þá var gert refsivert að erta barn, draga að því dár og að særa það á ósæmilegan hátt eða beita það refsingum, ógnunum eða hótunum sem og öðrum orðum eða athöfnum sem telja mætti því skaðsamlegt andlega eða líkamlega. Í 45. gr. var kveðið á um refsingu við því ef forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari eða aðrir, sem falin væri forsjá barns og ungmennis allt að 18 ára, leiddi það á siðferðilega glapstigu, misbyði því eða vanrækti á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hætta búin. Ofangreind ákvæði 43. og 45. gr. voru tekin upp að nýju sem 45. og 47. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna og sambærileg ákvæði var að finna í 63.-66. gr. laga nr. 58/1992. Með barnaverndarlögum nr. 80/2002 var lögfest ákvæði í 98. gr. um brot umsjáraðila gegn börnum svohljóðandi:

Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 99. gr. laga nr. 80/2002 um brot gegn börnum var með eftirfarandi hætti þar til því var breytt með lögum nr. 52/2009 og 80/2011:

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Frá því að skólaskylda var fyrst tekin upp árið 1907 hafa verið lögð á skólayfirvöld ýmsar skyldur til að tryggja aðbúnað barna og umönnun þeirra í skóla. Með nýrri löggjöf um fræðslumál árið 1946, m.a. lögum nr. 34/1946 um fræðslu barna, var í fyrsta sinn kveðið á um að öllum börnum skyldi veitt uppeldi



og fræðsla við hæfi. Í lögum um grunnskóla nr. 63/1974 var í 2. gr. meðal annars lögð áhersla á að starfshættir skóla skyldu mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Í athugasemdum við frumvarp til laganna kemur fram að „heill og þroski manna er takmark í sjálfu sér. Starf skólans er því ekki bundið við það eitt að veita þekkingu, heldur skal það í æ ríkara mæli stuðla að alhliða þroska hvers nemanda. Með „alhliða“ er átt við vitrænan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska.”<sup>90</sup> Hafa ákvæði af sambærilegu tagi haldist í lögum og námskrám grunnskóla síðan.

Í reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla sem sett var með stoð í eldri lögum nr. 66/1995 var áréttað sérstaklega að starfsfólk skóla skuli koma fram við nemendur af kurteisi og tillitssemi og að beiting líkamlegra refsinga væri óheimil. Í skýringum var lögð áhersla á að öll samskipti skólafólks og nemenda skyldu mótast af sanngirni, kurteisi, gagnkvæmri virðingu, ábyrgð og hjálpssemi.<sup>91</sup>

### c) Ákvæði kirkjuréttar

Vert er að minnast á nokkur ákvæði kirkjuréttar sem marka skyldur presta og viðurlög. Eitt undirstöðuákvæða kirkjuréttarins er reglan um skírlífi presta sem leggur þeim mun ríkari skyldur á herðar en öðrum þegar kemur að persónulegum samskiptum.<sup>92</sup> Í can. 277 segir:

Clerics are obliged to observe perfect and perpetual continence for the sake of the kingdom of heaven and therefore are bound to celibacy which is a special gift of God by which sacred ministers can adhere more easily to Christ with an undivided heart and are able to dedicate themselves more freely to the service of God and humanity.

Clerics are to behave with due prudence towards persons whose company can endanger their obligation to observe continence or give rise to scandal among the faithful.<sup>93</sup>

Svohljóðandi refsíákvæði er að finna í can. 1395 eftir breytingar árið 1983:

---

<sup>90</sup> Alpt. 1973, A-deild, bls. 243.

<sup>91</sup> *Niðurstöður og tillögur starfshóps um skólareglur og aga í grunnskólum*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík 1999, bls. 19.

<sup>92</sup> *Advokatundersøgelse af seksuelle krænkelse begået af præster og andre medarbejdere i den katolske kirke i Danmark*, bls. 31.

<sup>93</sup> Samsvarandi ákvæði var í can. 132 frá 1917.

A cleric who lives in concubinage ... and a cleric who persists with scandal in another external sin against the sixth commandment of the Decalogue is to be punished by a suspension. If he persists in the delict after a warning, other penalties can gradually be added, including dismissal from the clerical state.

A cleric who in another way has committed an offense against the sixth commandment of the Decalogue, if the delict was committed by force or threats or publicly or with a minor below the age of sixteen years, is to be punished with just penalties, not excluding dismissal from the clerical state if the case so warrants.<sup>94</sup>

Í eldri útgáfu kirkjuréttarins frá 1917 var efnislega svipað ákvæði að finna í can. 2359, svohljóðandi:

Concubinous clerics in sacred [orders], whether secular or religious, previous warnings not being heeded, are to be coerced into giving up their illicit relationship and to repair scandal by [being] suspended from divine things [and by suffering] the loss of the benefits of office, benefices, and dignities, the prescriptions of Canons 2176-81 being observed.

If they engage in a delict against the sixth precept of the Decalogue with a minor below the age of sixteen, or engage in adultery, de-bauchery, bestiality, sodomy, pandering, incest with blood-relatives or affines in the first degree, they are suspended, declared infamous, and are deprived of any office, benefice, dignity, responsibility, if they have such, whatsoever, and in more serious cases, they are to be deposed.

Innan kirkjunnar hafa einnig verið settar reglur um skyldur kaþólsku kirkjunnar þegar kemur að menntun ungs fólks. Á öðru Vatíkanþinginu sem haldið var frá 1962-1965 var samþykkt skjal um „hið mikla gildi menntunarinnar“.<sup>95</sup> Þar segir meðal annars:

Allir menn, burtséð frá uppruna þeirra, stöðu eða aldri, eiga sakir persónugildis síns skýlausan rétt á uppeldi sem tekur mið af hæfileikum þeirra, mismun kynjanna; samræmist menningu heimalands þeirra og hvetur jafnframt til bróðurlegs félagsskapar við aðrar þjóðir, til þess að stuðla að sannri einingu og friði á jörðinni. Hið sanna uppeldi leitast við að mennta manninn með hliðsjón af lokatakmarki hans, en vinnur jafnframt að hag samfélagsins sem maðurinn er hluti af og á að fá hlutdeild í á fullorðinsárum.

---

<sup>94</sup> Í reglum páfagarðs, *Sacramentorum Sanctitatis Tutela – Safeguarding the Sanctity of the Sacraments* frá 2001, er tekið fram að miða skuli við brot gegn einstaklingi undir 18 ára.

<sup>95</sup> *Gravissimum educationis*, aðgengilegt á [www.vatican.va](http://www.vatican.va).

Hagnýta skal framfarir í sálfræði, uppeldis- og kennslufræði til að stuðla að alhliða þroska og þróun barna og unglinga, siðferðislega og andlega, svo að þau öðlist smám saman dýpri ábyrgðartilfinningu gagnvart eigin lífi og þeirri framför sem stefna ber að, fyrir vexti í sönnu frelsi, hugdjörf í baráttunni við andstæð öfl. Í samræmi við aldur eiga þau að fá jákvæða og skynsamlega fræðslu um kynferðismál. Einnig verður að búa þau undir þátttöku í þjóðfélaginu á réttan og gagnlegan hátt, svo að þau nái að sameinast og geti unnið með hinum mörgu hópum mannlægs samfélags, séu reiðbúin til opinskárra samræðna við aðra og vilji starfa að almannaheill.<sup>96</sup>

Í skjalinu kemur einnig fram að í skólauppeldinu vilji kaþólska kirkjan, í krafti ætlunarverks síns, vinna staðfastlega að mótun andlegra hæfileika hins unga fólks, þróa rétta dómgreind þess, miðla því áunninni menningararfleifð genginna kynslóða, gera það móttækilegra fyrir merkingu lífsgilda og búa það undir störf í þjóðfélaginu.<sup>97</sup>

### 4.3 Meintir gerendur

Í þessum kafla verður fjallað um þá sem sagt er að hafi beitt börn ofbeldi. Fyrst verður getið um þá sem rannsóknarnefndin telur óhjákvæmilegt að nafngreina sökum þeirra starfa sem viðkomandi gegndu í Landakotsskóla og í sumarbúðum. Þá verður vikið að þeim sem ónafngreindir eru.

#### 4.3.1 Nafngreindir gerendur

Annar af þeim sem oftast var nefndur sem gerandi var séra Ágúst George (1928-2008). Á þetta við um kynferðislegt ofbeldi sem og líkamlegt og andlegt ofbeldi í einhverjum tilvikum. Ýmist var um eitt skipti eða fleiri að ræða. Séra George var fæddur í Hollandi, hann tók prestvígslu vorið 1956 og kom til Íslands sama haust. Hann tilheyrði reglu presta sem kenna sig við heilagan Montfort. Séra George hóf að kenna við Landakotsskóla, sem þá var rekinn af Kaþólsku kirkjunni, haustið 1958, varð skólustjóri þess skóla árið 1961 og gegndi því starfi til vors 1998. Hann var staðgengill biskups frá ársbyrjun 1969 og stýrði biskupsdæminu sem postullgur umsjónarmaður meðan hér var biskupslaust frá 1986-1988 og 1994-

---

<sup>96</sup> Biskup Jóhannes Gíjzen: „Leiðir og aðferðir til að miðla kristinni trú og kristinni menningu“. Í ritinu *Landakotsskóli 100 ára 1987-1997*. Reykjavík 1997, bls. 69-70.

<sup>97</sup> Biskup Jóhannes Gíjzen: „Leiðir og aðferðir til að miðla kristinni trú og kristinni menningu“. Í ritinu *Landakotsskóli 100 ára 1987-1997*, bls. 72.

1995. Þá var hann fjármálastjóri biskupsdæmisins eftir að hann lét af störfum sem skólastjóri Landakotsskóla og annaðist þá einnig efnislega hversdagsforsjá í presta- og biskupshúsinu í Landakoti. Hann hafði alla tíð umsjón með rekstri sumardvalaheimilisins Riftúns í Ölfusi. Séra George lést árið 2008.

Hinn gerandinn sem oftast var nefndur var Margrét Müller (1933-2008). Á þetta fyrst og fremst við um andlegt ofbeldi en einnig líkamlegt svo og kynferðislegt ofbeldi í einhverjum tilvikum. Í flestum tilvikum var um að ræða ítrekað ofbeldi. Auk þeirra sem segjast hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi af hálfu Margrétar eru mun fleiri sem segjast hafa vitað af eða orðið vitni af slíku ofbeldi. Margrét var fædd í Essen Þýskalandi árið 1933 og lést 2008. Hún mun hafa lokið verslunarnámi í Essen og komið til Íslands um 1954, 21 árs gömul, ásamt fleiri ungmennum. Hún starfaði í byrjun á Landakotsspítala, sem þá var rekinn af St. Jósefssystrum, og vann síðan alla tíð fyrir kaþólsku kirkjunna á Íslandi, einkum við Landakotsskóla og sumardvalaheimili kirkjunnar í Riftúni í Ölfusi.<sup>98</sup> Margrét sá um handavinnukennslu og var lengi umsjónarkennari 8 ára bekkjar. Hún fékk réttindi árið 1962 til að kenna handavinnu eftir að hún gekkst undir bóklegt próf. Margrét hætti kennslu árið 2003.

Nokkrir viðmælenda sögðu séra George og Margrétu hafa bæði og saman átt þátt í kynferðislegu, andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi gegn þeim.

#### 4.3.2 Ónafngreindir gerendur

Sagt var frá einu tilviki sem kom upp árið 2002 sem varðaði séra Z þar sem spurning vaknaði um hvort ein tiltekin snerting teldist hafa verið kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni. Eins og nánar verður gerð grein fyrir í kafla 7 um viðbrögð kirkjunnar gerir rannsóknarnefndin ekki athugasemd við þá niðurstöðu að ekki hafi verið um kynferðislegt ofbeldi að ræða í þessu tilviki.

Enginn gaf sig fram við rannsókn nefndarinnar sem nafngreindi aðra einstaklinga en þá sem þegar hafa verið nefndir og báru þá sökum um að hafa brotið gegn sér á barnsaldri. Nokkrir kennarar við Landakotsskóla minnstust á fyrrverandi kennara X sem hefði verið grunaður um ósæmilega hegðun gagnvart nemendum. Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara var X kærður til lögreglu árið 1996 fyrir ósæmilega hegðun gagnvart stúlkum í skólanum. Málið var látið niður falla hjá lögreglu en samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar hætti viðkomandi störfum við skólann í kjölfar þessa.

---

<sup>98</sup> Sjá til hliðsjónar minningargrein um séra George í Morgunblaðinu 11. september 2008, bls. 29.

#### 4.4 Frásagnir af kynferðislegu ofbeldi í Landakotsskóla og í sumardvöl

Í þessum kafla verður fjallað um frásagnir af kynferðislegu ofbeldi gegn börnum í Landakotsskóla og í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar í Stykkishólmi og Riftúni í Ölfusi. Með dæmunum sem tekin eru er leitast við að gefa sem skýrasta mynd af ofbeldinu eins og það kemur fram í frásögnum viðmælenda rannsóknar-nefndarinnar.

Meiri hluti þeirra sem ræddu við nefndina og voru í Landakotsskóla og/eða í sumardvöl, eða 21 af 30 nemendum, sögðust ekki hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eða vitað um að neitt slíkt ætti sér stað í Landakotsskóla, í Stykkishólmi eða Riftúni. Mörgum þessara fyrrverandi nemenda kom á óvart þegar fréttir birtust í fjölmiðlum um kynferðislegt ofbeldi og voru sumir mjög vantrúaðir á að það hefði átt sér stað. Nokkrir sögðust þó hafa orðið hugsuð yfir því þegar þeir litu til baka.

Átta af þeim 30 fyrrverandi nemendum Landakotsskóla sem nefndin ræddi við sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, þar af sex drengir og tvær stúlkur. Ein stúlka til viðbótar við þessa átta einstaklinga, sagði frá háttsemi sem er þess eðlis að vekja grunsemdir um að brotið hafi verið gegn henni kynferðislega.

Þessir níu einstaklingar voru fæddir á árunum 1948 til 1977 og voru í Landakotsskóla á tímabilinu frá 1954 til 1990. Fyrsta dæmið um ofbeldið er frá 1956 eða sama ári og séra George kom til Íslands, en önnur frá þeim tíma sem hann var skólastjóri Landakotsskóla og Margrét Müller kennari þar. Síðustu dæmin eru frá árinu 1988.

Hafa verður í huga að ekki var lagt mat á trúverðugleika einstakra frásagna og einnig, að hér er um fáar frásagnir að ræða og verður því að gæta varfærni þegar lagt er mat á kynferðislegt ofbeldi í Landakotsskóla og sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar á grundvelli þeirra. Þá verður að hafa í huga að langur tími er liðinn frá því atburðir þeir er fyrrverandi nemendur skýrðu frá gerðust, eða 24 til 56 ár. Vitað er að minni fólks versnar með tímanum þannig að svo langur tími getur valdið því að frásagnir verða ónákvæmar.<sup>99</sup>

Sú háttsemi sem hefur verið lýst af hendi séra George er þukl, strokur og „mjög gróft kát“ innan klæða og utan á kynfærum og bringu drengja og stúlkna. Frásagnir eru um að drengir og stúlkur hafi verið látin taka niður um sig buxur og leggjast yfir hné séra George, sem strauk og setti fingur í endaparm drengs og í kynfæri stúlkna. Þá eru frásagnir um að hann hafi snert kynfæri drengs með

---

<sup>99</sup> Gísli H. Guðjónsson: *Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony*. London 1992.

kennarapriki, að drengur hafi verið látinn þukla kynfæri hans, að drengur hafi verið látinn frá honum og hafa munnmök við hann. Fimm frásagnir eru um að séra George hafi frá sér á meðan hann átti við börnin, til dæmis með því að nudda sér við síðu drengs, skýla sér á bak við borð eða fara afsíðis. Flestir þessara einstaklinga sögðu að brotin hefðu átt sér stað á skrifstofu séra George í skólanum, skrifstofu hans eða vistarverum í presthúsinu og í sumarbúðunum í Stykkishólmi og Riftúni. Einstaka frásagnir voru um að brotin hefðu átt sér stað í handavinnustofunni í skólanum, á kennarastofunni og í íbúð Margrétar í Landakotsskóla. Tvær frásagnir eru um annarskonar hátterni séra George, en af svipuðum toga. Ein frásögn er um að drengur hafi verið látinn fylgja séra George á salerni þegar hann hafði hægðir og önnur frásögn um að hann hafi staðið yfir stúlkum á meðan þær pissuðu, að hans fyrirmælum, úti á hlaði í Riftúni.

Frásagnir eru um að séra George hafi gefið sumum börnum þær skýringar á háttsemi sinni að foreldri hefði beðið sig eða gefið sér leyfi til að refsa þeim fyrir misgjörðir heima fyrir eða vegna þess að þau stæðu sig ekki nægilega vel í náminu og einnig að hann verðlaunaði sum börn með gosi eða sælgæti að broti loknu. Þá eru frásagnir um að hann hafi varpað sök á börnin sem hann braut gegn, með því að gera þau ábyrg fyrir því sem hann gerði við þau, „þú mátt ekki gera mér þetta“, og hóttað sumum því að illa færi fyrir þeim og fjölskyldum þeirra ef þau segðu frá. Ein frásögn er um að séra George segði dreng að Guð myndi hafna honum og að hann myndi ekki fara til himnaríkis heldur brenna í víti ef hann segði frá.

Þrjú fyrrverandi nemendur Landakotsskóla, allir karlkyns, skýrðu frá kynferðislegu ofbeldi sem bæði George og Margrét beittu þá, ýmist saman eða sitt í hvoru lagi. Einn þessara viðmælenda lýsti þukli séra George og Margrétar á kynfærum sínum í nokkur aðgreind skipti, annars vegar í Landakotsskóla og hins vegar í Riftúni. Einn lýsti atvikum þar sem séra George og Margrét beittu hann grófu kynferðislegu ofbeldi saman og einn lýsti grófri háttsemi Margrétar þar sem séra George fylgdist með og frá sér.

Sú háttsemi sem lýst hefur verið af hálfu Margrétar Müller er að hún hafi látið tvo til þrjú drengi afklæða sig til skíptis og horfa á hvorn annan og stundum snert kynfæri þeirra með priki, hún hafi þuklað á kynfærum drengs, hún hafi togað dreng á kynfærunum um skólastofuna, haft munnmök við dreng, látið dreng þukla á kynfærum sínum og brjóstum. Ein frásögn er um að séra George og Margrét hafi látið tvo drengi afklæðast og nudda kynfærum sínum við rass hvors annars og sjúga kynfæri hvors annars á meðan þau horfðu á. Þá eru frásagnir um að Margrét hafi látið drengi hafa munnmök við sig, látið drengi nudda kynfærum sínum við kynfæri sín og reynt að hafa við þá samfarir og sett fingur í endaparm

drengs þannig að það blæddi. Tvær frásagnir eru um að Margrét hafi verið með einhverja aðskotahluti, t.d. kerti, sem hún ætlaðist til að drengirnir notuðu á hana í kynferðislegum tilgangi og hún á þá. Í einu tilviki var sagt frá grunsemdum um að Margrét hafi gefið stúlku svefnlyf og einhver beitt hana kynferðislegu ofbeldi í kjölfarið. Stúlkan sagði frá því að hafa staðið fyrir utan skrifstofu séra George og heyrð í vinkonu sinni þar fyrir innan biðja séra George um að hætta einhverju og hún verið þess fullviss að hann væri að beita hana ofbeldi (viðkomandi nemandi sagðist í viðtali við rannsóknarnefndina hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu séra George í umrætt sinn). Margrét hafi þá komið að og staðið sig að verki, leitt sig inn í kennslustofu og gefið sér drykk. Stúlkan hafi þá liðið út af og rankað við sér síðar, liggjandi á bekk, mjög aum í endaparmi þannig að það blæddi úr í nokkra daga á eftir. Hafi Margrét gefið þá skýringu að stúlkan hefði misst stjórn á sér, verið andsetin og dottið niður stiga. Ein frásögn er um að Margrét hafi látið nemendur í 8 ára bekk fara úr fötum í kennslustund, öðru en nærfötum, og dansa uppi á borði með þeim orðum að þetta væri „svo krúttlegt“.

Margrét var sögð hafa hótad börnum því að illa færi ef þau segðu frá með svipuðum hætti og séra George ásamt því að hótta þeim með líkamlegu ofbeldi.

Átta frásagnir voru um að ofbeldið hefði gerst á skólatíma, þannig að nemendur voru kallaðir úr tíma inn á skrifstofu skólalajara. Fjórar frásagnir voru um að það hefði gerst eftir skólatíma, tvær frásagnir þegar nemendur voru látnir sitja eftir, ein frásögn þegar að nemandi var í aukatíma hjá séra George, og ein frásögn þegar nemandi var að aðstoða séra George. Tvær frásagnir voru um að ofbeldið hefði átt sér stað eftir háttatíma á kvöldin og á nóttunni í Riftúni, þannig að drengir voru sóttir í svefnskála og farið með þá í aðrar vistarverur í húsinu. Þá eru einstaka frásagnir um að ofbeldið hafi gerst á morgnana í Riftúni eða um dag í Stykkishólmi.

Sex af þeim níu fyrrverandi nemendum, sem sögðu frá kynferðislegu ofbeldið af hálfu séra George og Margréttar, sögðu að ofbeldið hefði staðið yfir í langan tíma eða í tvö til sjö ár og jafnvel mest alla skólagöngu viðkomandi í Landakotsskóla og það hafi jafnvel átt sér stað tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Tvær frásagnir eru um eitt skipti og ein frásögn um nokkur skipti. Þrjár frásagnir voru um að ofbeldið hefði ekki hætt fyrr en viðkomandi nemandi hætti í Landakotsskóla og í þremur tilvikum sögðust viðmælendur sjálfir hafa stöðvað háttsemina. Í tveimur tilvikum var óljóst hvenær ofbeldið hætti og eins og áður segir þá voru tvær frásagnir um ofbeldi sem gerðist aðeins einu sinni.

## 4.5 Frásagnir af öðru ofbeldi í Landakotsskóla og í sumardvöl

Í þessum kafla verður gerð nánari grein fyrir frásögnum af andlegu<sup>100</sup> og líkamlegu ofbeldi í Landakotsskóla og í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar frá sjötta áratug síðustu aldar og allt til 2003. Leitast verður við að gefa sem skýrasta mynd af ofbeldinu eins og það kemur fram í frásögnum viðmælenda rannsóknarnefndarinnar með því að nefna dæmi um einstök atvik.

Eins og áður hefur verið skýrt frá verður að hafa í huga að ekki var lagt mat á trúverðugleika einstakra frásagna. Þótt um frásagnir af reynslu nokkuð margra fyrrverandi nemenda sé að ræða þá þarf að gæta varfærni þegar lagt er mat á líkamlegt og andlegt ofbeldi í Landakotsskóla og sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar á grundvelli þeirra. Ekki var gerð skipuleg könnun á reynslu þeirra sem verið höfðu í Landakotsskóla á því tímabili sem rannsóknin tók til og ber að varast að alhæfa um líðan barna í skólanum út frá þessum frásögnum. Þá verður einnig að hafa í huga að langur tími er liðinn frá því að atburðir þeir er sumir fyrrverandi nemendur skýrðu frá gerðust. Eins og kom fram í kafla 4.4 er vitað að minni fólks versnar með tímanum og að upprifjanir fólks á löngu liðna atburði geta því verið ónákvæmar.

### 4.5.1 Agi í Landakotsskóla og í sumardvöl á vegum kirkjunnar

Við lestur eftirfarandi frásagna af líkamlegu og andlegu ofbeldi í Landakotsskóla og sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar er vert að hafa í huga að miklar breytingar áttu sér stað í samfélaginu á því tímabili sem hér um ræðir, sem endurspegluðust meðal annars í skólastarfi og uppeldisaðferðum. Margir viðmælendur nefndarinnar bentu á þetta. Öllum bar saman um að Landakotsskóli, undir stjórn séra George, hefði verið mjög strangur skóli og að þar hafi ríkt mikill agi. Jafnframt var bent á að slíkt hafi ekki verið einsdæmi og nefndu nokkrir aðra skóla þar sem agi og gömul gildi ríktu.

Hafa má einnig í huga að börn eru misjafnlega viðkvæm og koma úr ólíkum aðstæðum. Einu barni getur hentað vel að búa við aga og reglufestu, en öðrum börnum getur liðið illa í slíku andrúmslofti, jafnt þeim sem sæta agaviðurlögum og þeim sem verða vitni að beitingu þessa. Frásagnir viðmælenda rannsóknarnefndarinnar af einstaka atvikum og háttsemi, sem viðkomandi ýmist sagðist hafa orðið fyrir eða orðið vitni að, einkennast nokkuð af mismunandi mati þeirra á því hvort um brot hafi verið að ræða eða ekki.

---

<sup>100</sup> Öðru en því andlega ofbeldi sem telja má fylgja kynferðislegu ofbeldi.



#### 4.5.2 Frásagnir af líkamlegu ofbeldi

Fáar frásagnir voru um beint líkamlegt ofbeldi eins og það er skilgreint í þessari skýrslu (sjá kafla 4.2). Fáeinir viðmælenda rannsóknarnefndarinnar sögðu að þau sjálf eða aðrir nemendur hefðu verið slegnir með lófa eða priki, aðallega á hendur, fingur eða rass. Einn kvað skólasystur, sem var með skarð í vör, hafa verið barða með priki af séra George svo að blæddi úr. Þá var einnig vitnisburður um að börnum hefði verið ýtt eða togað í þau, eða þau rifin upp á eyrum.

Tvær frásagnir eru um að séra George hafi ætlað að rasskella nemanda. Í öðru tilvikinu hafi nemandi verið sendur til séra George í refsingarskyni og hann spurt að því hvað hann ætti að gera við hana, hvort hann ætti ekki bara að flengja hana, án þess þó að láta verða að því. Í hinu tilvikinu hafi hann spurt ömmu nemanda hvort hann mætti rasskella hana en amman neitaði honum um leyfi til þess. Amman sagði nemandanum frá þessu síðar.

Það vakti athygli rannsóknarnefndarinnar að sumir svöruðu neitandi í fyrstu þegar spurt var hvort beitt hefði verið líkamlegu ofbeldi en lýstu svo háttsemi, sem telja verður falla að þeirri skilgreiningu, þegar spurningar voru áréttáðar. Áberandi var hversu lítið var gert úr líkamlegu ofbeldi, jafnvel af hálfu þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir því. Að einhverju leyti virtist það tengjast tíðarandanum í samfélaginu, sumir tóku fram að þeir hefðu þurft að þola það sama eða verra heima hjá sér og þá virtist líkamlegt ofbeldi falla í skuggann af andlegu og kynferðislegu ofbeldi sem viðkomandi töldu sig hafa orðið fyrir eða orðið vitni að.

#### 4.5.3 Frásagnir af andlegu ofbeldi

Frásagnir af andlegu ofbeldi komu fram í viðtölum við fyrrverandi nemendur Landakotsskóla og börn í sumardvöl, við aðstandendur barna og í viðtölum við fyrrverandi starfmenn Landakotsskóla og Riftúns. Í sumum tilvikum er um sömu aðila að ræða, það er sumir höfðu allt í senn verið nemendur í skólanum, síðar átt þar börn og jafnvel starfað þar um lengri eða skemmri tíma. Sumir viðmælendur sögðu frá ofbeldi gagnvart einu barni en aðrir nefndu marga þolendur, nafngreinda og ónafngreinda.

Af 30 viðmælendum rannsóknarnefndinnar sem verið höfðu nemendur í Landakotsskóla eða í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar greindu 27 frá því að hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi eða að hafa orðið vitni að andlegu ofbeldi, 12 drengir og 15 stúlkur. Til viðbótar skýrðu níu aðstandendur frá slíkri reynslu ýmist eigin barna eða annarra barna. Frásagnir vörðuðu nemendur sem voru

fæddir á árunum frá 1947 til 1995 og voru í Landakotsskóla á tímabilinu frá 1954 til 2003. Úr hópi 20 kennara og annarra starfsmanna voru 16 sem sögðu frá því að þeir teldu börn í skólanum hafa sætt andlegu ofbeldi eða höfðu heyrt kvartað yfir því.

Allar frásagnirnar af andlegu ofbeldi í Landakotsskóla og sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar snerta Margréti og í mörgum þeirra er einnig skýrt frá slíku hátterni séra George. Viðmælendur báru Margréti fremur neikvæða sögu og voru ummæli sumra þeirra afgerandi, „Margrét er einhver hræðilegasta manneskja sem ég hef kynnst“ „Margrét var hreinræktaðasti sadisti sem ég hef kynnst“. Hún var sögð „ógeðfæld“, „tjúlluð í skapinu“, „klikkuð“, „geðveik“, „tvíklofin, ýmist æðisleg eða grimm“, „ónægætin“, „dyntótt“, „órétlát“, „sálar-morðingi“, „illmenni“ og „bölvuð skepna“. Í hópi kennara og starfsmanna voru viðmælendur sem sögðu til dæmis „[börn] voru hrædd við hana“, „hún var, ef ég má orða það þannig, ekki heil sko, það var alveg augljóst“, „hún var náttúrulega stórkostlega afbrigðileg ... næstum því bara hrein illska sem maður sá í henni stundum að manni fannst, því miður þannig var það“, „ábyrgðarhluti af kaþólsku kirkjunni að hafa hana innan um börn“, „hún átti aldrei að vera í þessu starfi“, „hún hefði náttúrulega aldrei átt að kenna nokkrum nokkurn skapaðan hlut“ og að Margrét hafi „kannski aldrei átt að koma nálægt kennslu og aldrei að koma nálægt börnum“.

Fjölmargir viðmælendur sögðu Margréti hafa mismunað nemendum gróflega. Hún hefði átt sér uppáhaldsnemendur, hunsað suma en lagt fæð á aðra. Mismununin hefði komið fram í því að hún umbunaði uppáhaldsnemendum sínum, til dæmis með því að hrósa þeim stöðugt fyrir framan aðra og bjóða þeim í vistarverur sínar í skólanum, en öðrum ekki og með því að refsar frekar þeim sem ekki voru í uppáhaldi en hinum, niðurlægja þau með því að gera grín að þeim fyrir framan aðra nemendur, hlæja að þeim og segja þau heimsk og stundum hafi hún grætt þau. Þessi niðurlæging hafi iðulega verið kerfisbundin og staðið árum saman gagnvart einstaka nemendum. Einn viðmælandi sagði meðal annars:

Margrét valdi sér börn til að niðast á af einstakri kostgæfni. Hún kortlagði veikleikana og nýtt sér þá. Í stað þess að veita þeim stuðning sem á honum þurftu að halda braut hún þessi börn niður. Ofbeldið átti sér margar birtingarmyndir. Börn voru höfð út undan. Hún valdi börn af handahófi í lok skóladags til að sitja eftir til að sæta refsingu fyrir engin afbrot. ... Hún notaði tímann til að niðurlægja okkur. Hæðast að námsgetu, klæðnaði, útliti eða heimilisaðstæðum. ... Stundum niðurlægði hún börnin framan við aðra á sérstakan hátt [sic] ... gerði þeim grikk en lét líta út fyrir að þau væru heimsk.

Nokkrir nefndu einnig að því hefði fylgt mikið álag að vera í uppáhaldi hjá Margréti og að reyna að standa undir kröfum hennar og það hefði skapað streitu og vanlíðan hjá þeim. Einn viðmælandi sagði að hún hefði verið í „ónád“ hjá öðrum nemendum vegna þessa og dæmi eru um frásagnir um að framkoma Margrétar hafi skapað það mikinn kvíða hjá börnum, að þeim hafi verið illt í maga og kastað jafnvel upp, svo foreldrar hafi þurft að leita lækninga fyrir þau. Dæmi má nefna af stúlku sem sagðist hafa verið í náðinni, staðið sig mjög vel í skólanum og liði þar vel. Kvaðst hún hafa látið bróður sinn kýla sig í magann eitt sinn þegar hún hafði ekki náð að ljúka verkefni sem hún átti að skila Margréti. Tilgangurinn var að hún yrði veik og gæti ekki farið í skólann þar sem hún hræddist svo viðbrögð Margrétar.

Fjölmargir viðmælendur sögðu Margréti hafa verið mjög „refsiglaða“. Nefnt var að nemendur hefðu í refsingarskyni verið látnir sitja eftir fyrir smávægilegar eða engar yfirsjónir, jafnvel þannig að þeir hefðu misst af jólastemmtun skólans eða afmæli samnemanda. Þá voru nemendur látnir skrifa 50 eða 100 sinnum á töfluna eða í stílabók um yfirsjónir sínar eða gert að vinna í skólanum, til dæmis við þríf. Einnig voru nefnd dæmi um annars konar refsingar fyrir tilbúnar eða engar sakir.

Nokkrir viðmælendur nefndu að Margrét hefði rakið upp þrjón sem þau komu með í handavinnutíma vegna þess að hún taldi einhvern aðstandanda hafa þrjónað fyrir nemandann og nokkrir nefndu að Margrét hefði eyðilegt verkefni þeirra, svo sem teikningar og stíl ef henni mislíkaði. Hún reif til dæmis stíl og fleygði honum í ruslafötu, en límdi hann svo saman og sýndi nemendum í öðrum bekk í háðungarskyni. Einn nemandi bar að hún hafi látið hann skríða á gólfi kennslustofunnar til þess að leita að nál, sem hún hafi sjálf verið með. Einn nemandi sem lýsti margháttuðu andlegu ofbeldi, sagði meðal annars:

Það var ómögulegt að gera henni til hæfis, ef handavinnan var of mikil eða vel gerð mátti ég rekja allt upp og sitja eftir. Undir hennar eftirliti átti ég svo að vinna verkið aftur og fá hennar samþykki. Ef ég gerði ekki nóg heima þurfti ég líka að sitja eftir og bæta ráð mitt. ... Svo var auðvitað guð á vaktinni og eins gott að standa sig og ekki ætlast til neins, alls ekki tala um neitt eða klaga, það gæti skapað mikil vandræði.

Rétt er að geta þess að sumir viðmælenda báru um að Margrét hefði helgað líf sitt Landakotsskóla, unnið mikið, verið mikil handavinnukona og áhugasöm um starfsemi og hag skólans. Einn viðmælandi nefndarinnar lýsti þessu þannig:

Kennsluhættir hennar voru æði sérstæðir, einn daginn tók hún t.d. einn nemanda fyrir og hældi á hvert reipi, en daginn eftir lét hún skammirnar dynja á sama nemanda. Var hún því ekki sérlega vel þokkuð meðal nemenda og barst þetta auðvitað til foreldra, sem voru margir mjög ósáttir við kennslu- og uppleiðsaðferðir hennar. Annars lifði og starfaði umrædd Margrét fyrir börnin, var þeim mjög góð, kenndi handavinnu og börnin voru jafnan velkomin í vistarverur hennar, sem voru í turni skólans.

Í tæplega helmingi tilvika var sagt frá andlegu ofbeldi séra George eða þátttöku hans í andlegu ofbeldi Margrétar. Frásagnir voru um að þau hefðu bæði verið refsiglið og ströng. Margrét hefði klagt í séra George, eða sent nemendur til hans, og þau svo sameinast um refsinguna. Nefnt var að séra George hafi verið ógnandi og stjórnað með augnaráðinu, hann hafi glímt við skapsveiflur og notuð voru orð eins og „grimmur“, „ofsafenginn“ og „illmenni“. Þá hefði hann mismunað nemendum og tekið nokkra fyrir og niðurlægt kerfisbundið, með samskonar hætti og Margrét. Einn viðmælandi kvað séra George hafa grætt sig á hverjum degi, annar viðmælandi hafði á orði:

Ég hélt að ég myndi deyja, svo ákvað ég að gera allt sem ég gæti til að þóknast þeim, það kom allt fyrir ekki ... alveg sama hvernig ég reyndi að bæta mig, gat ég aldrei gert þeim til geðs.

Einn viðmælandi sem sagðist hafa sætt margvíslegu andlegu ofbeldi lýsti því að hafa alveg frá sex ára aldri verið látin vinna að staðaldri við tiltekt og þrif á skólahúsnæðinu eftir skólatíma og einnig verið ein látin þrifa og búa um rúm í Riftúni.

Fjórir viðmælendur sögðust hafa verið í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar í Stykkishólmi, en enginn þeirra greindi með beinum hætti frá andlegu ofbeldi þar. Tíu viðmælendur sögðu frá því að hafa orðið fyrir eða orðið vitni að andlegu ofbeldi í Riftúni og til viðbótar sögðu þrír aðstandendur frá reynslu fimm einstaklinga sem þar dvöldust sem börn. Frásagnir þessara viðmælenda voru misjafnar, en flestir þeirra lýstu neikvæðri reynslu og nokkrir nefndu dæmi um andlegt ofbeldi. Þá skýrðu nokkrir aðstandendanna frá því að börn þeirra hafi litið illa út þegar þau voru sótt, þau hefðu verið skítug og sum hafi verið miður sín eftir dvölinni í Riftúni. Allir báru um að börnin hefðu ekki fengið að hringja heim til foreldra sinna á meðan á dvölinni stóð og foreldrar hefðu ekki mátt tala við börn sín í síma. Á þessari reglu var gefin sú skýring að það væri til þess að öll börnin

væru eins sett að þessu leyti. Nokkrar frásagnir eru einnig um að bréf barnanna hafi verið ritskoðuð og hafi ekki borist heim til foreldra barnanna ef í þeim var kvartað yfir dvölinni. Einn viðmælandi nefndarinnar sagðist hafa verið kallaður fyrir séra George vegna þess að hún hafði skrifað móður sinni bréf og kvartað yfir dvölinni í Riftúni og beðið hana að sækja sig þangað. Séra George hafi kastað bréfi hennar á borðið og spurt hvort þau væru ekki alltaf góð við hana og móður hennar.

Tvær frásagnir voru um að börn hefðu verið þvinguð til að borða hafragraut þó að þau hefðu ekki matarlyst, eða segðu að þeim væri illt í maganum, ein frásögn var um að sex ára gamalt barn hefði verið látið borða grautinn eftir að hafa kastað upp á diskinn. Þá eru frásagnir um að börnum hafi verið refsað fyrir að pissa undir, pissa í sig og fyrir að pissa úti, með því að uppnefna þau, láta þau skola sjálf úr fötum sínum og rúmfötum í köldum læk og sofa í rökum rúmfötum. Börnunum hafi verið þvegið með því að láta þau stilla sér upp í röð og spúla síðan á þau úr vatnsslöngu.

#### 4.6 Frásagnir af afleiðingum ofbeldis

Nokkrir af viðmælendum rannsóknarnefndarinnar greindu frá afleiðingum ofbeldis þess er þeir sögðust hafa orðið fyrir af hálfu starfsmanna Landakotsskóla eða sumardvalarheimila kaþólsku kirkjunnar, bæði skammtíma- og langtíma-afleiðingum.

Frásagnir eru um að ofbeldið hafi haft þær afleiðingar að nemendur fóru grátandi úr tíma, voru óttaslegnir, kvíðnir og með höfuðverk, magaverk og jafnvel uppköst og magabólgur. Þrjár frásagnir voru um nemendur sem þurftu lækni- aðstoð vegna þessa. Ein frásögn er frá nemanda sem greindi frá því að nokkrum sinnum hefði liðið yfir hann í skólanum vegna hræðslu við séra George og Margréti og hann hefði verið til rannsóknar á spítala vegna þessa í þrjá daga. Tvær frásagnir tveggja aðstandenda voru um að þurft hefði að leita lækni- aðstoðar vegna ástands nemanda. Annar þessara tveggja viðmælenda greindi frá því að hafa leitað með barn sitt til lækni vegna streitu og líkamlegra einkenna og hafi lækni- rínn þá spurt að fyrri bragði hvort barnið væri í 3. bekk í Landakotsskóla hjá Margréti Müller. Hafi lækni- rínn sagt að þetta væri ekki fyrsta barnið úr bekk Margrétar sem hann hitti með slík kvíðaeinkenni.

Fjórar frásagnir voru af því að nemendur neituðu að fara í skólanum vegna tiltekinna atvika sem upp komu einu sinni eða oft. Einn fór í annan skóla, einn var utan skóla síðustu mánuði skólaársins, einn fór aftur í skólann eftir nokkra

daga, einum var gert að halda áfram í skólanum eftir að skólagjöld höfðu verið felld niður.

Sambærilegar frásagnir eru um sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar. Nokkrir viðmælenda sögðust ekki hafa sent börn sín í Riftún eftir að hafa verið sjálf í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar. Einnig eru dæmi um börn sem neituðu að fara í sumardvöl í Riftúni vegna reynslu sinnar í skólanum.

Frásagnir voru um að fyrrverandi nemendur hefðu fundið fyrir mikilli líkamlegri og tilfinningalegri vanlíðan við að heyra í séra George eða Margréti eða sjá þau á götu úti og viðkomandi jafnvel forðað sér þegar það gerðist. Aðrir sögðust hafa orðið vitni að slíkum viðbrögðum hjá öðrum. Einn viðmælandi sagði:

Þegar ég var fullorðin og sá annað hvort þeirra varð ég háflömuð af hræðslu og hryllingi. Mér leið bara eins og ég væri aftur barn og barðist bara við tárin ... sárin sitja eftir á sálinni.

Ýmsir viðmælendanna greindu frá margvíslegum afleiðingum ofbeldis sem þau urðu fyrir í Landakoti eða sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar og sem hefðu varað fram á fullorðinsár. Nokkrir viðmælenda brustu í grát í viðtali hjá nefndinni þegar rifjaðar voru upp minningar af séra George og Margréti.

Einn viðmælandi sagðist hafa hugsað sér og gert áætlanir um að vinna séra George og Margréti alvarlegt mein í hefndarskyni. Annar vann skemmdarverk á eignum kirkjunnar. Þá má geta þess að nokkrir einstaklingar hafa kært til lögreglu ofbeldi, sem þeir segjast hafa orðið fyrir í Landakotsskóla, í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar eða af hálfu prests.

#### 4.7 Samantekt um frásagnir

Enn og aftur er vert að undirstrika að það er ekki hlutverk rannsóknarnefndarinnar að leggja mat á trúverðugleika frásagna um ofbeldi og afleiðingar þess. Engu að síður þykir mikilvægt að nefna hér nokkur atriði sem almennt eru höfð í huga þegar meta skal trúverðugleika frásagna.<sup>101</sup>

Eitt af þeim atriðum sem litið er til er hversu langur tími líður frá því að atburðir gerast og þar til viðkomandi segir frá. Langur tími getur valdið ónákvæmni í frásögnum vegna þess að minni versnar almennt með tímanum.

---

<sup>101</sup> Hér er höfð til hliðsjónar *Skýrsla nefndar skv. lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*, bls. 93-97, einnig álitserð Gísla H. Guðjónssonar prófessors í réttarsálfræði sem fylgdi ofangreindri skýrslu sem fylgiskjal nr. 3.

Frásagnir fólks byggjast ekki einvörðungu á því sem það varð vitni að eða upplifði heldur geta upplýsingar sem fást eftir atvikin einnig haft áhrif. Þessi áhrif geta verið meiri ef mikil fjölmiðlaumræða á sér stað, svo og samræður milli þeirra sem upplifðu atburði. Við mat á sannleiksgildi frásagna er almennt litið til þess hvort önnur atvik styðji frásögn, svo sem hvort þeir sem upplifðu atburði skýrðu einhverjum frá þeim á þeim tíma sem atburðir áttu sér stað eða fljótlega á eftir. Sú staðreynd að sumir skýri frá ofbeldi en aðrir ekki þarf ekki að draga úr trúverðugleika þeirra sem skýra frá atvikum. Nefnt hefur verið að ýmsar ástæður geti legið því að baki að einstaklingar skýri ekki frá reynslu sinni af ofbeldi sem þeir hafa upplifað eða orðið vitni að. Skýringar geti meðal annars verið þær að viðkomandi hafi gleymt atburðum eða honum þyki of erfitt eða sársaukafullt að rifja upp og ræða það sem gerðist.

Þótt ekki hafi verið lagt mat á trúverðugleika einstakra frásagna viðmælenda rannsóknarnefndarinnar, eins og þeim hefur verið lýst í köflum 4.4, 4.5 og 4.6, ber að geta þess að þær voru allar ítarlegri en fram kemur hér í skýrslunni og hlutar af heildrænum frásögnum af reynslu viðmælenda eða aðstandenda þeirra af verunni í Landakotsskóla eða í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar. Nokkur atriði má draga saman úr frásögnum viðmælenda rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar sem skipta máli í þessu sambandi.

Margir viðmælenda rannsóknarnefndarinnar sögðu frá ýmsum smáatriðum í tengslum við lýsingar sínar á ofbeldinu og í frásögnum ólíkra aðila komu fram lýsingar á sömu eða sambærilegum atriðum, svo sem um gula fingur og meгна lykt af séra George og þætti í háttsemi hans og skapferli í aðdraganda, meðan á ofbeldi stóð og eftir á. Einnig má nefna samræmi í lýsingum á hótunum séra George og Margrétar og réttlætningum þeirra á ofbeldisverkunum.

Flestir viðmælenda nefndarinnar sem sögðu frá alvarlegasta ofbeldinu komu úr ólíkum áttum, eru á ólíkum aldri og engin augljós tengsl eru á milli þeirra, að undanteknu því að flestir þeirra sem sögu frá kynferðislegu ofbeldi áttu kaþólska fjölskyldu. Allmargir viðmælenda nefndarinnar sögðu að félagslegt bakland barna hefði haft áhrif á hvernig komið var fram við þau í skólanum, og hafi það bæði átt við séra George og Margréti. Þá hafi börnum verið hótáð að eitthvað kæmi fyrir fjölskyldu þeirra ef þau kvörtuðu heima.

Sumir viðmælendanna höfðu sagt frá ofbeldinu áður en þeir ræddu við rannsóknarnefndina. Nokkrir sögðust hafa sagt vinum eða fjölskyldu frá löngu áður en umræða kom upp í fjölmiðlum og var það staðfest í einhverjum tilvikum í frásögnum aðstandenda þeirra eða vina. Aðrir sögðust hafa sagt frá í viðtölum við sérfræðinga eða í meðferð af einhverju tagi og nokkrir sögðust hafa komið

ásökunum á framfæri innan kirkjunnar, en nánar verður vikið að þeim tilvikum í kafla 6. Þá höfðu nokkrir viðmælenda nefndarinnar gefið skýrslu um ofbeldið hjá lögreglu og skýrt frá því í fjölmiðlum. Aðrir voru að segja rannsóknarnefndinni frá í fyrsta sinn.

Þá má geta þess að nokkrir viðmælendur rannsóknarnefndarinnar óskuðu sérstaklega eftir viðtali við nefndina til að undirstrika að þeir hefðu ekki orðið fyrir ofbeldi, hvorki í Landakotsskóla né í sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar, en sögðu svo frá því í viðtali að hafa orðið vitni af andlegu ofbeldi sem Margrét hefði beitt aðra nemendur.

Bæði fyrrverandi nemendur og kennarar könnuðust við að börn hefðu verið kölluð úr tíma til skólastjóra, oft þannig að Margrét hafi komið og sótt nemanda sem skólastjóri hafi viljað tala við. Fjölmarginir fyrrverandi nemendur sem þó sögðust ekki hafa orðið fyrir ofbeldi báru að einstaka nemendur hafi verið látnir sitja eftir fyrir litlar sem engar sakir. Einhverjir af þeim sem voru í Riftúni sögðu að nemendur hefðu verið leiddir að kvöld- eða næturlagi úr svefnskálanum.

Lýsingar fyrrverandi samstarfsmanna í Landakotsskóla, sem rannsóknarnefndin ræddi við, á séra George og Margréti og hegðun þeirra, voru að mörgu leyti á sama veg og lýsingar fyrrverandi nemenda, að því undanskildu að enginn þeirra sagðist hafa orðið vitni af eða heyrt um kynferðislegt ofbeldi af þeirra hálfu fyrr enn fréttir um það birtust í fjölmiðlum, utan einn sem sagðist hafa heyrt óstaðfestar sögusagnir um slíkt um 1984.

Hér má einnig nefna að fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförunum áratugum um kynferðislegt ofbeldi af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kaþólsku kirkjunnar í heiminum, meðal annars á eðli, aðstæðum og umfangi ofbeldis. Þrátt fyrir að í gögnum rannsóknarnefndarinnar sé ekki að finna mörg mál má sjá vissar hliðstæður. Verður hér látið nægja að nefna skýrsluna *The Nature and Scope of the Problem of Sexual Abuse of Minors by Priests and Deacons* frá 2004 sem unnin var af Karen Terry og fleirum við John Jay College of Criminal Justice fyrir U.S. Conference of Catholic Bishops.<sup>102</sup> Skýrslan var skrifuð að beiðni kaþólsku kirkjunnar í bandaríkjunum í kjölfar verklagsreglna sem settar voru árið 2002 um vernd barna gegn ofbeldi og er hún byggð á mjög viðamiklum gögnum um fyrirliggjandi brot á árunum 1950-2002. Í ljós kom að flestir brotlegra presta höfðu hlotið prestvígslu á árunum 1950-1970. Brot gegn drengjum voru mun algengari en almennt á við um kynferðisbrot gegn börnum, þar sem fleiri brot eru

---

<sup>102</sup> Washington DC: USCCB, 2004. Sjá einnig Berglind Guðmundsdóttir: „Fræðileg greinargerð um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis“. *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot*, viðauki, bls. 229-248.



almennt framin gegn stúlkum. Í flestum tilvikum var hin kynferðislega háttsemi af fjölbreyttu tagi og flestir þolendur voru beittir ofbeldi oftast en einu sinni. Ofbeldið átti sér oftast stað í vistarverum eða á vinnustað prests eða starfsmanns. Þá var algengt að gerendur væru í góðum tengslum við þolanda og fjölskyldu hans.

## 5. FRÁSÖGN UM KYNFERÐISLEGA MISNOTKUN GEGN FULLORÐNUM EINSTAKLINGI

Einn einstaklingur E, kveðst sem fullorðinn maður hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu séra Y. Séra Y lést árið 2008. Sagðist E hafa glímt við talsverða andlega og félagslega erfiðleika og hann farið í áfengismeðferð um 36 ára gamall. Í kjölfar þess hafi honum verið gefinn kostur á að aðstoða séra Y við tiltekt og önnur viðvik gegn greiðslu launa en presturinn hafi verið gamall fjölskylduvinur. Átti vinnan og samskiptin við prestinn að hjálpa honum við að ná tökum á lífi sínu. E sagði frá því að séra Y hefði sýnt sér klámmyndir í tölvunni sinni, rætt við sig um kynferðissambönd karlmanna og að hann hefði fundið „hommablöð“ í herbergi prestsins. Hafi séra Y sagt að E hefði gott af því að bera sig fyrir framan hann þar sem það myndi veita E frelsi í samskiptum við annað fólk. Sagðist E í fyrstu hafa neitað þessu en séra Y hefði þá reiðst og heimtað að E endurgreiddi þau laun sem hann hafði fengið. Sagðist E að lokum hafa orðið við kröfum séra Y um að fara úr öllum fötunum og stilla sér upp fyrir hann. Hafi séra Y farið fram á að fá að snerta E sem sagðist hafa alfarið neitað því. Að sögn E endurtók hann þetta alltoft á um 18 mánaða tímabili. Sagðist E hafa verið mjög brotinn maður á þessum tíma og taldi hann séra Y hafa með þessari háttsemi notfært sér erfiðar aðstæður sínar undir formerkjum sálgæslu og handleiðslu.

## 6. ÁSAKANIR UM OFBELDISBROT

### 6.1 Almennt um ásakanir

Í kafla 4 og 5 var gerð grein fyrir *frásögnum* um ofbeldi. Í þessum kafla verður hins vegar fjallað um þau tilvik þar sem komið var á framfæri *ásökunum* vegna tiltekinnar háttsemi vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar með þeim hætti að kirkjan hafi haft tilefni og möguleika til að bregðast við. Í kafla 7 verður gerð grein fyrir svörum þeirra sem sagt er að ásökunum hafi verið komið á framfæri við og síðan verða dregnar ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana, í samræmi við hlutverk rannsóknarnefndarinnar.

Af 85 viðmælendum rannsóknarnefndarinnar sögðu 38 frá ásökunum af einhverju tagi, sem snerta viðfangsefni nefndarinnar. Þar af báru fjórir viðmælendur rannsóknarnefndarinnar fram ásakanir um kynferðisbrot gegn sér af hálfu séra George og/eða Margrétar og þrír þeirra ítrekað. Flestar ásakanir beindust á hinn bóginn að andlegu ofbeldi af hálfu Margrétar við kennslu í Landakotsskóla, á sumardvalarheimilinu Riftúni, í fermingarfræðslu sem fór fram í skólanum og í sunnudagaskóla. Margrét var fyrst og fremst ásökuð um háttsemi sem flokka má sem einelti, en rætt var almennt um mismunun, harðneskju, vanrækslu og vanhæfni hennar til að kenna börnum. Eru sumar þessara ásakana alvarlegar. Ásakanir af svipuðu tagi hafa einnig beinst að séra George, en í mun minna mæli. Upplýsingar eru um örfáa aðra einstaklinga sem ásakanir hafa beinst að og verður gerð grein fyrir þeim sérstaklega.

## 6.2 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi

### 6.2.1 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George og Margrétar Müller

Alls fjórir viðmælendur sögðust með einhverju móti hafa komið á framfæri ásökunum um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George og/eða Margrétar Müller. Verður hér gerð nokkur grein því með hvaða hætti sagt er að ásökun hafi verið komið á framfæri.

#### a) Ásakanir um brot gegn A

Elsta tilvikið er frá árinu 1964. Kona A, sem lýst hefur ítrekuðu ofbeldi af hálfu séra George á árunum 1960 til 1963, kvaðst þá hafa sagt foreldrum sínum frá ofbeldinu. Hún var þá 13 ára gömul og hafði lokið Landakotsskóla. Séra George hafði hringt og boðið henni aukatíma í stærðfræði til þess að undirbúa hana undir að byrja í öðrum skóla. Nokkru áður hafði hún risið upp gegn ofbeldinu og það hætt. Þegar móðir hennar undraðist að hún vildi ekki þiggja aðstoðina sagði hún frá. Hún bar að faðir hennar hafi farið rակleitt í Landakot og tekið leigubíl báðar leiðir, sem hafi verið mjög óvenjulegt. Hún vissi ekki hverja hann hitti en telur að hann hafi talað við biskup, sem þá var Jóhannes Gunnarsson. Föður hennar hafi verið mjög brugðið er hann kom til baka og málið hafi ekki verið rætt frekar. Hún kvað móður sína síðar hafa sagt sér að faðirinn hafi farið erindisleysu, honum hafi verið tjáð að stúlkan hefði fjörugt ímyndunarafl og að þetta gæti ekki verið rétt.

Sama kona kvaðst árið 1988 hafa tímabundið notið aðstoðar nunnuna á heimili sínu. Kvaðst hún hafa sagt henni frá ofbeldinu. Viðbrögð nunnunnar hafi verið „eigum við ekki bara að biðja fyrir honum“. Mundi hún ekki nafn hennar.

A kvaðst einnig hafa rætt reynslu sína við fjóra presta. Fyrst séra Alfons Mertens um það leyti sem hún gifti sig árið 1969. Taldi hún að hann hefði ekki sagt þetta neinum öðrum. Árið 1985 hafi hún talað við séra Hjalta Þorkelsson þegar hann jarðsöng föður hennar og hefðu viðbrögð hans verið „æ, æ, æ, æ, þetta er agalegt“, síðan hafi ekki verið á þetta minnst. Hann jarðsöng einnig móður hennar árið 1991. Um 1990 sagði hún tvo presta hafa komið heim til sín, séra Hjalta og líklega séra Patrick Breen. Aðdragandanum lýsti hún svo að eiginmaður hennar hafi hringt í mikilli reiði í Landakot og borið fram ásökun vegna þess að kona hans hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu séra George þegar hún var nemandi í Landakotsskóla. Hafi þetta komið til af því að hún hafði brotnað niður og sagt manni sínum frá ofbeldinu þar sem þau horfðu á bandarískan sjónvarpsþátt um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Telur hún að eiginmaðurinn hafi hvorki nefnt nafn sitt né hennar. Daginn eftir hafi hins vegar prestarnir tveir komið heim til hennar án þess að gera boð á undan sér. Kvað hún þá ekki hafa kannast við að heimsókn þeirra tengdist greindu símtali en að þarna hafi hún endurtekið ásakanir sínar um ofbeldið af hálfu séra George. Loks kom fram að hún hefði hitt séra Davíð Tencer árið 2007 í verslun og sagt honum frá því að séra George hefði misnotað hana þegar hún var í Landakotsskóla.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt sagði Séra Patrick frá því að A hefði borið fram ásakanir um ofbeldið af hálfu séra George í samtali sem þau áttu árið 1989 í tilefni af komu páfa til landsins.

#### *b) Ásakanir um brot gegn B*

Karlmaður B, sem sagði frá ítrekuðu kynferðislegu ofbeldi af hálfu Margrétar og séra George á árunum 1978 til 1983 sagðist hafa gert nokkrar tilraunir til segja frá áður. Hann kvaðst hafa reynt að ræða um ofbeldið við systur Nellie, séra George og séra Ágúst við skriftir. Jafnframt kom þó fram að viðkomandi væri að mestu leyti að segja rannsóknarnefndinni frá í fyrsta sinn. Maðurinn sagðist hafa sagt fyrrverandi smíðakennara að hann væri „hræddur við Margréti“ en gat ekki um viðbrögð kennarans. Þá kvaðst B hafa komið í prestshúsið, líklega um 1990, í þeim tilgangi að segja frá reynslu sinni. Þar hafi hann hitt fyrir einhverja presta, en gat ekki með vissu sagt hverjir það hefðu verið, né hvernig hann hefði komið máli sínu til skila.

*c) Ásakanir um brot gegn C*

Karlmaður C, sem sagði frá ítrekuðu kynferðisofbeldi af hálfu séra George á árunum um 1956-1958, skýrði rannsóknarnefndinni frá því að hann hefði farið á fund biskups Jolson um 1990. Hafi hann talið rétt að upplýsa um háttsemi séra George, sem þá var enn við störf sem skólastjóri Landakotsskóla. Kvaðst C hafa sagt biskupi frá reynslu sinni, biskup hafi ekki brugðist við þessum upplýsingum og einhverju síðar hafi biskup veikst og dáið. Taldi C að prestur hefði verið viðstaddur þetta samtal við biskup en mundi ekki nafnið hans. Sami viðmælandi sagðist einnig hafa farið á fund biskups Péturs í september 2010 og sagt honum frá því ofbeldi sem hann hafi orðið fyrir. Sagði C markmiðið fyrst og fremst hafa verið að tryggja að öðrum þolendum yrði trúað ef þeir myndu stíga fram og segja frá.

*d) Ásakanir um brot gegn D*

E sagðist hafa árið 2010 komið á fund biskups Péturs og tjáð honum að D hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu séra George og Margrétar Müller. Tilefni fundarins hafi þó fyrst og fremst verið að ræða ofbeldi sem E sagðist sjálfur hafa orðið fyrir á fullorðinsárum af hálfu séra Y. Í apríl 2011 var biskupi tjáð á fundi með innanríkisráðherra að þessir tveir einstaklingar hefðu þá nokkru fyrir gefið skýrslu hjá lögreglu.

*e) Önnur atriði sem vekja spurningar um viðbrögð kirkjunnar*

Séra Jakob skýrði rannsóknarnefndinni frá því að einhver maður hafi á sínum tíma komið á fund biskups Jolson en hann vissi ekki hver maðurinn var eða nákvæmlega hvers efnis erindið var. Biskup Jolson hafi afhent sér innsiglað umslag eftir fundinn sem hafi haft að geyma bréf eða einhver gögn og sagt um leið að þetta hafi verið „maður sem hafði haft einhverja slæma reynslu með (sic) séra George í skólanum.“ Hafi biskup Jolson sagt manninn ekki vilja fara í neitt mál vegna þess en viljað koma þessu á framfæri til að tryggja að eitthvað samskonar myndi ekki gerast aftur. Umslag þetta hafi verið geymt í skjalasafni biskupsembættisins. Þegar biskup Gijsen hafi tekið við biskupsembætti hér kvaðst séra Jakob hafa afhent honum umslagið. Taldi hann að biskup hefði kynnt sér innihaldið, rætt við manninn og í kjölfarið eyðilagt bréfið. Séra Jakob sagðist ekki hafa verið viðstaddur fund þeirra og vissi ekki frekar um efni hans.

Tveir viðmælendur nefndarinnar, annar starfmaður kirkjunnar og hinn safnaðarmeðlimur, sögðust hafa, í lok áttunda og á fyrri hluta níunda áratugar

síðustu aldar, heyrnt óljósar sögusagnir um kynferðislegt ofbeldi gagnvart drengjum af hálfu séra George. Hafi þetta verið með þeim hætti að ekki hefði verið neitt tilefni til viðbragða. Séra Jakob sagði frá því að biskup Jolson hafi fljótlega eftir komu sína til landsins talað um að setja á fót einhverskonar nefnd til þess að bregðast við því ef ásakanir kæmu upp í garð presta, sérstaklega vegna kynferðismála. Hafi biskup rætt um að einstaklingar gætu þá leitað til nefndarinnar sem myndi rannsaka mál frekar. Nefnd voru nöfn tveggja leikmanna sem talið var hugsanlegt að hefðu verið skipaðir í slíka nefnd. Rannsóknarnefndin ræddi við annan þeirra. Hann kvaðst hafa þekkt biskup Jolson náið og kannaðist við umræður um þessi mál en taldi sig þó aldrei hafa verið skipaðan í nefnd. Frekar hefði verið um að ræða spjall við biskup. Engar ákveðnar ásakanir hafi komið til umræðu né heldur formleg mál nafngreindra einstaklinga. Þó var minnst á umræður um óljósar sögusagnir um meint brot.

A sagði nefndinni frá viðtali sem Kolbrún Bergþórsdóttir hefði tekið við sig og birst hafi í tímariti um 1998 eða 1999, kvaðst hún hafa vikið þar að reynslu sinni af séra George. Kolbrún Bergþórsdóttir staðfesti að viðtal við A hefði verið birt í einhverju tímariti sem hún skrifaði fyrir. Hún sagði að minnst hafi verið á skólastjóra Landakotsskóla en hún mundi ekki nánar hvað var sagt. Viðtalið hafi verið um óskýlt efni. Ekki tókst að finna framangreint viðtal við A.

Starfsmaður kaþólsku kirkjunnar og ritstjóri Kaþólska kirkjublaðsins sagði nefndinni frá því að grein um séra George hefði birst í blaðinu um það bil árið 2006. Í kjölfar birtingarinnar hafi hringt maður sem ritstjórinn gat ekki nafngreint. Maðurinn hafi gagnrýnt birtingu greinarinnar á þeirri forsendu að hann þekkti ónafngreinda manneskju sem séra George hefði beitt kynferðislegu ofbeldi. Kvaðst ritstjórinn hafa ráðlagt manninum að benda þólandanum á að snúa sér til lögreglu en maðurinn hafi sagt að þólandinn vildi það ekki eða treysti sér ekki til þess. Ritstjórinn kvaðst ekki hafa sagt neinum frá þessu símtali.

Um miðjan júní 2011 birtist í Fréttatímanum viðtal við tvo þólandur og varð í framhaldinu talsverð fjölmiðlaumræða um brot einstakra starfsmanna.

### 6.2.2 Ásakanir um kynferðislegt ofbeldi af hálfu annarra

#### a) Ásökun á hendur X, fyrrverandi kennara

Nokkrir fyrrverandi kennarar minntust á mál frá 1996 um ósæmilega hegðun tiltekins kennara við skólann. Í gögnum sem rannsóknarnefndin fékk frá ríkissaksóknara kemur fram að árið 1996 hafi móðir stúlku í Landakotsskóla snúið sér til skólastjórnar Landakotsskóla og sagt frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu X,

kennara við skólann. Á fundi hennar með skólastjórn mættu einnig foreldrar fjögurra annarra stúlkna sem í ljós hafði komið að lýstu einnig samskonar háttsemi. Um var að ræða ásakanir um kossa og káf. Samkvæmt gögnunum sneri móðirin sér einnig til lögreglu. Hvorki stúlkurnar né foreldrar þeirra gáfu sig fram við nefndina til að ræða þessar ásakanir.

*b) Ásökun á hendur séra Y*

Viðmælandi E kvaðst hafa sagt séra Hjalta frá þeirri háttsemi sem lýst er í kafla 5, sennilega árið 1996. Sagðist E hafa beðið séra Hjalta að fara með sér til biskups. Það hafi ekki orðið, en um ári síðar hafi sálfræðingur ráðlagt honum að funda með séra Y. Í framhaldi af því hafi E farið á fund í prestsbústaðnum þar sem séra Hjalti og séra George hafi verið fyrir, séra Y hafi komið veiklulegur á fundinn og ásað E um að vera að reyna að ná peningum af kirkjunni. Kvaðst E þá hafa staðið upp og farið. Taldi E að séra George hafi verið þarna sem fulltrúi biskups. E kvaðst hafa talað aftur við séra Hjalta vorið 2010 og síðan átt í bréfaskiptum við og fundað með biskupi Pétri. Fannst honum biskup Pétur bregðast seint við og á ófullnægjandi hátt.

*c) Ásökun á hendur séra Z*

Árið 2002 vaknaði grunur um að séra Z hefði snert dreng F ósæmilega í sundi. Drengurinn, sem var í Landakotsskóla og var kórdrengur, hafði sagt félögum sínum frá því að hafa farið í sund með séra Z, þeir hefðu farið í eltingarleik og séra Z hefði snert á sér lærið. Einn drengjanna sagði móður sinni frá, sem talaði við F og lagði að honum að skýra móður sinni frá málinu. Þó að drengurinn vildi strax gera lítið úr málinu og segði frásögn sína hafa verið oftúlkaða töldu móðir hans og móðurbróðir rétt að fara á fund skólastjóra Landakotsskóla, sem þá var séra Hjalti, og greina honum frá málinu. Aðstandendur sögðust hafa átt fund með biskupi Gijsen um málið þar sem sátt hafi verið um að láta það niður falla enda hefði drengurinn sjálfur haldið fast við að um misskilning hafi verið að ræða.

### **6.3 Ásakanir um annað ofbeldi**

Í þessum kafla verður fjallað um ásakanir sem rannsóknarnefndinni var tjáð að komið hafi verið á framfæri vegna andlegs og líkamlegs ofbeldis í Landakotsskóla og í Riftúni. Tímasetningar eru ekki alltaf nákvæmar en vísbendingar eru um ásakanir frá sjöunda áratug síðustu aldar og fram til ársins 2003. Ásakanir um það

sem rannsóknarnefndin telur að fallið geti undir skilgreiningu á andlegu og líkamlegu ofbeldi beinast fyrst og fremst að Margréti Müller.

### 6.3.1 Ásakanir um ofbeldi af hálfu Margrétar Müller

Í þessum kafla verður lýst ásökunum sem sagt er að komið hafi verið á framfæri við skólastjóra eða aðra starfsmenn kirkjunnar vegna andlegs og líkamlegs ofbeldis af hálfu Margrétar Müller. Rannsóknarnefndin ræddi við nokkurn fjölda foreldra og einnig aðra aðstandendur sem sögðu að komið hefði verið á framfæri ásökunum um vanhæfni, ítrekað andlegt ofbeldi, harðneskju, mismunun og/eða einelti af hálfu Margrétar. Sumir fyrrverandi nemendur sögðu foreldra sína hafa komið á framfæri ásökunum. Þá fullyrtu einhverjir fyrrverandi starfsmenn Landakotsskóla að margsinnis hefði verið komið á framfæri ásökunum vegna Margrétar, sumir án þess þó að geta um einstök mál. Hér þykir rétt að flokka ásakanir eftir því hver sagðist hafa komið þeim á framfæri.

#### a) Foreldrar og aðstandendur

Átta viðmælendur nefndarinnar, sem áttu börn í eða voru aðstandendur barna í Landakotsskóla á rannsóknartímanum, tjáðu nefndinni að þau hefðu kvartað yfir framkomu Margrétar við börnin í 13 tilvikum. Fjórir kváðust hafa kvartað við séra George þegar hann var skólastjóri, fjórir við séra Hjalta þegar hann var skólastjóri eða við aðstoðarskólastjóra hans og í fimm tilvikum var sagt frá að talað hefði verið við eða reynt að tala við biskup. Aðrir sögðu ýmist almennt hafa vitað af því að margir hefðu kvartað eða nefndu að margir hefðu talið að ekki þýddi neitt að kvarta. Nokkrir sögðust sjálfir hafa skammað Margréti.

Faðir sem átti börn í Landakotsskóla á árunum 1976 til 1989 lýsti því að margir foreldrar hefðu verið mjög ósáttir við kennslu- og uppeldisaðferðir Margrétar. Þessi viðmælandi nefndarinnar sagðist hafa þekkt séra George vel sem skýrði ef til vill það að börn hans hafi sloppið nokkuð vel. Stundum hefði þeim foreldrunum þó ofboðið framganga hennar og í eitt skipti hefðu þau farið á fund séra George og kvartað. Kvað hann sér hafa komið á óvart, að séra George brást ókvæða við, hann „trylltist, jós úr sér fúkyrðum og sagðist vera orðinn þreyttur á að hlusta á lygasögur um nefnda Margret [sic]“. Faðirinn kvaðst skömmu síðar hafa sagt biskupi Frehen frá framgöngu Margrétar og hafi biskup sagt „að hann hefði fengið margar svipaðar kvartanir um hana“. Kvað hann biskup hafa lofað að gera eitthvað en einnig hefði komið fram að séra George væri erfiður viðureignar og „valdasjúkur“. Hann sagðist einnig hafa rætt við biskup um óeðlilega náði

samband séra George og Margrétar og hvernig hann héldi hlífiskildi yfir henni. Enginn annar hafi verið viðstaddur samtal þetta við biskup. Faðirinn kvaðst síðast hafa rætt við biskup nokkrum dögum áður en biskup lést árið 1986 og hafi biskup þá sagt: „þetta sem þú talaðir um við mig fyrir nokkrum árum, hefði ég átt að stöðva eða grípa inn í með einhverjum hætti“. Biskup hefði ekki útskýrt nánar við hvað hann ætti, en viðmælandi sagðist hafa tekið það sem gefið að „þar ætti hann við þau skötu hjú“ Margréti og séra George.

Móðir, sem sjálf hafði verið nemandi í Landakotsskóla og líkað ágætlega, kvaðst hafa kvartað við séra George þegar Margrét lagði barn hennar í einelti á áttunda áratug síðustu aldar. Kvað hún séra George hafa tekið því vel og spurt hvort hlutirnir yrðu í lagi ef Margrét bætti „þetta eða hitt“. Hún sagði séra George oft hafa látið Margréti biðjast afsökunar og hafa reynt að „tjónka við“ hana en hún hafi ekki hafi ráðið við sig. Móðirin sagðist hafa endað með að taka barn sitt úr skólanum vegna þessa.

Önnur móðir kvaðst hafa kvartað við séra George vegna afskipta Margrétar af fermingarfræðslu sem fór fram í skólahúsinu um 1983. Kvað hún elsta barn sitt hafa verið stuðað af andlegri hörku hennar og hótunum. Sömu sögu hefði verið að segja af aðkomu Margrétar að sunnudagaskólanum og hefðu tvö eldri börn hennar því gefist upp á honum. Kvaðst hún oftast en einu sinni hafa rætt um þetta við séra George, en hann hafi sagt að Margrét elskaði börn og að líklega væri barnið of viðkvæmt, að öðru leyti hefðu viðbrögð hans lýst afskiptaleyzi „það var eins og maður hefði ekki sagt neitt, hann talaði um annað.“ Þessi móðir sagðist hafa sent yngsta barnið fætt 1993 í Landakotsskóla, en þá hafi séra Hjalti verið skólastjóri. Margrét hafi þá enn kennt átta ára börnum, hafi börn hjá henni verið með magaverki og mikill ótti og mismunun í gangi en ekkert hafi verið gert þrátt fyrir ýmsar kvartanir. Kvaðst móðirin hafa gengið í málið, talað við skólastjóran, farið á fund skólanefndar, og ásamt öðru foreldri boðað komu sína til biskups Gijzen, en ekki fengið áheyrn. Þá hafi þær gripið til þess ráðs að fara til biskups án þess að gera boð á undan sér, en biskup hafi ekki veitt þeim viðtal og „skellt á nefið á þeim“. Hún kvaðst einnig hafa rætt við fræðsluþingvöld í Reykjavík, að hún taldi við Arthur Morthens, en allt án árangurs. Kvaðst hún hafa flutt úr bænum árið sem barnið átti að vera í átta ára bekk hjá Margréti.

Önnur móðir lýsti því að barn hennar hefði verið með stöðuga magaverki í átta ára bekk, að læknir hefði greint orsökina sem kvíða og látið þau orð falla að hann hefði séð slík einkenni hjá fleiri nemendum í Landakotsskóla. Margrét hefði einu sinni sent barnið heim í myrkri, til að sækja námsgögn sem höfðu gleymst, án þess að ganga úr skugga um að einhver væri heima. Í kjölfar þessa kvaðst móðirin



hafa farið á fund séra George um áramótin 1988/1989 og kvartað yfir Margréti. Séra George hafi brosað og sagst myndu tala við Margréti, en ekkert hafi breyst. Henni hafi fundist að hún þyrfti að gera eitthvað meira í málinu og farið undir vor 1989 á fund biskups Jolson, sem hafi þá verið nýtekinn við starfi. Kvaðst hún hafa sagt honum allt sem henni fannst um Margréti og hafa meðal annars bent á að Margrét hefði ekki kennararéttindi. Biskup Jolson hafi tekið henni vel og hafi sagst ætla að setja einhverja rannsókn af stað, en ekkert hafi gerst. Hún kvaðst hafa beðið um trúnað, enginn annar hafi verið viðstaddur samtalið og ekkert af þessu hafi verið skriflegt. Barnið hafi þrátt fyrir vanlíðan ekki viljað hætta í skólanum og sagði móðirin fjölskylduna hafa gripið til þess ráðs að flytja í annað hverfi til þess að koma barninu í annan skóla.

Amma nemanda sem var í átta ára bekk hjá Margréti árið 2003 kvaðst hafa farið á fund skólastjóra, séra Hjalta, með foreldrum barnsins til þess að kvarta yfir einelti sem Margrét lagði barnið í og smitaði til hinna krakkanna. Á fundinum hafi þau komið á framfæri skriflegri ásökun vegna þessa og afhenti hún nefndinni afrit af bréfinu. Kvað hún séra Hjalta hafa sagt: „Frú Müller er góður kennari“, annað hafi ekki komið út úr því, en ástandið hafi þó batnað eitthvað í framhaldinu. Kvaðst hún hafa komið að málinu þar sem barnið hafi verið mikið hjá henni á þessum tíma.

Móðir barns í átta ára bekk staðfesti að þau foreldrarnir hefðu kvartað við aðstoðarskólastjóra yfir einelti af hálfu Margrétar árið 2003. Hafi barnið verið með mikil kvíða- og streitueinkenni, magaverki og höfuðverk. Kvað móðirin þau ekki hafa rætt við séra Hjalta en málinu hafi lyktað með því að stúlkan hafi lokið skólaárinu utanskóla.

Í bréfi biskups Gijzen til rannsóknarnefndarinnar frá september 2012 nefndi hann að amma og afi drengs hafi komið að máli við sig í kringum árið 2000 og sagt að barnabarn þeirra gæti ekki verið lengur í Landakotsskóla vegna ágreinings við Margréti. Að sögn biskups var óljóst í hverju þessi ágreiningur var fólgin.

#### *b) Nemendur*

Hér þykir rétt að geta um tvo nemendur sem nefndin ræddi við sem sögðust sjálfir hafa mótmælt háttsemi Margrétar með því að neita að fara í skólann. Í öðru tilvikinu sem átti sér stað um 1963 fór nemandi heim úr skóla eftir að hafa verið kallaður til skólastjóra vegna rangra sakargifta sem Margrét hafði borið upp. Í hinu tilvikinu sem átti sér stað um 1990 var nemandinn heima í nokkra daga með samþykki foreldra sinna eftir að Margrét hafði meðal annars hæðst að honum og

rifið stíl sem hann skrifaði. Í bæði skiptin leitaðist séra George við að greiða úr málinu og ræddi við nemendur og foreldra þeirra. Í öðru tilvikinu sneri viðkomandi nemi aftur í skólann. Hinn nemandinn fór einn dag og skipti svo um skóla.

Nemandi sem var í Landakotsskóla frá 1964 til 1970 sagði frá miklu andlegu ofbeldi sem hún hafi sætt, einkum af hálfu Margrétar en einnig séra George, sem hafi staðið með Margréti. Sagði hún móður sína hafa komið á framfæri kvörtunum vegna harðræðis þegar hún hafi verið 10 eða 11 ára og viðbrögðin verið þau að skólagjöld hennar hafi verið felld niður en ástandið í skólanum að öðru leyti ekki breyst. Vissi hún ekki nákvæmlega við hvern var rætt eða hvernig ásakanir voru orðaðar.

Maður, sem ekki var nemandi í Landakotsskóla en dvaldi níu ára gamall í Riftúni 1968, lýsti fyrir nefndinni harðræði og vanrækslu af hálfu Margrétar og séra George meðan á dvölinni stóð. Hann sagðist síðar hafa sagt abbadísinni í Hafnarfirði, systur Agnesi eldri, frá þessu og einnig ónafngreindum hollenskum nunnnum sem hafi verið hér á landi til 1980. Þá hafi hann talað við séra Oremus þegar hann var í fermingarfræðslu 1974-1975, en presturinn hafi ekki viljað hlusta.

### *c) Kennarar*

Rannsóknarnefndin ræddi við 14 kennara sem störfuðu við Landakotsskólann í skólastjóratíð séra George og séra Hjalta, þar af voru sex í tíð beggja. Starfa sumir þeirra enn við skólann. Þetta voru bæði fastir kennarar og stundakennarar og starfstími þeirra mislangur. Átta tjáðu sig um að hafa ýmist fengið eða heyrt um kvartanir vegna kennsluhátta Margrétar, og nokkrir sögðust hafa rætt það sérstaklega við skólastjóran.

Kona sem var stundakennari í um tvö ár í kringum 1978 og aftur um 1998-2000 sagði að ekki hefði verið vinnandi vegur að tala við séra George um Margréti.

Kennari sem var við skólann frá 1984 til 2007 lét þau orð falla „að Margrét hefði aldrei átt að kenna börnum“. Sagðist hann aldrei hafa rætt þetta sjálfur við séra Georg en taldi víst að margoft hafi verið kvartað við séra George vegna háttsemi Margrétar, sem hafi alltaf réttlætt hana með einhverjum hætti. Taldi þessi kennari að sumir foreldrar hefðu gripið til þess ráðs að taka börn sín úr skólanum vegna þessara vandamála.

Kennari sem byrjaði að kenna við skólann árið 1995 kvað foreldra árlega hafa kvartað við sig undan Margréti og hefðu sum börnin verið með kvíðahnút í maganum. Það hafi þó verið erfitt að festa hendur á orsökinni, Margrét hafi verið

góð við börnin þegar kennarinn sá til en ástandinu mætti lýsa „eins og það hafi verið einhver ógn“ í loftinu. Þessi kennari kvaðst hafa talað við séra George, sem hafi viðurkennt að það „væru vandræði“ með Margréti. Sami kennari kenndi einnig í skólastjóratið séra Hjalta. Á þeim tíma sagði kennarinn að starfsmenn hefðu rætt það á kennarastofunni, að það væri ábyrgðarhluti að Margrét kenndi. Kennarinn kvaðst sjálfur hafa talað um þetta við séra Hjalta, sem hafi verið honum sammála. Biskup hefði hins vegar viljað hafa Margréti áfram í starfi og hafi Margrét ætíð verið undir verndarvæng séra George sem hafi ráðið miklu jafnvel þó hann væri hættur sem skólastjóri. Sagði þessi kennari að þegar kvartað hafi verið undan Margréti hafi það alltaf verið þaggað niður.

Kennari sem var við skólann frá árslokum 1997 til 2005 sagði mikla umræðu hafa verið um átta ára bekk sem Margrét kenndi og hafi sumir tekið börn úr bekknum, þó hafi skoðanir um hana verið misjafnar.

Kennari sem stafaði við skólann árið 1999 og síðan frá 2001 vakti athygli á að Margrét hefði um árabíl verið umsjónarkennari átta ára barna og kennt íslensku, sem hún hafi þó hvorki skilið né talað vel. Þessi kennari sagði enga nemendur hafa leitað til sín en kvaðst einu sinni hafa talað við séra Hjalta um þetta sérstaklega. Hann hafi fórnað höndum og sagst ekki ráða við þetta. Kennarinn kvaðst einnig þekkja til móður sem hefði rætt við séra Hjalta vegna framkomu Margrétar við þrjú börn hennar í skólanum. Móðirin var ekki nafngreind.

Aðstoðarskólastjóri Landakotsskóla 2000 til 2002 kvaðst hafa heyrt eitthvað um kvartanir vegna Margrétar og sagði slík mál hafa farið til séra Hjalta.

Kennari sem hóf störf við Landakotsskóla 2001 kvaðst hafa talað við séra Hjalta um að ekki væri forsvaranlegt að Margrét kenndi, hvorki menntunarlega né mállega séð, hún hafi talað slæma íslensku og einnig skilið hana illa, hún hafi verið að öllu leyti illa að sér um íslenskt samfélag, ekki lesið blöð og ekki horft á sjónvarp. Sagði hún nemendur hafa kvartað yfir því að gert væri upp á milli þeirra. Fleiri kennarar hafi einnig talað um að Margrét væri ekki hæf sem kennari og hafi talað um það við séra Hjalta „en hún hafi verið undir verndarvæng þeirra í presthúsinu“.

Aðstoðarskólastjóri Landakotsskóla 2002 til 2005, sem einnig hafði kennt við skólann frá 1998 sagði ýmsa foreldra hafa kvartað undan Margréti, en þeir hefðu almennt ekki fengist til þess að leggja fram formlega kvörtun og erfitt hafi verið að taka á málunum. Það hefði þó verið gert í einu tilviki á vormánuðum 2003 vegna nemanda sem Margrét lagði í einelti. Málið hafi verið leyst með því að heimild fékkst til að barnið lyki skólaárinu utan skóla. Þessi viðmælandi taldi að nemendur hefðu verið teknir úr Landakotsskóla af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna

eineltis, en þetta hafi yfirleitt verið gert þegjandi og hljóðalaust, það hafi þótt vandræðalegt og mikil þöggun verið í gangi.

#### *d) Aðrir samstarfsmenn*

Viðmælandi sem bæði var nemandi og starfaði í skólanum sagði að það hefði ekki haft mikla þýðingu að kvarta yfir Margréti við séra George. Hann hefði verið ákveðinn við hana, en ef einhver kvartaði undan henni hefði hann sagt við viðkomandi „ef þú ert óánægður, geturðu farið eitthvað annað“. Hún kvaðst vita að foreldrar hefðu kvartað, bæði þegar hún var nemandi og seinna, en gat ekki nafngreint neinn.

Annar viðmælandi sem bæði var nemandi og starfaði við skólann sagði samband séra George og Margrétar hafa verið sérstakt, hann hafi varið hana, og hún gert allt til að þóknaðist honum. Kvað hún marga hafa kvartað undan Margréti og kvaðst vita um foreldra sem hefðu tekið börn sín úr skólanum. Engin nöfn voru þó nefnd. Taldi hún að séra Hjalti hefði talað við Margréti og einhver leiðindi orðið.

Annar starfsmaður skólans taldi að séra Hjalti hefði krafist þess að Margrét hætti að kenna þegar hann hafi tekið við skólastjórástöðunni í Landakotsskóla, en að séra George hafi komið í veg fyrir að við því yrði.

Annar starfsmaður skólans sem var yfir heilsdagsvistun skólans í nokkur ár, sagðist hafa nokkrum sinnum lent í því að taka við börnum hræddum og grátandi, sem voru í átta ára bekk hjá Margréti. Hafi börnin lýst niðrandi framkomu, niðurlægingu, mismunun og mikilli vanlíðan. Sagði hún foreldra einnig hafa sagt sér frá samstarfsörðugleikum við Margréti, meðal annars viðbrögðum hennar ef reynt var að ræða við hana um einstök mál. Viðkomandi sagðist nokkrum sinnum hafa komið kvörtunum á framfæri við aðstoðarskólastjóra og séra Hjalta og hafi þau sagst vera að vinna í þessu. Kvaðst viðkomandi þó hafa skynjað að séra Hjalta væri gert erfitt fyrir við stjórn skólans og að mikið væri unnið bak við tjöldin, ekki síst eftir að séra Hjalti hafi krafist þess að Margrét léti af störfum þegar hún náði sjötugs aldri.

#### *e) Fræðslufyrirvöld*

Móðir sagði rannsóknarnefndinni að hún hefði rætt við starfsmann hjá fræðslustjóra í Reykjavík, nokkrum sinnum í síma um 2001 eftir að hafa árangurslaust reynt að ræða við forráðamenn Landakotsskóla. Þegar rannsóknarnefndin hafði samband við starfsmanninn kvaðst hann ekki muna eftir þessu, en minntist

tveggja eldri tilvika. Annað hafi verið um 1989-1990 er kvartað hafi verið yfir því að nemandi hafi verið beittur harðræði í Landakotsskóla, að hann minnti sleginn með lófa. Hann kvaðst þá hafa verið tiltölulega nýr í starfi, og hefði fræðslustjóri falið honum að tala við skólastjórann, séra George. Séra George hafi verið ljúfur, sagt að sér þætti þetta leiðinlegt ef rétt væri og hafi hann lofað að taka á málinu. Starfsmaðurinn kvaðst ekki muna hvaða kennari hafi átt hlut að máli, en hann hafi skýrt fræðslustjóra munnlega frá málinu og hún tekið við því að fylgja því eftir. Ef til vill hafi hún bókað eitthvað, en það hafi hann ekki gert. Ef eitthvað skriflegt sé til hafi það farið á Þjóðskjalasafn árið 1996 þegar embættið flutti. Hitt tilvikið hafi komið upp síðar, á milli 1990 og 1996, og verið svipaðs eðlis. Kvartað hafi verið yfir harðræði, sömu viðbrögð hafi orðið af hálfu séra George, og ferill málsins sá sami.

Rætt var við fyrrverandi fræðslustjóra, einnig í síma. Hún kvaðst ekki muna eftir neinum kvörtunum varðandi Landakotsskóla og kannaðist ekki við þau mál sem starfsmaðurinn hafði nefnt.

### *6.3.2 Ásakanir um ofbeldi af hálfu séra George*

Nemandi sem var í Landakotsskóla frá 1964 til 1970 sagði móður sína hafa komið á framfæri ásökunum vegna andlegs ofbeldis af hálfu séra George, en þó aðallega af hálfu Margrétar. Getið var um þetta mál í kaflanum hér á undan. Maður sem dvaldi í Riftúni 1968 lýsti fyrir nefndinni harðræði og vanrækslu af hálfu séra George og Margrétar meðan á dvölinni stóð. Vísast til kaflans hér á undan um tilraunir hans til að segja nunnum og presti frá reynslu sinni.

Engir aðrir af viðmælendum rannsóknarnefndarinnar héldu því fram að komið hefði verið á framfæri ásökunum við biskup eða aðra starfsmenn kirkjunnar vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis af hálfu séra George sjálfs. Hér má þó geta vitnisburðar séra Jakobs um að safnaðarfólk hafi alla tíð kvartað yfir séra George, bæði vegna prestsstarfa hans og starfa við skólann, en séra Jakob tók fram að ekki hafi verið um að ræða ásakanir vegna ofbeldisbrota.

## 7. ÁLYKTANIR RANNSÓKNARNEFNDAR KAPÓLSKU KIRKJUNNAR UM MISTÖK, VANRÆKSLU EÐA ÞÖGGUN

### 7.1 Inngangur

Í kafla 1.2 hér að framan var lýst hlutverki rannsóknarnefndarinnar samkvæmt 1. gr. starfsreglna nefndarinnar. Eins og þar kemur fram bar nefndinni annars vegar að leggja mat á hvort mistök, vanræksla eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi átt sér stað innan kirkjunnar í tengslum við ásakanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot og hverjir hafi borið ábyrgð á því og hins vegar að setja fram ábendingar og tillögur til úrbóta. Í þessum kafla verður vikið að fyrri þættinum en hinum síðari verða gerð skil í kafla 8.

Í kafla 6 var gerð grein fyrir ásökunum um ofbeldisbrot vígðra þjóna eða starfsmanna kirkjunnar. Í þessum kafla verður rakið það sem liggur fyrir um viðbrögð kirkjunnar. Í ályktunum sínum lítur nefndin til þess hvenær vitneskja um þessar ásakanir hafi verið fyrir hendi í röðum starfsmanna kirkjunnar og hvort athafnir eða athafnaleysi þeirra aðila sem bjuggu yfir slíkri vitneskju hafi í kjölfarið falið í sér eitthvað það sem fella megi undir mistök, vanrækslu eða þöggun í þeim skilningi sem lýst var í kafla 1.2.

Í samræmi við hlutverk rannsóknarnefndarinnar hefur upplýsingaöflun nefndarinnar miðað að því að reyna að varpa ljósi á atburðarás í kjölfar tiltekinna ásakana. Áður en vikið verður að einstökum málum þykir þó rétt að víkja stuttlega að atriðum sem þykja hafa almenna þýðingu eða kalla á athugasemdir af hálfu nefndarinnar án þess að nægilegt tilefni þyki til að álykta um þau umfram það.

### 7.2 Almennar athugasemdir rannsóknarnefndarinnar

#### 7.2.1 Að segja frá

Niðurstöður fjölda rannsókna benda til þess að talsverður minnihluti barna segi á barnsaldri frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir og að drengir séu ólíklegri en stúlkur til þess að segja frá. Í mörgum rannsóknum kemur fram að ógn, bæði bein og óbein, ásamt skömm, sektarkennd, vanþekkingu og vanmáttarkennd eru þau atriði sem virðast koma í veg fyrir að þolendur segi frá ofbeldinu.<sup>103</sup>

<sup>103</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, bls. 97-99; Hrefna Ólafsdóttir: „Börn þvinguð til kynlífs: Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum.“ Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Íseld Ólafsdóttir. Reykjavík 2011, bls. 243. Sjá einnig Karen Terry o.fl.: *The Nature and Scope of the Problem of Sexual Abuse of Minors by Priests and Deacons*, bls. 84.

Í yfirlýðingum mikilli rannsókn John Jay College of Criminal Justice á ofbeldi og ásökunum á hendur kaþólskum prestum í Bandaríkjunum má sjá skýr dæmi um ofangreint. Af heildarfjölda þeirra sem sögðu frá ofbeldi samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá árunum 1950-2002 komu einungis um 5% fram með ásakani á árunum frá 1950-1980, rúm 50% komu fram á árunum frá 1980-2000 og um 45% frá 2000-2002. Greinileg merki sáust þannig um vitundarvakningu sem náði hámarki árið 2002 þegar flestar ásakani komu fram. Við nánari skoðun á því hvenær ofbeldi hefði átt sér stað kom þó í ljós að meirihluti frásagna var um ofbeldi á árunum 1960-1980.<sup>104</sup> Af öllum þeim ásökunum sem bornar voru fram árið 2002 voru flestar, eða í 35,5% tilvika, um ofbeldi sem hafði átt sér stað á árunum frá 1970-1979, og í 26,1% tilvika frá 1960-1969.<sup>105</sup> Helmingur allra ásakana kom fram tíu til þrjátíu árum eftir að ofbeldið átti sér stað og af þeim ásökunum sem eftir stóðu tóku um 25% til ofbeldis sem hafði verið framið meira en 30 árum fyrir.

Svipaðar vísendingar má finna í gögnum rannsóknarnefndarinnar þar sem lítið virðist hafa verið um ásakani sem gáfu kirkjunni tilefni til viðbragða, sumir viðmælendur voru að segja frá í fyrsta sinn hjá nefndinni og aðrir sögðust fyrst hafa sagt einhverjum frá ofbeldinu löngu eftir að það átti sér stað. Rannsóknarnefndin vill leggja sérstaka áherslu á að henni var ekki falið að leitast við að staðreyna hvort og í hvaða mæli börn eða aðrir hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna kirkjunnar. Gögn nefndarinnar gefa því ekki tilefni til þess að leggja mat á hugsanlegt umfang ofbeldis í Landakotsskóla og sumardvöl á vegum kaþólsku kirkjunnar.

### 7.2.2 Staða séra George

Eins og áður hefur komið fram nefndu allir þeir sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi sem börn séra George og Margréti Müller sem gerendur. Ljóst er að séra George var mjög valdamikill innan kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og gegndi ýmsum ábyrgðarstörfum. Hann var einn mjög fárra kirkjunnar manna sem hafði gott vald á íslensku og vísendingar eru um að biskupar á Íslandi hafi þurft að reiða sig á hann vegna tungumálakunnáttunnar og þekkingar á landsháttum. Einnig naut hann ákveðins trausts. Til dæmis skrifaði biskup Gijsen Páfagarði bréf

---

<sup>104</sup> Karen J. Terry, Katarina Schuth og Margaret Leland Smith: "Incidence of Clerical Sexual Abuse over Time: Changes in Behavior and Seminary Training between 1950-2008". Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 17-32.

<sup>105</sup> *The Nature and Scope of the Problem of Sexual Abuse of Minors by Priests and Deacons*, skýrsla unnin af Karen Terry o.fl. við John Jay College of Criminal Justice fyrir U.S. Conference of Catholic Bishops, bls. 90.

árið 1998 og lagði til að séra George yrði veitt viðurkenning. Hann skrifaði einnig bréf til séra George árið 1998, þar sem fjallað var um starf hans í skólanum, séra George lofaður fyrir gott starf í lok starfsferils og beðinn um að gegna áfram tilteknum trúnaðarstörfum eins og áður hefur verið vikið að. Bréfið lýsir vel þeirri ábyrgð sem séra George var talinn bera á skólastarfinu, en þar segir m.a.:

Í fjölmörg ár hefur kjarni trúboðsstarfs þíns á Íslandi verið menntun barna í Landakotsskólanum. Skólinn hefur verið „heimur þinn“ – eða réttara sagt, hann hefur verið „fjölskylda þín“ og þú hefur verið „faðir þeirrar fjölskyldu“. Þú hefur gert skólann að því sem hann er: Einn besti barnaskóli á Íslandi. Það getur fjöldi manns í landinu vottað – með réttu. Þú hefur hafið hann í háan gæðaflokk, bæði hvað hið ytra og innra snertir. Það er þér að þakka hversu gott líf er í honum og vel fyrir honum séð og hann samsvarar öllum kröfum nútímans.

Vísbendingar eru um að biskupar á Íslandi hafi lítið sem ekkert skipt sér af málefnum Landakotsskóla og látið séra George nánast alfarið um rekstur hans. Var nefnt við rannsóknarnefndina að þegar biskup Jóhannes Gunnarsson og biskup Frehen hafi ráðgert að leggja skólann niður vegna fjárhagsvandræða á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, hafi séra George sagst reiðubúinn til að tryggja fjárhagslegan grundvöll skólans með ýmsum aðgerðum og að biskup Frehen hafi þá haft á orði að séra George væri þetta heimilt en hann myndi þá bera alla ábyrgð á skólahaldinu. Nefnt var að biskup Jolson hafi óskað eftir upplýsingum um skólastarfið en orðið lítið ágengt og látið þar við sitja. Í bréfi biskups Gjisen til rannsóknarnefndarinnar frá september 2012 kemur fram að séra George hafi „not allowed himself to be influenced by anybody else, included the bishop [sic]“. Hér kann að skipta máli að séra George kom frá Montfortreglunni sem virðist hafa haft mikil ítök í kaþólsku kirkjunni hér á landi og í upphafi komið að rekstri skólans. Jafnvel þótt biskup hafi borið formlega ábyrgð á og stjórnað biskupsdæmi sínu virðist hafa verið lítið svo á að Montfortreglan hefði ákveðið boðvald yfir þeim prestum sem tilheyrðu reglunni og einnig einhvers konar eftirlit með rekstri Landakotsskóla þann tíma sem séra George var skólastjóri. Engin sérstök merki eru hins vegar um að virkt eftirlit hafi verið til staðar af hálfu stjórnenda reglunnar og engin gögn varðandi skólann var að finna í höfuðstöðvum hennar þegar rannsóknarnefndin spurðist fyrir um það.

Rannsóknarnefndinni var tjáð að sumarbúðir kirkjunnar hefðu verið skipulagðar og reknar eftir hugmyndafræði séra George og Margrétar og að kirkjuyfirvöld hafi ekki skipt sér af starfsemi. Þó var nefnt að biskup Jolson



hefði verið gagnrýninn á það starf sem þar fór fram án þess þó að grípa til neinna aðgerða vegna þess.

Öllum viðmælendum rannsóknarnefndarinnar sem þekktu til séra George og Margrétar Müller bar saman um að þau hafi verið mjög nánir samstarfsmenn í Landakotsskóla og í Riftúni. Voru allir sammála um að Margrét hafi verið mjög háð séra George og lotið stjórn hans en einnig að séra George hafi staðið með Margrét og haldið hlífiskildi yfir henni. Flestir viðmælendur rannsóknarnefndarinnar sem þekktu til séra George og Margrétar töluðu um að þau hefðu verið meira en einungis samstarfsmenn og eytt miklum tíma saman utan vinnutímans, einhverjir gengu svo langt að fullyrða að þau hafi verið þar en aðrir töluðu um mjög nána vináttu.

Rannsóknarnefndin telur að sterk staða séra George hér á landi hafi verið til þess fallin að draga enn frekar úr líkum á því að einstaklingar kvörtuðu yfir ofbeldi, hvort tveggja af hans hendi eða af hendi Margrétar og að þær kvartanir sem þó voru bornar fram bæru árangur. Nánar verður vikið að þessu í ályktunum nefndarinnar.

### 7.2.3 Tíðarandinn í samfélaginu

Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að staldra rétt aðeins við tíðarandann í samfélaginu á því tímabili sem rætt er um í þessari skýrslu. Getur þetta varpað nokkru ljósi á hvort búast megi við að börn hafi sagt frá ofbeldisbrotum sem framin voru á þessum tíma og hvers konar viðbrögðum búast hafi mátt við af hálfu kirkjunnar.

Ekki þarf að fjölyrða um þær miklu samfélagslegu breytingar sem urðu á Íslandi á árunum eftir seinni heimstyrjöldina. Hafði þetta ekki síst áhrif á aðstæður barna og uppeldisaðferðir, jafnt á heimilum sem og í skóla. Nefnt hefur verið að um og eftir miðbik síðustu aldar hafi borið á hirðuleysi um uppeldi barna, skorti á eftirliti með þeim, þekkingarleysi á þörfum þeirra í borgarsamfélaginu og þeim hættum sem börnum geti verið búna.<sup>106</sup>

Ljóst er að viðurkenning og þekking manna á kynferðisbrotum gegn börnum og æskilegum viðbrögðum við þeim hefur tekið stakkaskiptum á Íslandi á síðustu áratugum. Rétt hefur verið um að samfélagsvitund um kynferðisofbeldi gegn börnum gangi í gegnum tiltekin stig þróunar, frá *samfélagslegri afneitun*, þar sem

---

<sup>106</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*, bls. 260. Einnig Geir Gunnlaugsson: „Ofbeldi gegn börnum fyrr og nú: Áhrif á heilsu og vellíðan“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, bls. 215-233.

málin liggja í þagnargildi, að *viðurkenningu*, þegar samfélag verði að horfast í augu við tilvist þessara brota, sem leiði svo til *samfélagslegrar ábyrgðar* ef samfélag nái að móta heildstæða stefnu og grípa til markvissra úrræða.<sup>107</sup> Bent hefur verið á að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hafi almennt ekki verið viðurkennt meðal almennings, fagfólks og ráðamanna á Vesturlöndum fyrr en á síðari áratugum 20. aldar sem félagslegt vandamál sem gæti haft alvarlegar afleiðingar.<sup>108</sup> Þannig hafi til dæmis fjöldi birtra vísindagreina í ritrýndum tímaritum á alþjóðavettvangi um kynferðisbrot farið frá 0 árið 1970 í 176 árið 1990 og 777 árið 2009.<sup>109</sup>

Ýmis merki má sjá á Íslandi um þróun umræðu um kynferðisbrot, meðal annars urðu nokkur þáttaskil á 9. áratug tuttugustu aldar. Má nefna nokkrar staðreyndir þessu til stuðning sem þó eru alls ekki tæmandi. Árið 1984 var samþykkt þingsályktunartillaga um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála á Íslandi sem opnaði umræðu í samfélaginu um kynferðisbrot almennt. Nefnt var meðal annars að eðli þessara brota væri slíkt að þolandi væri á margan hátt í verri aðstöðu en þolendur annars konar brota. Réðu þar miklu viðhorf samfélagsins sem gætu jafnvel orðið til þess að þolandi treysti sér ekki til að kæra verknaðinn.<sup>110</sup> Sú nefnd sem var skipuð skilaði viðamikilli skýrslu árið 1989 og gerði ýmsar tillögur til úrbóta. Sama ár á alþjóðlegum baráttudegi kvenna voru stofnuð Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi en forsaga þessarar samstöðu var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbodaðliðahópa kvenna, svo sem Barnahóps Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhóps um nauðgunarmál, Kvennaráðgjafarinnar og Vinnuhóps gegn sifjaspellum. Samtökin Stígamót hófu síðan starfsemi sína í mars 1990.<sup>111</sup> Þá var Neyðarmóttaka vegna nauðgunar sett á laggirnar árið 1993.

Málum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fjölgaði umtalsvert hjá Félagsþjónustu Reykjavíkur á þessum tíma. Árið 1987 voru þau sex talsins en 24 mál voru könnuð árið 1989. Árið 1991 var settur á laggirnar sérstakur samstarfs- hópur Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglu ríkisins og árið

---

<sup>107</sup> Bragi Guðbrandsson: „Að byggja brýr“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, bls. 378.

<sup>108</sup> Til hliðsjónar C. Henry Kempe: „Sexual Abuse, Another Hidden Pediatric Problem“. *Pediatrics*, 3. tfl., 62. árg., 1978, bls. 382-289.

<sup>109</sup> Bryndís Björk Ásgeirsdóttir: „Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunaryvandamála“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, bls. 270.

<sup>110</sup> Alþt. 1984, A-deild, bls. 2445.

<sup>111</sup> Ársskýrsla Stígamóta árið 2002, <http://www.stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2002.pdf> (skoðað 3.7.2012).

1992 bárust hópnum 43 mál. Var þessi fjölgun fyrst og fremst rakin til mun opnari umræðu um mál af þessu tagi.<sup>112</sup>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur árið 1989, undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur 1992. Árið 1992 voru einnig gerðar gagngerar breytingar á ákvæðum um kynferðisbrot í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, meðal annars til að bæta refsivernd barna. Árið 1996 var efnt til fyrstu heimsráðstefnunnar um kynferðisofbeldi gegn börnum í Stokkhólmi en sú ráðstefna varð upphafið að afar víðtækri alþjóðlegri umræðu og samstarfi sem Ísland hefur lagt sig fram um að taka virkan þátt í.

Barnahús var sett á laggirnar á Íslandi árið 1998, meðal annars sem viðbrögð við yfirgripsmikilli rannsókn á umfangi og málsmeðferð kynferðisbrota gegn börnum í barnaverndar- og refsivörslukerfinu.<sup>113</sup> Hér má einnig nefna að árið 1998 samþykkti kirkjuþing þjóðkirkjunnar fyrst starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Margháttaðar breytingar hafa orðið síðan á vitund, vörnum og viðbrögðum við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Umræða um annars konar ofbeldi hefur einnig breyst mikið. Vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum er oft rakin til tímamótaskrifa Kempe o.fl. frá árinu 1962 um ofbeldi gegn börnum.<sup>114</sup> Það var þó fyrst í lok áttunda áratugarins sem ofbeldi í nánnum samböndum fékk almenna umfjöllun á Íslandi og þá fyrst og fremst ofbeldi inni á heimilum.<sup>115</sup> Sjónir manna beindust fyrst að líkamlegu ofbeldi en skilningur manna á andlegu ofbeldi gegn börnum, innan og utan heimilis, og þar með talið baráttan gegn því ofbeldi sem nú er nefnt einelti gegn börnum, hefur einnig þróast umtalsvert.

Baráttan gegn ofbeldi einskorðast þó ekki við þennan tíma. Það liggur fyrir að um og eftir miðja síðustu öld jókst jafnt og þétt baráttan gegn vondum uppeldisháttum samhliða umfjöllun um virðingu fyrir börnum og árangursríkar uppeldisaðferðir með hagsmunum barna að leiðarljósi.<sup>116</sup> Í umræðunni um gott

---

<sup>112</sup> *Réttindi barna á Íslandi: Fyrsta skýrsla Íslands um frankvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Reykjavík 1995, bls. 85.

<sup>113</sup> *Barnavernd á Íslandi: Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefndar á Íslandi árin 1996-1999*. Barnaverndarstofa, Reykjavík, 2000.

<sup>114</sup> C. Henry Kempe, Frederic N. Silverman, Brandt F. Steele, William Droegemueller og Henry K. Silver: „The Battered-Child Syndrome“. *Journal of the American Medical Association*, 1. tbl., 181. árg., 1962, bls. 105-112.

<sup>115</sup> Jónína Einarsdóttir o.fl.: *Heimilsofbeldi gegn börnum á Íslandi – höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2004, bls. 28.

<sup>116</sup> *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*, bls. 265.

uppeldi var þó löngum lögð áhersla á ytra atlæti barna, reglufestu og aga og þannig jafnvel talið að hlýja og tilfinningasemi í uppeldi myndu vinna gegn því mótlæti sem börnum væri hollt að læra. Þetta virðist hafa átt við jafnt á heimilum sem og á stofnunum sem komu að umönnun, uppeldi og uppfærðslu barna.<sup>117</sup> Bent hefur verið á að andlegt ofbeldi geti verið erfiðara viðfangs en líkamlegt ofbeldi þar sem umönnunaraðilar séu oft gagnrýnislaust og vanhugsað að beita uppeldisaðferðum sem þeir sjálfir voru beittir og athafnir og afleiðingar ekki eins sýnilegar og líkamlegir áverkar.<sup>118</sup>

#### 7.2.4 Tíðarandinn innan kaþólsku alþjóðakirkjunnar

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir á tengslum trúar og ofbeldis gegn börnum, til dæmis hvernig ofbeldi hafi fyrir á árum verið réttlætt með vísan til Biblíunnar, hvernig trúarsannfæring geti aukið og viðhaldið hættu á ofbeldi gegn börnum í öllum myndum og hvernig afleiðingar ofbeldis sem beitt er í nafni eða í skjóli trúar eða trúarbragða geti haft mun alvarlegri langtímaáhrif fyrir þolanda en ella.<sup>119</sup>

Brot gegn börnum eru ekki bundin við kaþólsku kirkjuna og þau virðast hvorki algengari innan hennar en annarra trúfélaga né annars staðar í samfélaginu. Umræður um brot vígðra þjóna og starfsmanna kaþólsku kirkjunnar gegn börnum má meðal annars rekja til blaðagreina í bandarískum fjölmiðlum sem tóku að birtast á áttunda áratug síðustu aldar og til fræðaskrifa frá níunda áratugnum.<sup>120</sup> Urðu þessi mál mjög áberandi um og eftir aldamótin bæði þar og víða annars staðar í heiminum.<sup>121</sup> Ýmis sérkenni tengd kaþólsku kirkjunni hafa verið nefnd í tengslum við upplifun þolanda, ásakanir og meðferð ásakana. Bent hefur verið á íhaldsama afstöðu kaþólsku kirkjunnar til ýmissa kynferðismála sem geti meðal

---

<sup>117</sup> Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, bls. 265-67.

<sup>118</sup> Jónína Einarsdóttir o.fl.: *Heimilsofbeldi gegn börnum á Íslandi – höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*, bls. 35 og 37.

<sup>119</sup> Sjá t.d. Bette L. Bottoms o.fl.: „Religion-Related Child Physical Abuse: Characteristics and Psychological Outcomes“. Í ritinu *The Victimization of Children: Emerging Issues*, ritstj. Janet L. Mullings o.fl. New York 2003, bls. 87-114.

<sup>120</sup> Sjá t.d. Jason Berry: *Lead Us Not Into Temptation: Catholic Priests and the Sexual Abuse of Children*. New York, 1992; T. G. Plante (ritstj.): *Bless me father for I have sinned: Perspectives on Sexual Abuse Committed by Roman Catholic Priests*. Westport 1999.

<sup>121</sup> Til hliðsjónar Thomas G. Plante og Kathleen L. McChesney: „Tragedy and Travesty: The Sexual Abuse of Minors by Catholic Clergy“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 11.

annars ýtt undir skömm og sjálfsásakanir þolenda. Sérstaklega hefur verið bent á stöðu kaþólsks prests gagnvart sóknarbörnum í guðfræðilegum skilningi sem hluta af guðdómnum. Skírliífi kaþólskra presta er að hluta til talið af sömu rót runnið, það auki á heilagleika þeirra og tengsl við Guð sem aftur staðfesti sérstaka yfirburðastöðu gagnvart öðrum.<sup>122</sup> Þá hefur verið bent á að skipulag og reglur kaþólsku kirkjunnar sem stofnunar hafi hugsanlega gert þolendum erfitt fyrir. Þannig hafi kirkjan verndað einstaka presta með því að leggja áherslu á að vísa málum til biskups sem hafi fyrst og fremst leitast við að leysa einstök mál á forsendum kirkjunnar og vernda hana. Innan kirkjunnar hafi verið lögð meiri áhersla á aðstoð eða meðferð fyrir hinn brotlega en fyrir þolanda.<sup>123</sup>

### 7.2.5 Almenn afstaða biskups, presta og starfsmanna á Íslandi

Fram kom hjá kaþólskum leikmönnum, fróðum um kirkjuna, sem rannsóknarnefndin ræddi við að almennt mætti líkja kaþólsku kirkjunni við stóra fjölskyldu, biskup sé eins konar faðir prestanna sem beri að leysa mál innan fjölskyldunnar. Ætlast hafi verið til að prestur sem bryti af sér fengi tækifæri til að betra sig og að leyst yrði úr málum í kyrrþey. Slíkt hafi verið í samræmi við hugmyndafræði kirkjunnar enda hafi hún sín eigin refsilög og lúti þeim. Nefnt var að ef grunur hafi fallið á prest um ósiðlegt athæfi þá hafi meðal annars verið gripið til þess að færa viðkomandi í annað embætti, í tilviki alvarlegra brota hafi komið til álita til dæmis að senda prestinn til sálfræðings, jafnvel senda hann í klaustur eða í allra alvarlegustu tilvikunum að svipta hann klerklegu embætti. Nefnt var að utan kirkjunnar kynni að vera litið á þennan hátt sem þöggun. Fleiri en einn viðmælandi sagði það þó afar ólíklegt að vígður þjónn sem vitað væri að hefði brotið af sér fengi nokkurn tíma æstu embætti innan kirkjunnar. Taka ber fram að ofangreindar lýsingar þóttu frekar taka til fyrri tíma en nútímans og ekki var sérstaklega verið að vísa til aðstæðna hér á landi. Einn viðmælandi kvaðst geta sér

---

<sup>122</sup> Gerard J. McGlone: „The Pedophile and the Pious: Towards a New Understanding of Sexually Offending and Non-Offending Roman Catholic Priests“. Í ritinu *The Victimization of Children: Emerging Issues*, Janet L. Mullings o.fl. (ritstj.). New York 2003, bls. 115-131 og Bishop Geoffrey J. Robinson: „Changing the culture“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 91-102.

<sup>123</sup> Til hliðsjónar Rev. A. James Quinn: „NCCB Guidelines and other considerations in pedophilia cases.“ *Midwest Canon Law Society* 1990 (<http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/QuinnTranscript.pdf>, (skoðað 15.9.2012) og Lisa M. Smith: „Lifting the Veil of Secrecy: Mandatory child abuse reporting statutes may encourage the Catholic Church to report priests who molest children“, bls. 412.

Þess til að „þegar viðkvæm mál hafi verið tekin fyrir hafi ekkert verið skráð, þar sem slík samtöl nálgast í eðli sínu sakramenti og það sé ekki skráð.“<sup>124</sup>

Svo virðist sem biskup Jolson hafi velt fyrir sér og rætt um að skipuleggja viðbrögð við ásökunum vegna ofbeldis. Á þeim tíma virðast hafa verið uppi sögusagnir um hugsanlegt ofbeldi en erfitt er að festa hendur á því hvort þetta hafi gefið tilefni til viðbragða eða ekki. Engin gögn liggja fyrir um þessa vinnu né mál sem hafi verið rædd.<sup>125</sup>

Biskup Pétur kvaðst ítrekað hafa lagt á það áherslu á prestafundum að komi fram ásökun eða hafi prestar eða fái þeir vitneskju um kynferðislega misnotkun skuli viðkomandi prestur eða starfsmaður kaþólsku kirkjunnar strax tala við biskup. Einnig sagðist hann hafa lagt áherslu á það við alla presta að skýra rannsóknarnefndinni frá hverju því sem þeir kynnu að hafa vitneskju um frá fyrri tíð á meðan að hún væri að störfum, óháð því hvort vitneskja snerti lifandi eða látna einstaklinga. Hann kvaðst ekki geta lagt dóm á það hvernig kirkjan hefði tekið á agamálum áður fyrr og hvað talið var rétt eða rangt í þeim efnum. Nefndi hann að reglur væru ólíkar frá einu landi til annars. Mikilvægast væri að rétt yrði tekið á þessum málum nú.

Prestar sem rannsóknarnefndin ræddi við voru sammála um að erfiðum málum bæri að vísa til biskups sem sæi um að leysa þau og nefnt var að það væri meðal annars hlutverk biskups að verja kirkjuna og heiður hennar. Allnokkrir lögðu áherslu á að fara yrði varlega þegar fram kæmu ásakanir um ofbeldi af hálfu vígðra þjóna og að nauðsynlegt væri að kanna sannleiksgildi slíkra frásagna áður en lengra væri haldið. Þá lýstu allir því yfir að þeir myndu aldrei segja frá neinu því sem þeim væri sagt í skriftum.<sup>126</sup>

Eins og áður greinir eru allir prestar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi utan einn erlendir, og einnig biskup. Sumir þjónandi prestar kaþólsku kirkjunnar tala góða íslensku en þeir eru í minnihluta. Allir höfðu sótt reglulega prestafundi og þeir sem ekki höfðu vald á íslensku eða ensku höfðu engu að síður fengið þar einhverjar upplýsingar um þær ásakanir sem fram komu í fjölmiðlum sumarið

---

<sup>124</sup> Þetta er í fullu samræmi við það sem talið hefur verið annars staðar í heiminum, sjá t.d. Bishop Geoffrey J. Robinson: „Changing the culture“. Þá er ljóst að enn er tekist á um hvort og hversu virk kaþólska kirkjan er í baráttu sinni gegn kynferðislegu og annars konar ofbeldi gegn börnum, sjá t.d. Terrence A. Carroll: „The Failure of the Dallas Charter and Canon law: A Blessing in Disguise“, bls. 49-64 og Kathleen L. McChesney: „The Charter Report Card: Have the Bishops Lived up to the Promises Made in Dallas.“ Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 65-78.

<sup>125</sup> Sjá nánar kafla 6.2.1 e).

<sup>126</sup> Nánar verður fjallað um afstöðu biskups og presta til viðbragða við ofbeldisbrotum í kafla 8.2.3.

2011. Allir staðfestu að biskup hefði lagt ríka áherslu á það að ef þeir byggju yfir einhverri vitneskju sem tengdist þessum ásökunum eða um önnur brot framín af þjónum eða starfsmönnum kirkjunnar bæri þeim að skýra biskupi frá því svo og rannsóknarnefndinni. Einn taldi að þessi fyrirmæli hefðu einungis átt að taka til presta sem væru á lífi, en bæði biskup sjálfur og aðrir sögðu fyrirmæli hafa lotið að öllum brotum lífs og liðinna.

#### 7.2.6 Almenn t um skráningu og varðveislu gagna

Í kafla 2.2.2 b var fjallað um þá skyldu sem verður að telja að hafi hvílt á kaþólsku kirkjunni að skrá með markvissum og skipulegum hætti allar upplýsingar og ásakanir um meint brot vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar. Einnig var vikið þar að skyldu kirkjunnar til að skrá með markvissum hætti mál einstakra nemenda í Landakotsskóla og barna í sumardvöl meðan slíkar stofnanir voru á ábyrgð kaþólsku kirkjunnar. Þess ber að geta að í bréfi lögmanns kaþólsku kirkjunnar til rannsóknarnefndarinnar dagsett 17. október 2012 er því hafnað að almenn skylda hvíli á kaþólsku kirkjunni til að skrá og varðveita upplýsingar um mál af því tagi sem hér er rætt um og kemur fram í bréfinu að kaþólska kirkjan telji sig án nokkurs vafa uppfylla allar lagagreinar og lagaákvæði kirkjuréttar svo og landslaga um skráningu og meðferð gagna. Rannsóknarnefndin getur ekki fallist á þessa túlkun á skyldum kirkjunnar og telur ljóst að skráningu og varðveislu gagna hafi verið ábótavant þann tíma sem rannsóknin tekur til.<sup>127</sup>

Eins og áður hefur verið vikið að fundust nánast engin gögn um starfsemi Landakotsskóla þann tíma sem hann var rekinn á ábyrgð kirkjunnar. Séra Hjalti staðfesti í viðtali við rannsóknarnefndina að engin gögn hafi legið fyrir þegar að hann tók við sem skólalastjóri ef frá eru taldar skrár yfir nemendur og einkunnir þeirra sem áður hefur verið vikið að. Séra Hjalti sagðist hafa rætt þetta sérstaklega við biskup Gijzen. Í bréfi biskups Gijzen til rannsóknarnefndarinnar frá september 2012 sagðist biskup margoft hafa hvatt séra George til að gæta að skjalaskráningu og huga að reglum um varðveislu gagna. Séra George hafi sagst ætla að gera þetta þegar hann færi á eftirlaun. Biskup Gijzen kvaðst hafa rætt sérstaklega við séra George eftir að séra Hjalti upplýsti hann um skort á gögnum í skólanum. Séra

---

<sup>127</sup> Þess má geta að kaþólska kirkjan á Íslandi er hér ekki ein á báti, sjá Thomas P. Doyle og Stephen C. Rubino: "Catholic Clergy Sexual Abuse Meets the Civil Law", bls. 559-560: "Although the mandate for a structured and documented investigation into allegations of sexual abuse by the clergy is unequivocal, diocesan bishops have customarily handled such reports in a much more informal manner ... Most cases have been handled with strict secrecy, and adequate documentation has been minimal, if not non-existent."

George hafi fullyrt að nauðsynleg gögn væru á skrifstofu skólastjóra, önnur gögn sagðist hann hafa tekið með sér, og sem hann myndi flokka nánar og skila síðar, og enn önnur gögn hafi séra George sagst líta á sem sín eigin og að þau myndi hann varðveita sjálfur. Biskup Gijzen kvaðst nokkrum sinnum hafa minnt séra George á loforðið um að skila gögnum og sagðist ekki vita hvort af þessu hafi orðið. Séra Hjalti sagðist hafa haldið til haga öllum nauðsynlegum gögnum eftir að hann tók við, meðal annars innkomnum bréfum og helstu skjölum um mál einstakra nemenda. Þá hefði hann séð til þess að kennarafundir væru skráðir. Einstaka kennarar hafa einnig staðfest þetta. Af hálfu séra Hjalti hefur komið fram að hann hafi sérstaklega tekið upp tölvuskráningarkerfið MENTOR þar sem unnt hafi verið að skrá upplýsingar um nemendur, svo sem um mætingu, námsárangur, tilvik sem upp komu, athugasemdir við hegðun, líðan og samskipti við foreldra. Starfslok séra Hjalta báru brátt að, sagðist hann ekki hafa tekið nein gögn með sér þegar hann lauk störfum og hafði engar skýringar á því hvers vegna gögnin hefðu ekki fundist. Sagðist séra Hjalti hafa notað eigin tölvu í starfi sem skólastjóri, þegar hann hafi komið til að sækja tölvuna stuttu eftir að hann sagði upp starfi sínu þá hafi verið búið að eyða úr henni öllum gögnum.

Burtséð frá skólastarfinu þá telur rannsóknarnefndin einnig liggja fyrir að skráning kaþólsku kirkjunnar almennt hafi ekki verið eins markviss og skipulögð eins og skylt og æskilegt má telja, sérstaklega þegar kemur að viðkvæmum einstaklingsmálum. Þannig upplýsti skjalavörður kirkjunnar til dæmis að öll skjöl hafi verið í mikilli óreiðu þegar hann tók við árið 1996, geymd óflokkuð og óskráð í ýmiskonar pokum og kössum. Þá er ljóst af upplýsingum frá skjalaverði að ýmis skjöl og annað efni um málefni kirkjunnar fundust í dánarbúi séra George eftir lát hans árið 2008. Þessi skjöl voru eftir andlát hans, grófflokkuð og komið fyrir í skjalasafni kirkjunnar.

### *7.2.7 Samantekt um almennar athugasemdir*

Hér að ofan hafa verið reifuð ýmis almenn atriði um það tímabil sem um ræðir í skýrslunni. Rannsóknarnefndin telur að leiða megi líkum að því að flest ofangreint hafi verið til þess fallið að draga úr þeim sem vildu koma á framfæri ásökunum eða fylgja ásökunum sínum eftir. Rannsóknarnefndin telur rétt að gera nokkrar almennar athugasemdir á þessu stigi um atriði sem ekki verða afdráttarlaust rakin til mistaka, vanrækslu eða þöggunar í kjölfar ásakana um einstök brot.

Fyrst ber að nefna að skortur á markvissri skráningu og varðveislu gagna hefur gert rannsóknarnefndinni afar erfitt fyrir í störfum sínum. Allar brotalamir í



Þessum efnum, sérstaklega þegar kemur að málum sem telja verður viðkvæm fyrir kirkjuna, eru til þess fallnar að ýta undir þá upplifum í samfélaginu að kirkjan hafi tilhneigingu til þess að þagga mál niður.

Rannsóknarnefndin vill hér gera sérstaka alvarlega athugasemd við þann nánast algera skort á varðveislu gagna um mál nemenda sem einkennir starfsemi Landakotsskóla þann tíma sem rekstur hans var á ábyrgð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Burtséð frá áhrifum á störf rannsóknarnefndarinnar þá verður almennt að telja þetta mikinn ábyrgðarhluta gagnvart öllum fyrrverandi nemendum skólans þar sem þeim er almennt ókleift að nálgast upplýsingar um einstök mál sem upp kunna að hafa komið meðan á skólagöngu þeirra stóð.

Nefndin telur almennt að biskupar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi verði hver á sínum tíma að bera ábyrgð á því að hafa vanrækt að tryggja skráningu og varðveislu gagna sem lúta að verkefni rannsóknarnefndarinnar. Með hliðsjón af upplýsingum sem raktar voru í kafla 7.2.6 verður að gera athugasemd við að biskupi Gijsen og fyrrrennum hans hafi ekki tekist að tryggja örugga skjalaskráningu og varðveislu gagna þann tíma sem séra George var skólastjóri. Þá hafi biskup Gijsen átt að sjá til þess að séra George skilaði tafarlaust þeim gögnum sem hann tók með sér þegar hann hætti störfum sem skólastjóri. Með hliðsjón af vitnisburði séra Hjálta, fyrrverandi aðstoðarskólastjóra og einstakra kennara er ekki ástæða til að draga í efa að vissar upplýsingar hafi verið skráðar og varðveittar með skipulögðum hætti þann tíma sem séra Hjalti var skólastjóri. Rannsóknarnefndin getur þó ekki tekið afstöðu til þess hvernig þessu var nákvæmlega háttað. Þá er með öllu óljóst hvað varð um þessi gögn þegar séra Hjalti lét af störfum. Verður rannsóknarnefndin að telja biskup Gijsen bera ábyrgð á að hafa ekki tryggt varðveislu þessara gagna.

Í takt við þær breytingar sem urðu í samfélaginu undir lok síðustu aldar og upplýsingar á alþjóðavettvangi um alvarleg mál um ofbeldi presta og starfsmanna kaþólsku kirkjunnar þá verður rannsóknarnefndin að benda á að kaþólska kirkjan á Íslandi hefði mátt bregðast við fyrr og fjalla almennt um mál af þessu tagi með mun markvissari hætti en gert var. Telja verði að kaþólska kirkjan á Íslandi hafi, um og eftir síðustu aldamót, haft fullt tilefni til að ræða mál um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og að setja sér skýrar reglur um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við hugsanlegum ásökunum. Hér geti ekki ráðið úrslitum hvort eða hversu margar ásakanir um ofbeldi hafi komið fram hér á landi, samanber það sem áður sagði um líkur á því að börn segi frá ofbeldi.

## 7.3 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í einstökum tilvikum

### 7.3.1 Inngangur og afmörkun efnis

#### a) Almenn

Eins og fram kemur í kafla 1.2 er rannsóknarnefndinni ætlað að leggja á víðtækum grundvelli mat á hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn hafi í viðbrögðum sínum við ásökunum um ofbeldi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttσύni að leiðarljósi sem krefjast má af þeim. Ber sérstaklega að leggja mat á hvort mistök, vanræksla, þöggun eða tilraun til þöggunar hafi átt sér stað. Hér er ekki einungis átt við að tiltekna athafnir eða athafnaleysi hafi ekki fullnægt laga-kröfum eða öðrum settum reglum hendir ber einnig að meta hvort framkomnar ásanir hafi verið metnar af réttσύni og sanngirni og viðbrögð við þeim reist á fullnægjandi forsendum.

Í kafla 6 var lýst þeim tilvikum þar sem komið var á framfæri *ásökunum* vegna tiltekinnar háttsemi vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar með þeim hætti að kirkjan gæti hafa haft tilefni og möguleika til að bregðast við. Hér verður fjallað um viðbrögð í kjölfar þessara ásakana og metið hvort mistök, vanræksla eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi átt sér stað af hálfu vígðra þjóna, starfsmanna kirkjunnar eða annarra þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar.

#### b) Forsendur ályktana rannsóknarnefndarinnar

Ljóst er að í allnokkrum tilvikum hefur ekki reynst unnt að staðfesta með afgerandi móti hvenær og með hvaða hætti ásökun hafi komið fram. Í sumum tilvikum tókst ekki að nafngreina þá sem viðmælendur sögðust hafa snúið sér til og í öðrum tilvikum eru þeir látnir eða farnir að heilsu. Í nokkrum tilvikum er ekki fullt samræmi í frásögnum, það er starfsmenn kirkjunnar segjast ekki kannast við að hafa heyrt kvartanir eða tekið við ásökunum um ofbeldi. Í einhverjum tilvikum sögðu starfsmenn kirkjunnar frá ásökunum sem meintir þolendur höfðu ekki nefnt.

Við mat á því hvað lagt verður til grundvallar í þessum kafla kemur ýmislegt til álita. Hér verður að hafa í huga að í flestum tilvikum er langt um liðið. Þá virðast flestir hafa komið ásökunum á framfæri munnlega og ekki fulljóst hvernig þær voru orðaðar. Sumir segjast sjálfir hafa komið ásökunum á framfæri. Aðrir segja frá tilteknum ásökunum sem aðstandendur hafi komið á framfæri. Enn aðrir telja sig geta fullyrt að einn eða fleiri einstaklingar hafi kvartað vegna háttsemi

starfsmanna kirkjunnar án þess að greina nánar tiltekin atvik, hvenær eða við hvern kvartað hafi verið.

Sérstakt álitamál er hvernig meta eigi þá óreiðu sem virðist hafa verið á skráningu upplýsinga og varðveislu gagna hjá kirkjunni og í Landakotsskóla. Eins og áður hefur komið fram fundust engin gögn í vörslu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi um einstök mál er varða ofbeldi af hálfu starfsmanna, að undanskildum upplýsingum um erindi sem bárust núverandi biskupi Pétri á árunum 2010 og 2011. Þá fundust nánast engin gögn um skólahald og rekstur Landakotsskóla og Riftúns og engar upplýsingar eða gögn um mál einstakra starfsmanna eða nemenda. Það blasir meðal annars við að engar upplýsingar hafa verið skráðar eða gögn varðveitt um þær ásakanir sem þó er unnt að staðfesta að hafi komið fram á fyrri árum. Með ofangreint í huga telur rannsóknarnefndin að í tilteknum, afmörkuðum tilvikum megi leggja til grundvallar fullyrðingar einstaklinga um að ásakanir hafi komið fram um ofbeldi af hálfu starfsmanna kirkjunnar. Ábyrgð á því að hafa vanrækt skráningu mála og varðveislu upplýsinga er þannig í vissum tilvikum lögð á kirkjuna þegar meta þarf hvort tiltekin ásökun hafi komið fram. Áréttu ber að með þessu tekur nefndin enga afstöðu til þess hvort meint brot sem lágu til grundvallar ásökunum hafi verið framin.

Í þessum kafla er valin sú leið að fjalla um viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um annars vegar kynferðislegt ofbeldi og hins vegar andlegt og líkamlegt ofbeldi. Skoðað verður í tímaröð hvenær ásakanir voru settar fram og þær upplýsingar sem liggja fyrir um viðbrögð einstakra starfsmanna kirkjunnar. Í kjölfar umfjöllunar um viðbrögð er lagt mat á hvort einstakir starfsmenn kirkjunnar hafi að einhverju leyti brugðist með hliðsjón af verkefni rannsóknarnefndarinnar. Í ályktunum sínum telur rannsóknarnefndin rétt að ganga út frá því að samkvæmt viðurkenndu verklagi kirkjunnar hafi prestum, nunnum og öðrum starfsmönnum borið að tilkynna biskupi um öll tilvik þar sem grunur lék á því að ofbeldi hafi átt sér stað. Það hafi þá verið á ábyrgð biskups að tryggja að mál yrði skráð og að það fengi réttláta og sanngjarna meðferð.

Rannsóknarnefndin mun álykta um þau tilvik þar sem nefndin telur ástæðu til að finna að vinnubrögðum einstakra starfsmanna kaþólsku kirkjunnar. Ekki verður sérstaklega ályktað um tilvik sem gefa ekki tilefni til slíkrar niðurstöðu. Fyrst og fremst verður ályktað um tilvik sem rannsóknarnefndin telur unnt að afmarka með einhverju móti, það er þegar leitt er líkum að því að ásökun um ofbeldi hafi verið borin fram á ákveðnum tíma við einhvern tiltekinn innan kirkjunnar sem var í aðstöðu til að taka við slíku erindi. Almennt verður því ekki

ályktað um tilvik þar sem óljóst er við hvern var talað eða með hvaða hætti ásökun var orðuð eða var komið á framfæri.

### 7.3.2 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana um kynferðisbrot

Hér verður fyrst í liðum a) til c) gerð grein fyrir viðbrögðum kirkjunnar við ásökunum um kynferðislegt ofbeldi. Um nánari lýsingu á einstaka ásökunum er vísað til kafla 6.2. Í lið d) er fjallað um ályktanir rannsóknarnefndarinnar.

#### a) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu séra George

Sagt var frá því að faðir A hafi farið í Landakot árið 1964 og borið fram ásökun um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George. Ekki liggur fyrir við hvern eða hverja hann ræddi en Jóhannes Gunnarsson var þá biskup. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar frá fyrstu hendi um hvernig orð féllu á umræddum fundi. Upplýsingar um þetta tilvik eru ekki nægilega skýrar til þess að unnt sé að álykta um það.

A kvaðst hafa sagt séra Mertens frá þessu ofbeldi af hálfu séra George árið 1969. Rannsóknarnefndin bar þetta bréfliga undir séra Mertens sem býr í Þýskalandi 83 ára. Í svarbréfi frá prestareglu þeirri sem hann dvelur hjá sagði að heilsu séra Mertens sé þannig komið að hann geti ekki svarað spurningum nefndarinnar. Verður því ekki unnt að álykta um þetta tilvik.

A kvaðst hafa sagt séra Hjalta frá þessu ofbeldi af hálfu séra George árið 1985. Rannsóknarnefndin bar þetta undir séra Hjalta sem kannaðist við að hafa rætt við A á þessum tíma. Séra Hjalti neitaði því hins vegar alfarið að A hefði minnst á kynferðislegt ofbeldi og að hann hefði viðhaft þau orð sem A hafði eftir honum. Sagði hann A einungis hafa sagst vera illa við séra George og Margréti og að sér fyndist séra George ógeðslegur. Séra Hjalti taldi ekkert tilefni til að bregðast við þessum upplýsingum. Rannsóknarnefndin getur ekki tekið afstöðu til þess hvað A og séra Hjalta fór á milli í umrætt sinn. Verður því ekki ályktað um þetta tilvik.

A bar að hafa sagt nunnunni frá ofbeldi af hálfu séra George árið 1988 en mundi ekki nafn hennar. Rannsóknarnefndin sendi fjórum nunnum sem hún hafði upplýsingar um að hefðu verið á Íslandi fyrirspurn vegna þessarar ásökunar. Ein þeirra systir Mary Immaculata, nú 95 ára, kvaðst hafa aðstoðað konu, sem hún myndi ekki nafnið á en gæti hafa verið A, í viku á heimili hennar á þeim tíma sem um ræðir og minnst þess að konan hafi einu sinni verið reið yfir skólagöngu sinni og sagt að séra George „handled her improperly in the school.“ Systir Immaculata sagðist ekki hafa tilkynnt þetta: „I thought she was just “against” religious. I was

rather shocked at such an accusation.“ Systir Immaculata sagði einnig í bréfi sínu: „I am aware now that the attitude has changed very much over the years and everyone is obliged to report such incidents to the authorities and I would have no hesitation about doing so.“ Rannsóknarnefndin mun álykta um þetta tilvik, sjá lið d).

Séra Patrick sagði frá því að hann hefði árið 1989 hitt A á heimili hennar og þá hafi hún komið á framfæri ásökun um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George. Kvaðst hann hafa litið á þetta samtal sem trúnaðarmál, hann hefði þannig ekki upplifað það sem svo að óskað væri eftir því formlega eða óformlega að rætt yrði um málið við viðeigandi yfirboðara og því hefði hann ekki nefnt það við neinn. Þá staðfesti séra Patrick einnig að hafa svarað síma í prestshúsinu í Landakoti árið 1990 þegar maður hringdi og talaði um kynferðislegt ofbeldi gegn konu sinni af hálfu séra George án þess að nefna nafn þolanda. Sagðist séra Patrick hafa dregið þá ályktun að um væri að ræða sama mál og honum hafði verið sagt frá árið 1989 og því farið strax í kjölfarið einn á heimili konunnar. Hafi þetta reynst rétt og hafi A endurtekið við þetta tilefni ásakanir sínar um ofbeldi af hálfu séra George. Lýsti hún jafnframt ótta sínum um að séra George gerði öðrum börnum það sama og hann hefði gert henni. A bar að séra Hjalti hefði einnig verið viðstaddur þennan fund, en bæði séra Hjalti og séra Patrick neita því að svo hafi verið. Séra Patrick kvaðst hafa skýrt biskupi Jolson frá ásökunum konunnar strax sama kvöld. Daginn eftir hafi hann verið viðstaddur fund biskups um málið með séra George. Séra George hafi fullyrt að þessar ásakanir væru ekki sannar. Séra Patrick sagði biskup ekki hafa rætt málið við sig frekar og hann hefði engar frekari upplýsingar um afdrif þess að öðru leyti. Taldi hann sig hafa gert skyldu sína með því að segja biskupi strax frá málinu og hefði það þar með verið úr hans höndum. Þegar biskup Pétur hafi beðið presta á prestafundi 2010 að láta sig vita ef að þeir vissu um einhver mál sem tengdust prestum, þá hafi hann skilið það svo að það ætti einungis við um presta sem væru á lífi og því ekki sagt frá þessu á þeim tíma. Rannsóknarnefndin ályktar um þetta tilvik frá árinu 1989 að því er varðar séra Patrick og biskup Jolson, sjá lið d). Lagt er til grundvallar að séra Hjalti hafi ekki verið viðstaddur fund með A árið 1990 og því ekki ályktað að því er hann varðar. Rannsóknarnefndin ályktar um tilvik frá árinu 1990 að því er varðar biskup Jolson. Þar sem staðfest er að ásökun kom til vitundar biskups Jolson á árinu 1990 þá vekur athygli að engin gögn fundust í skjalasafni kirkjunnar um hana eða viðbrögð við henni.

B bar um tilraunir sínar sem barn til að ræða við systur Nellie um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George og af hálfu Margrétar en óljóst er hvenær

þetta á að hafa verið. Einnig kvaðst hann hafa reynt að ræða þetta við séra Ágúst í tengslum við skriftir um fermingaraldur. Óljóst er hvernig ásakanir voru orðaðar. Rannsóknarnefndin bar þetta undir systur Nellie Mc Laughlin, sem býr á Írlandi. Hún kvaðst ekki muna til þess að hafa heyrt neinar slíkar ásakanir þann tíma sem hún var hér á landi. Hún kvað tungumálið hafa verið erfitt og hún hafi alls ekki haft full tök á íslensku þó að hún gæti bjargað sér. Séra Ágúst Kolbeinn Eyjólfsson lést á hinn bóginn árið 2005. B bar einnig að hann hefði um 1990, komið í presthúsið við Landakot og gert einhvers konar tilraun til að segja frá því ofbeldi sem hann hafi orðið fyrir. Óljóst er við hvern var rætt og hvað var sagt. Enginn viðmælenda nefndarinnar úr prestastétt man eftir komu mannsins í presthúsið árið 1990. Rannsóknarnefndin telur ekki unnt að álykta um þessi tilvik.

C bar að hann hafi upp úr 1990 farið á fund biskups Jolsons og sagt honum frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu séra George. Lýsti hann efni samtalsins. Taldi hann biskup ekki hafa brugðist við þeim upplýsingum sem hann veitti á neinn hátt. C rak minni til þess að ónafngreindur erlendur prestur hafi verið viðstaddur samtalið. Upplýst er að það var enginn þeirra presta sem hér starfa nú. Rannsóknarnefndin mun álykta um þetta tilvik, sjá lið d).

Séra Jakob tjáði nefndinni að hann hefði tekið við lokuðu umslagi úr hendi biskups Jolsons í kjölfar fundar biskupsins með ónafngreindum aðila. Verður ekki annað ráðið af framburði séra Jakobs en að maðurinn hafi rætt við biskup Jolson um slæma persónulega reynslu sína af séra George þó að útilokað sé að fullyrða nánar hvers eðlis þessi reynsla hafi verið. Bréfsins er ekki getið í skjalaskrá kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og efni þess ekki skráð. Séra Jakob afhenti Gijzen biskupi bréfið þegar hann tók við biskupsdæminu. Ekki er alger samhljómur með vitnisburði séra Jakobs og upplýsingum frá biskupi Gijzen um þetta bréf. Samkvæmt minnisblaði sem rannsóknarnefndinni var afhent um símtal séra Jakobs við biskup Gijzen 29. febrúar 2012 var haft eftir biskupi Gijzen að í bréfinu hafi ekkert staðið um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George, „bréfið hefði eldri maður skrifað, sem áður var í Landakotsskóla, og hefði ferðast einu sinni með séra George og ungmennahópi til Hollands.“ Hefði maðurinn skrifað bréfið í þeim tilgangi að vara við og hvetja til forvarna í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum í byrjun tíunda áratugarins um kynferðisbrot og barnanið innan kaþólsku kirkjunnar annars staðar í heiminum. Samkvæmt þessum vitnisburði biskups Gijzen mundi maðurinn sjálfur ekki eftir neinu slíku atviki hvað séra George varðaði. Rannsóknarnefndin leitaði sérstaklega eftir nánari upplýsingum um málið hjá biskupi Gijzen. Í bréfi biskups Gijzen til rannsóknarnefndarinnar sagðist hann ekki muna nafn viðkomandi manns en staðfesti að hafa tekið við umræddu umslagi.

Sagði biskup Gijsen í bréfi sínu að maðurinn hefði „remembered perhaps to be abused by a priest working in Iceland, when he was a young boy [sic]“. Sagði biskup að maðurinn hefði haft „the impression that rev. Ágúst George had sought sexual contacts with him, but he was not sure about it.“ Biskup Gijsen upplýsti að hann hefði rætt við manninn en í samtalinu hefði maðurinn einungis getað staðfest „his feeling that perhaps the contacts with rev. Ágúst George had been not always correct“ og þeir hefðu í sameiningu „concluded that there was not a clear indication for [sexual abuse]. Therefore we decided to destroy the letter and to close the case“. Biskup Gijsen kvaðst ekki hafa rætt þetta við séra George og ekki skráð neinar upplýsingar um þessa afgreiðslu sína á erindinu. Ályktað verður um þetta tilvik í lið d).

Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um ásakanir á hendur séra George meðan hann starfaði sem skólastjóri Landakotsskóla. Borið var á hinn bóginn að A hafi sagt séra Davíð Tencer frá ofbeldi af hálfu séra George árið 2007 þar sem hann var staddur í verslun. Hann kvaðst hafa kvatt A til þess að fara til lögreglu en hún hafi ekki viljað fara lengra með málið. Eftir áðurnefnd fyrirmæli biskups á prestafundi í maí 2010 mun séra Davíð hafa sagt biskupi frá þessu samtali. Ekki er tilefni til þess að fjalla nánar um þetta tilvik.

Í Fréttablaðinu 17. september 2010 var rætt við séra Jakob um fréttir af meintum brotum erlendis, af því tilefni er haft eftir honum: „ekkert tilfelli um kynferðislegt ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar hafa komið upp hér á landi, að kirkjunni vitandi.“ Af hálfu séra Jakobs kom fram að þarna hefði ekki verið rétt eftir honum haft, hann hefði sagt blaðamanni að honum sjálfum væri ekki kunnugt um að ásakanir um kynferðisbrot gagnvart börnum hefðu borist til kirkjunnar.

Borið var að stuttu síðar, nánar tiltekið á fundi 20. september 2010, hafi biskupi Pétri verið sagt frá því að D hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi bæði af hálfu séra George og Margrétar. Sá sem sagði frá, E, var þó fyrst og fremst að segja frá ofbeldi sem hann taldi sig sjálfan hafa orðið fyrir á fullorðinsárum af hálfu annars prests. Í lýsingu kirkjunnar segir að á þeim fundi hafi komið fram að bróðir E „hefði átt í vandræðum með séra George“. Engir minnisþingar voru skráðir um fundinn. Í bréfi E til biskups Péturs dagsettu 27. október sama ár vísar hann gagnert til þess að hafa komið á framfæri ofangreindum ásökunum um brot af hálfu séra George og Margrétar gegn D á fundinum 20. september 2010. Í bréfum biskups Péturs til E vegna máls hans er ekkert vikið að brotum gegn D og ekki verður séð að í kjölfarið hafi verið brugðist sérstaklega við upplýsingum um brot gegn D. Biskup Pétur tók fram við rannsóknarnefndina að E hefði sett fram óbeina

ásökun vegna D en D hefði aldrei leitað sjálfur til hans, þá hefðu ásakanirnar beinst gegn látnum einstaklingum. Hann taldi sig því ekki hafa haft tilefni til frekari aðgerða varðandi þetta einstaka mál, en hafist handa við að upplýsa almennt um hvort brot hefðu verið framin innan kirkjunnar og til að efla forvarnir, meðal annars með umræðu við presta á prestafundum allt frá maí 2010 og með skipun rannsóknarnefndarinnar síðsumars 2011. Rannsóknarnefndin ályktar um þetta tilvik í lið d).

Borið var að C hafi í september 2010 farið á fund biskups Péturs og sagt honum frá alvarlegu ofbeldi af hálfu séra George. Biskup Pétur staðfesti að hafa rætt við viðkomandi á fundi 21. september árið 2010. Ekki var rituð fundargerð eða minnisblað um fundinn. Í kjölfar fundarins skrifaði biskup manningnum bréf á þýsku, dagsett 25. september 2010. Í bréfinu þakkaði biskup C fyrir að hafa skýrt frá „sambandi“ („damaligen Beziehung“) sínu við látinn prest kirkjunnar. Hann kvaðst taka málið mjög alvarlega og skýrði frá því að biskuparáðstefna Norðurlanda hefði ákveðið að setja sér leiðbeiningarreglur um hvernig takast ætti á við mál af þessu tagi og vinna að forvörnum. C var þakkað fyrir að hafa ekki í hyggju að fara í fjölmiðla eða að gera fjárkröfur, og sérstaklega fyrir að bjóða fram aðstoð sína við gerð leiðbeiningarreglna. Áréttað var að kirkjan tæki þessi mál alvarlega og myndi reyna að hindra tjón í framtíðinni. Biskup tók fram að honum þætti leitt að maðurinn hefði orðið fyrir þessari reynslu og að hann, á sama hátt og páfi hafi oft gert, bæðist afsökunar. Loks var C boðinn velkominn til biskups og í kirkjuna. Í viðtali við nefndina lýsti C óánægju sinni með viðbrögð biskups Péturs, meðal annars það að bréfið hefði verið skrifað á þýsku og ekkert hefði verið aðhafst frekar varðandi forvarnir.

Í apríl 2011 var biskup Pétur boðaður á fund innanríkisráðherra sem borist höfðu upplýsingar um tvö tiltekin mál. Tjáði biskup rannsóknarnefndinni að þar hafi honum verið sagt að tveir einstaklingar hefðu komið fram með ásakanir og gefið skýrslu hjá lögreglu. Honum hafi ekki verið gerð frekari grein fyrir málunum eða hverjir ættu hlut að máli. Kvaðst hann hafa óskað eftir afriti af þeim gögnum sem ráðherra var með en ekki fengið. Hafi það verið skilningur hans að þau yrðu send þáverandi lögmanni kirkjunnar en þau hafi ekki borist.

Um miðjan júní 2011 birtist grein í Fréttatímanum um kynferðisbrot gegn börnum og fullorðnum innan kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, einkum af hálfu séra George skólastjóra Landakotsskóla og Margrétar Müller kennara. Í kjölfarið varð talsverð fjölmiðlaumfjöllun um þessi mál og viðtöl meðal annars tekin við nokkra fyrrum nemendur Landakotsskóla og Guðrúnu Ögmundsdóttur, sem stýrir



fagráði innanráðuneytisins um kynferðisbrot og er jafnframt tengiliður vistheimila sem rannsökuð höfðu verið samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Þáverandi lögmaður kaþólsku kirkjunnar skrifaði í tilefni af ummælum Guðrúnar í viðtalinu opið bréf fyrir hönd biskups Péturs til innanríkisráðherra 21. júní 2011. Er þar meðal annars farið yfir það sem átti sér stað á fundinum í ráðuneytinu, sagt að biskup hafi án tafar brugðist við bréfi einstaklings er varðaði kynferðislegt áreiti kaþólsks prest, áréttað að kirkjan taki ásakanir af þessu tagi alvarlega og hún sé fús til samvinnu, en gagnrýnt að fulltrúi ráðuneytisins saki biskup um aðgerðarleysi og þögn í fjölmiðlum í stað þess að leita eftir upplýsingum og beina fyrirspurnum bréflaga til biskups. Óskað var eftir fundi með fagráði og eftir upplýsingum um þau mál sem rædd höfðu verið á fundi í ráðuneytinu. Undir lok bréfsins segir:

Það er hvorki hlutverk stjórnvalda né kirkjunnar heldur dómstóla að undangenginni lögreglurannsókn að skera úr um sekt eða sakleysi þeirra sem sökum eru bornir. Umfjöllun í fjölmiðlum um kynferðisbrot innan Kaþólsku kirkjunnar gefur tilefni til að árétta þetta og jafnframt að spyrja hver sé réttur þeirra látnu einstaklinga sem ásakanirnar beinast að.

Guðrún Ögmundsdóttir afhenti rannsóknarnefndinni afrit af svarbréfi innanríkisráðherra dagsettu 24. júní 2011. Þar útskýrði hann aðdraganda að stofnun *fagráðs um ásakanir vegna ofbeldisbrota og kynferðisbrota sérstaklega hjá trúfélögum* og verksvið þess. Síðan rakti hann tilefni þess að óskað hafi verið eftir fundi með biskupi og vísaði til lögregluskýrslu. Síðan segir:

Ég tek undir það með yður að mál af þessu tagi eru lögreglumál og eiga að fara sína leið í gegnum réttarkerfið. Það firrir hins vegar ekki ábyrgð þær stofnanir eða samtök sem í hlut eiga ef brotin hafa farið fram innan þeirra vébanda og í skjóli þess trausts sem þar á að ríkja. Það er eðlilegt að reisa þá kröfu að tekið sé á málum af festu og allt gert sem hægt er til að upplýsa brotin og bæta fyrir þau eftir því sem kostur er. Sú staðreynd að þeir einstaklingar sem í hlut eiga eru látnir getur ekki orðið til þess að mál séu látin liggja í þagnargildi. Af hálfu ráðuneytisins snýst málið ekki um einstaklinga, heldur um stofnun.

Í lok ágúst 2011 skipaði biskup Pétur rannsóknarnefnd þá sem ritar skýrslu þessa.

*b) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu Margrétar Müller*

Í kaflanum hér á undan var því lýst hver urðu viðbrögð þegar reynt var eða komið var á framfæri ásökunum um kynferðislegt ofbeldi af hálfu Margrétar, jafnhliða ásökunum á hendur séra George. Rannsóknarnefndin hefur engar frekari upplýsingar um viðbrögð við ásökunum um kynferðisbrot af hálfu Margrétar Müller.

*c) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu annarra*

- Kennari X -

Borið var að kennari X hafi verið ásaakaður um kynferðislegt ofbeldi gagnvart nokkrum stúlkum í Landakotsskóla árið 1996 og að málið hafi verið kært til lögreglu. Fram kemur í gögnum að séra George hafi haldið fund með aðstandendum stúlkanna og rætt við X, honum hafi verið gefið tækifæri til að hætta störfum sem hann hafi gert samdægurs. Þess má geta að X mótmælti alfarið framkomnum ásökunum. Að lokinni rannsókn lögreglu voru gögn málsins send ríkissaksóknara sem lét málið niður falla með vísa til 112. gr. laga nr. 19/1991.

- Séra Y -

Borið var að séra Hjalta hafi árið 1996 verið sagt frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu séra Y gagnvart E. Samkvæmt vitnisburði séra Hjalta þá taldi hann vafa leika á að um lögbrot hefði verið að ræða en hann taldi sér engu að síður skylt að segja biskupi Gijzen frá þessum ásökunum, enda um að ræða alvarleg siðferðileg brot af hálfu prestsins ef þetta reyndist rétt. Séra Hjalti taldi að biskup Gijzen hefði rætt við manninn en E hefur ekki borið um að hafa átt fund með biskupi. Séra Hjalti neitaði því alfarið að hafa setið fund með E, séra George og séra Y og sagðist ekki hafa komið frekar að málinu eftir fyrsta samtalið við biskup Gijzen.

Í bréfi biskups Gijzen til rannsóknarnefndarinnar staðfesti hann að hafa heyrt af þessum ásökunum frá séra Hjalta og sagðist hann hafa beðið séra Hjalta að ræða þetta við séra Y. Séra Hjalti hafi í kjölfarið haft eftir séra Y „that the information of the man-in-question was tight [sic] and that he had urged him to undress himself and to sit naked for a while to try to deliver this man from his excessive sense of shame of his own body.“ Biskup Gijzen sagðist hafa beðið séra Hjalta að bera þetta undir E og að séra Hjalti hafi eftir það sagt E hafa „affirmed the explanation of the case like rev. [Y] had given.“ Biskup Gijzen bar einnig að E hafi ekki viljað ræða við sig beint og ekki viljað kæra séra Y. Von E hafi einungis verið sú að séra Y myndi átta sig á því að hann hefði gert rangt og valdið E tjóni. Biskup Gijzen

sagðist hafa falið séra Hjalta að koma þessu til séra Y sem hafi ekki andmælt. Að sögn biskups Gijzen ræddi hann ekki við séra Y þar sem presturinn hafi verið því mótfallinn. Sagðist biskup Gijzen ekki hafa skráð neitt um þetta mál þar sem hann hefði ekki vænt frekari viðbragða af hálfu E, enda hefur ekkert fundist í skjalasafni kirkjunnar um þessa ásökun eða málsmeðferð af hálfu biskups Gijzen.

E bar að hann hefði árið 2010 snúið sér til biskups Péturs sem staðfesti að hafa tekið við tölvubréfi mannsins 25. maí 2010. Sagðist biskup Pétur hafa ráðfært sig við þáverandi lögmann kirkjunnar, Friðjón Örn Friðjónsson hæstaréttarlögmann, um hvernig bæri að svara bréfinu eða bregðast við því frekar. Var E sendur tölvupóstur á þýsku þann 1. júní 2010 og sagt að kirkjan myndi rannsaka málið vel og hafa samband eins fljótt og mögulegt væri. Eins og áður var vikið að upplýsti biskup Gijzen í bréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar að séra Y hefði viðurkennt tiltekna háttsemi. Í samræmi við framburð biskups Péturs gengur rannsóknarnefndin út frá því að biskup Gijzen hafi ekki miðlað vitneskju sinni um þetta mál til biskups Péturs og ekkert var um það að finna í skjalasafni kirkjunnar. E ítrekaði erindi sitt 10. september 2010, sagðist hafa frekari upplýsingar og óskaði eftir fundi. Biskup Pétur átti fund með E 20. september 2010. E var síðan sent bréf dagsett 24. september 2010 þar sem honum var þakkað það traust sem hann hefði sýnt með því að segja frá samskiptum sínum við prestinn. Fram kom að málið hefði verið kannað innan kirkjunnar en sú rannsókn hefði ekki leitt neitt nýtt í ljós. Kirkjan gæti því ekki aðhafst frekar í málinu en hún væri reiðubúin til að aðstoða E á hvern þann hátt sem hún gæti.

E ritaði biskupi Pétri annað bréf í september 2010 þar sem hann óskaði eftir aðstoð við að leita sér sérfræðipjónustu. Biskup Pétur sendi svarbréf 27. október. Um aðstoð af hálfu kirkjunnar var áréttað að þar væri vísað til þeirrar þjónustu sem kirkjan veitti almennt og þess styrks sem fælist í kristinni trú. Kirkjan gæti ekki tekið afstöðu til þeirra alvarlegu atburða sem lýst hefði verið og af þeim sökum gæti kirkjan ekki tekið þátt í þeim kostnaði sem nefndur hefði verið. Ítrekað var að kirkjan stæði E opin og sú þjónusta sem hún veitti.

Samkvæmt vitnisburði Friðjóns Arnar var þetta í fyrsta sinn sem hann heyrði af meintum kynferðisbrotum af hálfu starfsmanna kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Kvaðst hann hafa samið bréf um málið sem liggja fyrir á íslensku. Hafi hann sagt biskupi að málið væri fyrnt og ráðlagt að ekki væri rétt að kirkjan tæki afstöðu til þess sem þarna hefði gerst, en rétt væri að einhver skoðun færi fram og að kirkjan setti sér verklagsreglur. Kvaðst Friðjón Örn hafa ráðlagt biskupi að hafna bótaskyldu en talið sjálfsagt að kirkjan byði fram aðstoð sína við sáluhjálp. Hafi E jafnframt verið ráðlagt að hann gæti snúið sér til yfirvalda ef hann óskaði frekari

rannsóknar. Nánar spurður um viðbrögð við ásökunum E, kvaðst Friðjón Örn ekki telja það óeðlilegt að þakka manningnum fyrir að segja frá og að bjóða honum faðm kirkjunnar enda hefði E sjálfur lýst því að hann fengi styrk í kaþólskri trú.

Rannsóknarnefndin ályktar um viðbrögð biskups Gijzen við ásökun E í lið d).

- Séra Z -

Borið var að séra Hjalta hafi árið 2002 verið sagt frá grun um kynferðisofbeldi gegn drengnum F, í eitt skipti af hálfu séra Z. Samkvæmt vitnisburði séra Hjalta taldi hvorki hann sjálfur né aðstandendur drengsins að um alvarlegt mál væri að ræða en hann taldi engu að síður skyldu sína að segja biskupi Gijzen frá því. Hjalti hafði eftir biskupi Gijzen að haldinn hafi verið fundur með aðstandendum drengsins þar sem niðurstaðan hafi verið sú að ekkert ofbeldi hefði átt sér stað. Aðstandendur hafa staðfest þetta við rannsóknarnefndina og sögðu að drengurinn sjálfur hefði lagt áherslu á að þetta hafi verið misskilningur. Aðstandendur sögðu einnig frá því að séra Z hafi komið til þeirra og verið miður sín vegna þessa misskilnings. Í bréfi biskups Gijzen til rannsóknarnefndarinnar staðfestir hann að hafa rætt við aðstandendur drengsins og séra Z um málið, kvaðst hann hafa ráðlagt séra Z að vera „very careful in his contacts with young people“. Ekkert liggur fyrir í skjalasafni kirkjunnar um þessa ásökun, meðferð málsins eða málalok og verður ályktað um þau atriði í lið d).

Samkvæmt vitnisburði biskups Péturs þá sagði biskup Gijzen honum frá þessu máli og málalokum þegar biskup Pétur var að hefja hér störf. Í júní 2011 kom safnaðarmeðlimur að máli við séra Jakob og spurði hann hvort séra Z hefði gert eitthvað ósæmilegt. Séra Jakob hafði ekki heyrt af málinu og upplýsti biskup Pétur um samtalið. Biskup Pétur tók þá ákvörðun um að kanna málið sjálfur. Talaði hann við alla aðila, séra Hjalta og aftur við biskup Gijzen. Að sögn biskups Péturs var því staðfastlega haldið fram að ekkert ósiðlegt hefði gerst og varð sú niðurstaða hans. Þessir fundir voru skjalfestir, voru rannsóknarnefndinni afhentar fundargerðir og önnur gögn, meðal annars yfirlýsing F, dagsett 12. júlí 2011. Við könnun rannsóknarnefndarinnar gerðu aðilar engar athugasemdir við málsmeðferð af hálfu kirkjunnar eða málalok. Ekki er tilefni til að álykta frekar um þetta mál.

*d) Ályktanir rannsóknarnefndarinnar*

Hér að framan var rakið það sem liggur fyrir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur séra George, Margréti Müller og öðrum um kynferðislegt

ofbeldi. Með almennar forsendur rannsóknarnefndarinnar að leiðarljósi verða í þessum kafla dregin fram þau atvik þar sem rannsóknarnefndin telur að skort hafi á að einstaka starfsmenn kirkjunnar hafi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttsýni að leiðarljósi sem krefjast mátti af þeim í kjölfar þess að fram komu ásakanir um kynferðislegt ofbeldi.

Með vísan til alls ofangreinds verður rannsóknarnefndin að telja óvarlegt að álykta nokkuð um efni ásakana eða viðbrögð við þeim fyrr en kemur að árinu 1988.

Eins og greinir hér að framan (7.3.1 b) byggir rannsóknarnefndin á þeirri forsendu að það sé viðurkennt verklag innan kirkjunnar að prestum, nunnum og öðrum starfsmönnum beri að tilkynna biskupi um öll tilvik þar sem grunur leikur á því að ofbeldi hafi átt sér stað. Rannsóknarnefndin telur að systir Immaculata hafi samkvæmt þessu vanrækt á árinu 1988 að tilkynna biskupi um þær ásakanir sem hún hefur staðfest að hafa verið sagt frá um ofbeldi af hálfu séra George. Þarna var um að ræða ásakanir um alvarlegt kynferðislegt ofbeldi um árabíl gagnvart þolanda á barnsaldri af hálfu prests sem enn var í fullu starfi sem skólastjóri grunnskóla á vegum kirkjunnar, og sagt var að ofbeldið hefði átt sér stað í skólanum. Þrátt fyrir að umræða um kynferðislegt ofbeldi og viðbrögð við því hafi vaxið til muna frá því að þetta átti sér stað verður nefndin engu að síður að telja að systur Immaculata hafi mátt vera ljóst hversu alvarlegt málið var, hversu brýnt var að fram færi rannsókn á ásökunum viðkomandi og jafnhliða að gripið yrði til nauðsynlegra viðbragða til að tryggja öryggi barna í skólanum. Engu breytir þó að viðkomandi þolandi hafi verið orðin fullorðin þegar ásökun var borin fram.

Rannsóknarnefndin telur á sama grundvelli að séra Patrick hafi árið 1989 vanrækt að tilkynna biskupi um þær ásakanir sem hann hefur staðfest að hafa verið sagt frá um ofbeldi af hálfu séra George gegn A. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að viðkomandi hafi verið mótfallin því að frekari viðbrögð yrðu við þessum ásökunum. Í ljósi stöðu séra George á það sama við hér og segir um systur Immaculata.

Vísað er til umfjöllunar í kafla 2.2.2 b um skyldu samkvæmt kirkjurétti, einkum can. 1717 og can. 1719, sbr. einnig can. 486, til þess að rannsaka ásakanir um alvarleg brot og að skrá og varðveita upplýsingar um slíka rannsókn og að biskup eða önnur yfirvöld kirkjunnar beri ábyrgðina á að framfylgja þessari skyldu.

Rannsóknarnefndin telur liggja fyrir að biskup Jolson hafi vanrækt skyldu sína samkvæmt framangreindum ákvæðum árið 1990 þegar séra Patrick tilkynnti

honum um ásakanir A um ofbeldi af hálfu séra George, sem þá var enn skólastjóri Landakotsskóla. Í samræmi við þær forsendur rannsóknarnefndarinnar sem áður var getið um er gengið út frá því að einu viðbrögð biskups hafi verið þau að bera ásakanirnar undir séra George sem hafi hafnað þeim með öllu. Rannsóknarnefndin telur ljóst að biskupi hafi borið að tryggja að fram færi sjálfstæð og sérhæfð rannsókn á þessum ásökunum. Jafnframt bar að grípa til réttra viðbragða meðan rannsókn færi fram og í kjölfar þess að niðurstöður lægju fyrir, svo sem að taka afstöðu til þess hvort séra George yrði látinn víkja úr starfi og hvort beita skyldi sérstökum viðurlögum á grundvelli kirkjuréttarins. Rannsóknarnefndin telur að hér hafi verið um alvarlega vanrækslu að ræða. Engin gögn hafa fundist í skjalasafni kirkjunnar um að þessar ásakanir hafi komið fram eða viðbrögð við þeim, af því leiðir að biskup Jolson vanrækti með öllu að skrá og varðveita upplýsingar um framkomna ásökun og hvernig brugðist var við henni. Rannsóknarnefndin telur að hér hafi verið um vanrækslu að ræða.

Ekkert liggur fyrir í skjalasafni kirkjunnar um ásakanir af hálfu C sem hann segist hafa í eigin persónu komið á framfæri við biskup Jolson upp úr 1990 um kynferðislegt ofbeldi af hálfu séra George. Rannsóknarnefndin telur að kirkjan verði í þessu tilviki að axla ábyrgð á því að hafa vanrækt að skrá upplýsingar og varðveita gögn með markvissum hætti og að leggja megi til grundvallar að greint samtal við biskup hafi átt sér stað. Rannsóknarnefndin telur því að biskup Jolson hafi einnig hér alvarlega vanrækt þá skyldu sína samkvæmt kirkjurétti að bregðast við ásökunum C og ennfremur vanrækt þá skyldu sína að skrá og varðveita upplýsingar um þessar ásakanir. Áréttu ber að þarna var séra George enn skólastjóri Landakotsskóla.

Rannsóknarnefndin telur erfitt að fullyrða um innihald umslags sem biskup Jolson afhenti séra Jakobi og sem varðveitt var sem slíkt í skjalasafni kirkjunnar í einhvern tíma. Óháð því hvers efnis bréfið var nákvæmlega þá gengur rannsóknarnefndin út frá því að erindið hafi alltaf borið að skrá og að minnsta kosti að varðveita upplýsingar um efni þess. Það veltur hins vegar á efninu með hvaða hætti kirkjunnar bar að bregðast við. Í ljósi þess að séra Jakob hafði eftir biskupi Jolson að í umræddu umslagi væri að finna einhvers konar ásökun um óviðeigandi háttsemi af hálfu séra George verður rannsóknarnefndin að álykta að viðbrögð biskups Jolson hafi verið ófullnægjandi, einkum í ljósi þeirrar vitneskju sem ganga má út frá að hann hafi haft um ásakanir tveggja annarra einstaklinga á hendur séra George. Rannsóknarnefndin ályktar að biskup Jolson hafi vanrækt þá skyldu sína að tryggja að erindið sem slíkt yrði skráð efnislega og varðveitt í

skjalasafni kirkjunnar og að brugðist yrði við því á viðeigandi hátt, samanber umfjöllun hér að ofan.

Rannsóknarnefndin verður þá einnig að telja að biskup Gijsen hafi gert mistök með því að eyðileggja ofangreint bréf eftir að séra Jakob afhenti honum umslagið og vanrækt þá skyldu sína að tryggja skráningu og varðveislu erindisins í skjalasafni kirkjunnar. Rannsóknarnefndin verður að túlka vitnisburð biskups Gijsen með þeim hætti að þarna hafi legið fyrir grunur um að tiltekinn maður hafi á barnsaldri verið beittur kynferðisofbeldi af hálfu séra George sem þá var enn skólastjóri Landakotsskóla. Ekki liggur fyrir að biskup Gijsen hafi haft nauðsynlega sérþekkingu til að meta vitnisburð viðkomandi manns og því telst hann hafa vanrækt þá skyldu sína að tryggja sjálfstæða rannsókn á málinu með aðkomu sérfræðinga og að grípa til nauðsynlegra aðgerða meðan á rannsókn stæði.

Rannsóknarnefndin leggur til grundvallar að biskup Gijsen hafi fengið upplýsingar um ásakanir E á hendur séra Y árið 1996. Sérstaka athygli vekur að upplýsingar biskups Gijsen stangast í meginatriðum á við vitnisburð séra Hjalta og vitnisburð E um það hvað gerst hafi í kjölfar ásakana E. Eins og áður hefur verið rakið þá neitar séra Hjalti því alfarið að hafa haft milligöngu um samskipti við E og séra Y með þeim hætti sem biskup Gijsen lýsir í bréfi til rannsóknarnefndarinnar í september 2012. Þá hefur E ekki borið um milligöngu séra Hjalta með þessum hætti og hann neitar því alfarið að hafa fengið vitneskju um meinta játningu séra Y á tiltekinni háttsemi. Fullyrðing biskups Gijsen um játningu séra Y virðist ekki hafa komið fram fyrir en í umræddu bréfi til rannsóknarnefndarinnar í september 2012. Rannsóknarnefndin getur ekki fullyrt hvað tilteknum einstaklingum hafi farið á milli. Hér verður þó að leggja til grundvallar yfirlýsingu biskups Gijsen um að séra Y hafi viðurkennt tiltekna háttsemi. Í ljósi þeirrar vitneskju biskups verður rannsóknarnefndin að álykta að biskup Gijsen hafi alvarlega vanrækt þá skyldu sína að tryggja rannsókn málsins með formlegri hætti og tryggja rétt málalok. Hafi honum borið að meta hvort þörf væri á frekari sjálfstæðri rannsókn og taka síðan sérstaka ákvörðun um hvernig tekið yrði á málinu á grundvelli kirkjuréttarins. Rannsóknarnefndin telur að biskup Gijsen hafi vanrækt þá skyldu sína að skrá málið og varðveita upplýsingar um meðferð þess í skjalasafni kirkjunnar.

Rannsóknarnefndin leggur einnig til grundvallar að biskup Gijsen hafi fengið upplýsingar um mál séra Z árið 2002. Rannsóknarnefndin telur að biskup Gijsen hafi vanrækt þá skyldu sína að skrá málið og varðveita upplýsingar um meðferð þess í skjalasafni kirkjunnar. Með vísan til þess sem segir í lið c telur nefndin ekki tilefni til að gera athugasemdir við meðferð þessa máls að öðru leyti.

Rannsóknarnefndin telur rétt að ganga út frá því að biskupi Péttri hafi í september 2010 borist ásakanir frá E um alvarlegt ofbeldi af hálfu séra George og Margrétar gegn D. Eins og vikið var að í kafla 2.2.2 b telur rannsóknarnefndin að á kirkjunni hvíli vissar skyldur til að bregðast við þegar upplýsingar koma fram um ofbeldi jafnvel þótt meintur gerandi sé látinn. Af virðingu við meintan þolanda beri að lágmarki að tryggja að hlustað verði á frásögn þolandans, athugað hvort fyrirliggi eða afla megi einhverra upplýsinga sem varpað geti ljósi á málið og síðast en ekki síst að tryggja að þolandi fái einhver svör um afstöðu kirkjunnar. Til hliðsjónar má benda á viðbrögð biskups Péturs í máli E vegna ásökunar hans um ofbeldi af hálfu séra Y. Að mati rannsóknarnefndarinnar bar biskupi Péttri að halda málum E og D aðskildum og telur nefndin ekki unnt að líta svo á að viðbrögð hans í máli E teljist einnig viðbrögð við ásökun um ofbeldi gagnvart D. Biskup Pétur hefur lagt áherslu á þau alhliða viðbrögð kirkjunnar sem urðu í kjölfar upplýsinga og umræðu um meint ofbeldi, svo sem samráð við lögmann kirkjunnar, fund í innanríkisráðuneytinu, skipan rannsóknarnefndarinnar og vinnu við undirbúning verklags. Rannsóknarnefndin getur ekki fallist á að það sem gert var að þessu leyti teljist fullnægjandi sem viðbrögð gagnvart D. Telur rannsóknarnefndin að biskupi Péttri hafi borið að tryggja að mál D fengi með sjálfstæðum hætti að minnsta kosti sambærilega meðhöndlun og mál E. Verður rannsóknarnefndin að telja að biskupi hafi borið í ljósi alls framangreinds að hafa frumkvæði að því að fram færi frekari rannsókn eða athugun í kjölfar þeirra upplýsinga sem honum bárust um brót gegn D og borið að tryggja einhvers konar sjálfstæðar málalyktir gagnvart D. Hafi hann því vanrækt skyldur sínar að þessu leyti.

Hér að ofan hafa verið tilgreind þau tilvik þar sem einstaka starfsmenn kirkjunnar þykja hafa gert mistök eða vanrækt skyldur sínar í kjölfar ásakana um ofbeldi. Sú spurning vaknar hvort á umræddum tíma hafi verið um að ræða þöggun eða tilraun til þöggunar um kynferðisbrot innan kirkjunnar. Rannsóknarnefndin telur óvarlegt að álykta með beinum hætti að tilteknir starfsmenn kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hafi vísvitandi reynt að bæla niður ásakanir, reynt að fá einhvern með beinum hætti til að þegja um tiltekin mál eða reynt að hafa áhrif á að ekki yrði farið lengra með tiltekin mál um kynferðislegt ofbeldi.

Þegar ofangreint er metið með heildstæðum hætti telur rannsóknarnefndin þó rétt að gera nokkrar athugasemdir. Rannsóknarnefndin verður að telja að alger skortur á skráningu mála og upplýsinga um málsmeðferð lengst af í starfi kirkjunnar gefi ákveðnar vísbendingar um tilhneigingu til að forðast að taka á málum af þessu tagi með faglegum og samræmdum hætti. Rannsóknarnefndin hefur áður lýst þeirri sterku stöðu sem séra George hafði hér á landi um árabíl



innan kaþólsku kirkjunnar í ljósi tungumálakunnáttu sinnar, langrar dvalar, þekkingar á staðháttum og víðtækrar starfsreynslu. Rannsóknarnefndin telur að leiða megi nokkrar líkur að því að biskupar Jolson og Gijzen hafi veigrað sér við því að taka grun um brot eða ásakanir á hendur séra George föstum tökum. Þá lýsi viðbrögð þeirra í kjölfar ásakana um kynferðisofbeldi af hálfu séra George og annarra ákveðinni tilhneigingu til að draga úr því að farið yrði lengra með tiltekin mál.

### *7.3.3 Ályktanir um viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana um annað ofbeldi*

#### *a) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu Margrétar Müller*

Eins og rakið var í kafla 6 sagðist allnokkur fjöldi foreldra, annarra aðstandenda barna og kennarar hafa komið ásökunum á framfæri við séra George meðan hann var skólastjóri vegna andlegs ofbeldis af hálfu Margrétar Müller. Lýstu nokkrir viðbrögðum hans sem virðast ýmist hafa verið að hafna þessu með öllu eða að lofa að ræða við Margréti. Starfsmaður fræðslustjóra bar að hafa um 1989-90 og aftur á árabílinu 1990-96 tekið við ásökunum um líkamlegt ofbeldi af hálfu einhvers kennara í Landakotsskóla og rætt málin munnlega við séra George. Viðkomandi mundi þó ekki hvaða kennari hefði átt hlut að máli. Engin gögn eru fyrirbyggjandi um neinar þessar ásakanir eða viðbrögð við þeim, hvorki hjá fræðslustjóra né kirkjunni.

Nokkur hópur foreldra eða annarra aðstandenda sagðist einnig hafa komið á framfæri ásökunum við séra Hjalta þegar hann var skólastjóri Landakotsskóla. Þá sögðust fyrrverandi kennarar einnig hafa rætt við séra Hjalta um háttsemi Margrétar. Rannsóknarnefndin bar þetta sérstaklega undir séra Hjalta. Hann sagðist ekki minnst þess að komið hafi verið á framfæri nokkrum ásökunum vegna ofbeldis af hálfu Margrétar sem hann hafi talið sig geta brugðist við. Séra Hjalti staðfesti þó það sem nefndinni hafði verið sagt að þegar hann hafi tekið við starfi skólastjóra hafi hann óskað eftir því að Margrét léti af störfum sem kennari. Tilefni þessa hafi verið það að honum líkaði ekki við hana. Óskin hafi verið borin upp við séra George sem hafi þvertekið fyrir þetta. Sagðist séra Hjalti ekki hafa borið erindið upp við biskup. Séra Hjalti kannaðist við að einhverjir foreldrar og kennarar hefðu rætt við sig um háttsemi Margrétar en hann taldi þetta allt hafa verið á óformlegum nótum, enginn hafi sett fram ásakanir sem hafi gefið honum tilefni til að grípa til formlegra viðbragða, svo sem áminningar eða brottrekstrar. Sagðist séra Hjalti nokkrum sinnum hafa reynt að ræða við Margréti um einstaka nemendur en hún hafi ætíð þverneitað því að nokkuð væri að.

Einn viðmælandi lét rannsóknarnefndinni í té afrit af bréfi til séra Hjalta frá árinu 2003 þar sem komið var á framfæri ásökunum um alvarlegt einelti af hálfu Margrétar og sagðist viðkomandi hafa átt fund með séra Hjalta um málið. Rannsóknarnefndin bar þetta undir séra Hjalta sem sagðist ekki muna eftir þessu en hann bæri ekki brögður á að þetta hefði gerst.

Borið var að foreldrar tiltekins barns hefðu árið 2003 komið á framfæri formlegum ásökunum vegna eineltis af hálfu Margrétar við Bessí Jóhannsdóttur, sem þá var aðstoðarskólalastjóri Landakotsskóla. Bessí staðfesti að hafa tekið við þessum ásökunum. Sagðist hún hafa komið upplýsingum til Hjalta og þau í sameiningu tekið þá ákvörðun að barnið fengi að ljúka skólaárinu utanskóla með því að fá heimakennslu. Séra Hjalti sagðist ekki muna eftir þessu en mótmælti því ekki að þetta kynni að hafa verið svona. Séra Hjalti sagði frá því að hann hafi tilkynnt Margréti um vorið 2003 að hennar störfum væri lokið þar sem hún yrði 70 ára á árinu. Sagði hann Margréti hafa tekið þessu afar illa og þá hefði séra George einnig mótmælt þessu harðlega. Taldi séra Hjalti að séra George hefði upp frá þessu unnið markvisst gegn sér þar til að séra Hjalti lét af störfum sem skólalastjóri árið 2005. Var það mat séra Hjalta að séra George hafi alla tíð haft sterk ítök í öllu starfi kirkjunnar hér á landi og tekist leynt og ljóst að ráða miklu um málefni skólans.

Þrír foreldrar báru að hafa reynt að koma ásökunum á framfæri við biskupa kaþólsku kirkjunnar hér á landi. Þannig var borið að ásökunum hafi verið komið á framfæri við biskup Frehen sem hafi staðfest að hafa fengið margar svipaðar kvartanir vegna Margrétar og lofað að gera eitthvað. Ein móðir sagðist hafa farið, eftir að ræða án árangurs við séra George, á fund biskups Jolsons og kvartað yfir háttsemi Margrétar gagnvart dóttur sinni. Hafi biskup Jolson sagst ætla að rannsaka málið en ekkert hafi gerst. Einnig var borið um árangurslausa tilraun til að fá áheyrn hjá biskupi Gijzen vegna háttsemi Margrétar. Var þetta sérstaklega borið undir biskup Gijzen sem sagðist ekki muna eftir því að mæður hafi óskað áheyrnar vegna háttsemi Margrétar eða að hann hafi hafnað því að hitta nokkurn vegna þessa. Biskup Gijzen sagði hins vegar í bréfi til rannsóknarnefndarinnar frá ömmu og afa sem komu til hans um árið 2000 og sögðu honum að barnabarn þeirra gæti ekki verið lengur í Landakotsskóla „because of conflict with Miss Margrét Müller“. Biskup sagði þau ekki hafa lýst því nákvæmlega í hverju þessi ágreiningur hafi falist „so I could do nothing to solve the problem nor tackle Miss Müller about it“. Í bréfi biskups Gijzen segir einnig „sometimes I have heard – in a talk – that there were problems regarding the methods of education of Miss

Müller, but I had not the possibility to ask details nor to speak with Miss Müller about it". Engin gögn liggja fyrir um neinar þessar ásakanir eða viðbrögð við þeim.

Einn viðmælandi bar um að hafa sagt nafngreindri og öðrum ónafngreindum nunnum frá harðræði af hálfu Margrétar í Riftúni og einnig nefnt þetta við séra Oremus. Nunnan sem var nafngreind mun vera látin. Rannsóknarnefndin náði ekki að ræða við séra Hubertus Oremus sem lést háaldraður skömmu eftir að nefndin tók til starfa. Hann mun hins vegar ekki hafa verið komin til landsins á þeim tíma sem viðmælandinn kveðst hafa sagt frá reynslu sinni. Á þeim tíma var starfandi í sókn viðmælandans séra Hubert Habets, en hann lést árið 1987.

*b) Viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um brot af hálfu séra George*

Borið var að móðir hafi komið á framfæri kvörtunum vegna harðræðis af hálfu séra George (einnig af hálfu Margrétar) líklega í kringum 1968. Ekki liggja fyrir upplýsingar um við hvern hafi verið rætt né hvernig ásakanir hafi verið orðaðar.

Annar viðmælandi bar að hafa sagt nunnum og séra Oremus frá harðræði af hálfu séra George (einnig af hálfu Margrétar) í Riftúni. Visast hér til upplýsinga í kafla hér að ofan um brot af hálfu Margrétar.

Rannsóknarnefndin hefur ekki frekari upplýsingar um að komið hafi verið á framfæri ásökunum um líkamlegt eða andlegt ofbeldi af hálfu séra George, sem gefið hafi kirkjunni tilefni til að grípa til viðbragða.

*c) Ályktanir rannsóknarnefndarinnar*

Áður en kemur að einstaka ályktunum verður enn og aftur að undirstrika ábyrgð kirkjunnar á skráningu og varðveislu gagna um mál einstakra nemenda, eins og meðal annars var vikið að í köflum 7.2.6 og 7.2.7. Rannsóknarnefndin mun því í einhverjum tilvikum leggja til grundvallar vitnisburði þeirra sem segjast hafa komið á framfæri ásökunum.

Þótt erfitt sé að fullyrða hvers efnis ásakanir hafi verið í öllum tilvikum þá telur rannsóknarnefndin ekki ástæðu til að draga í efa vitnisburði allra þeirra sem sögðust hafa í skólastjóratíð séra George komið á framfæri við hann ásökunum um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar. Verður nefndin að telja að séra George hafi alvarlega vanrækt þá skyldu sína að bregðast með faglegum og samræmdum hætti við þessum ásökunum. Hafi honum borið að tryggja að fram færi einhvers konar rannsókn og borið að grípa til viðeigandi ráðstafana samhliða og í kjölfarið.

Allmargir foreldrar, aðstandendur, fyrrverandi kennarar og aðrir starfsmenn Landakotsskóla hafa einnig borið um að hafa komið á framfæri ásökunum við séra

Hjalta um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar þann tíma sem hann var skólastjóri. Í einu tilviki liggur fyrir bréf til skólastjóra þar sem ásökun er lýst og í öðru tilviki hefur fyrrverandi aðstoðarskólastjóri staðfest að gripið hafi verið til tiltekinna viðbragða í kjölfar ásökunar. Séra Hjalti andmælti þessu ekki sérstaklega. Hann staðfesti einnig að hafa almennt reynt að ræða við Margréti um háttarni hennar. Með hliðsjón af framangreindu getur rannsóknarnefndin ekki lagt til grundvallar vitnisburð séra Hjalta um að allan þennan tíma hafi einungis verið um að ræða óljósan orðróm sem ekki hafi gefið nægilegt tilefni til eða uppfyllt skilyrði laga um heimildir til að grípa til formlegra viðbragða gagnvart starfsmanni. Vert er að nefna til samanburðar að rannsóknarnefndin fékk upplýsingar frá fyrrverandi aðstoðarskólastjóra um eitt tilvik þar sem kvartað hafi verið yfir ákveðnum samskiptum nemanda og annars nafngreinds kennara. Virðist það mál hafa verið tekið föstum tókum, leitað utanaðkomandi ráðlegginga um skilyrði og framkvæmd áminningar, rætt við hlutaðeigandi og fundin ásættanleg lausn. Rannsóknarnefndin telur ekki að þarna hafi verið um háttsemi af hálfu kennarans að ræða sem falli undir verksvið nefndarinnar en athygli vekur sá munur sem virðist hafa verið á meðferð þessa máls og afstöðu til ásakana á hendur Margréti vegna ítrekaðra og alvarlegra ávirðinga. Við mat á viðbrögðum séra Hjalta leggur rannsóknarnefndin til grundvallar að séra Hjalti hafi reynt með einhverjum hætti að koma því til leiðar að Margrét léti af störfum þegar hann tók við sem skólastjóri árið 1998, þrátt fyrir að það hafi að hans eigin sögn ekki verið bein viðbrögð vegna ásakana um andlegt ofbeldi. Þá megi taka tillit til vitnisburða um óumdeilda sterka stöðu séra George, íhlutunar og afskipta hans af skólasterfinu og þess að Margrét hafi verið undir hans verndarvæng. Þrátt fyrir þetta verður nefndin að telja að séra Hjalti hafi vanrækt þá skyldu sína að bregðast með faglegum og samræmdum hætti við ásökunum um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar. Hafi honum borið að tryggja að fram færi einhvers konar rannsókn og borið að grípa til viðeigandi ráðstafana samhliða og í kjölfarið.

Rannsóknarnefndin telur rétt að leggja til grundvallar vitnisburði um að ásökunum um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar hafi verið komið á framfæri við biskup Frehen og biskup Jolson. Borið var að biskup Frehen hafi kannast við svipaðar ásakanir og að biskup Jolson hafi sagst ætla að rannsaka málið. Rannsóknarnefndin leggur einnig til grundvallar vitnisburð biskups Gijsen um ásökun sem komið var á framfæri við hann árið 2000. Verður rannsóknarnefndin að telja að biskupar Frehen, Jolson og Gijsen hafi allir vanrækt þá skyldu sína að bregðast með faglegum og samræmdum hætti við þessum ásökunum. Hafi þeim

borið að tryggja að fram færi einhvers konar rannsókn og borið að grípa til viðeigandi ráðstafana samhliða og í kjölfarið.

Hér að ofan hafa verið tilgreind þau tilvik þar sem einstaka starfsmenn kirkjunnar þykja hafa vanrækt skyldur sínar í kjölfar ásakana um ofbeldi. Sú spurning vaknar hvort á umræddum tíma hafi verið um að ræða þöggun eða tilraun til þöggunar um andlegt og líkamlegt ofbeldi innan kirkjunnar.

Rannsóknarnefndin telur mega draga þá ályktun að séra George hafi frá því að hann tók við sem skólastjóri Landakotsskóla árið 1961 og þar til hann lést árið 2008 vísvitandi bælt niður ásakana um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar og með beinum hætti reynt að hafa áhrif á að þessar ásakana færu ekki lengra. Verður að telja háttsemi séra George mjög ámælisverða og fullnægja þeim skilyrðum að vera talin þöggun í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í þessari skýrslu.

Með hliðsjón af vitnisburðum séra Jakobs, séra Hjalta, biskups Gijsen og fjölmargra annarra um yfirburðastöðu og áhrif séra George innan biskupsdæmisins hér á landi verður rannsóknarnefndin að draga þá ályktun að biskupar Frehen, Jolson og Gijsen hafi veigrað sér við því og vikið sér undan því að hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi Landakotsskóla og sumarbúðum sem reknar voru á vegum skólans, þar með talið að skoða nánar, fjalla um og bregðast við upplýsingum um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar. Einnig verður að álykta að vegna ofangreinds hafi séra Hjalti sem skólastjóri Landakotsskóla, vikið sér undan því að taka á ásökunum með faglegum og markvissum hætti. Allmargir báru að almennt hafi ekki verið hlustað á ásakana og/eða gert lítið úr þeim. Aðrir báru að hafa sjálfir talið og/eða oft heyrt aðra tala um að það þýddi ekkert að kvarta yfir háttsemi Margrétar vegna þeirrar verndar sem hún nyti af hálfu háttsettra manna innan kirkjunnar. Sumir notuðu orðalagið þöggun í þessu samhengi. Þegar ofangreint er metið með heildstæðum hætti dregur rannsóknarnefndin þá ályktun að biskupum Frehen, Jolson og Gijsen og séra Hjalta að sínu leyti, hafi mátt vera ljóst að viðbrögð þeirra hafi verið til þess fallin að bæla niður ásakana um andlegt ofbeldi af hálfu Margrétar og þannig haft áhrif á að ekki yrði farið lengra með tiltekin mál. Verður að telja ofangreint fullnægja þeim skilyrðum að vera þöggun í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í þessari skýrslu.

## 8. TILLÖGUR RANNSÓKNARNEFNDAR KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR UM ÚRBÆTUR

### 8.1 Inngangur

Samkvæmt starfsreglum rannsóknarnefndarinnar skal hún koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kaþólsku kirkjunnar vegna ásakana um kynferðislegt eða annað ofbeldi af hálfu starfsmanna hennar. Í þessum kafla verður fjallað um þau atriði sem nefndin telur mikilvægt að kaþólska kirkjan á Íslandi skoði sérstaklega og settar fram tillögur að úrbótum sem stuðlað geta að því að kirkjan verði betur í stakk búin til að takast á við það ef starfsmaður hennar er sakaður um kynferðislegt eða annað ofbeldi.

Eins og áður sagði er hlutverk rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar afmarkað með sambærilegum hætti og hlutverk rannsóknarnefndar kirkjuþings þjóðkirkjunnar. Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþing er meðal annars greinargóð umfjöllun um fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og leiðir til forvarna sem telja má að gildi jafnt fyrir þjóðkirkjuna sem önnur trúfélög. Í tillögum sínum að úrbótum mun rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar því taka mið af skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings.

Ofbeldi gegn börnum er alvarlegt og flókið samfélagslegt vandamál. Öll viðbrögð við þessum vanda krefjast sérhæfðrar þekkingar, fræðslu, þjálfunar og samhæfðra, markvissra vinnubragða. Í kafla 7.2.3 var meðal annars vikið lítillga að tíðarandanum í samfélaginu að því er varðar þekkingu á ofbeldi gegn börnum og viðbrögð samfélagsins. Eins og þar kom fram er ljóst að viðurkenning og þekking manna á ofbeldisbrotum gegn börnum hefur tekið stakkaskiptum á Íslandi á síðustu áratugum og að umræða um æskileg viðbrögð hefur verið í sífelltri þróun.

Þrátt fyrir þetta hafa lítil merki sést um úrbætur af hálfu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og er það mat rannsóknarnefndarinnar að töluverð vinna sé eftir áður en hægt verði að segja að kirkjan sé í stakk búin til að takast á við mál vegna kynferðislegs eða annars konar ofbeldis gegn börnum. Vert er að benda á að rannsóknarnefnd kirkjuþings komst að samskonar niðurstöðu um þjóðkirkjuna og tók einnig fram að þar væri kirkjan ekki ein á báti. Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings segir eftirfarandi:

Hvað eftir annað hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að aðstoða stofnanir við að bregðast við aðstöðu af þessu tagi. Ítarlegar leiðbeiningar fyrir einstaklinga og stofnanir hafa verið teknar saman af erlendum sérfræðingum á þessu sviði um

hvaða skref ber að taka til þess að draga úr líkum á kynferðisofbeldi og auka líkur á réttum viðbrögðum. Slíkar leiðbeiningar leggja áherslu á að fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi byrja með fyrirbyggjandi aðgerðum þar sem starfsmenn eru með fræðslu og þjálfun búnir undir það að geta brugðist við slíku ofbeldi og að markvisst sé unnið að forvörnum gegn því. Fyrirmyndarverklag byggir á þeirri vitneskju að þeir sem verða fyrir kynferðisofbeldi eru ólíklegir til að greina frá reynslu sinni og að margt getur hindrað það að tekið sé á ofbeldinu á ákjósanlegan hátt og að hugað sé að forvörnum. Áhersla er lögð á að þróun og innleiðing fyrirmyndarverklags taki tíma og stöðugt þurfi að vinna að endurskoðun og þróun samhliða því sem reynsla og þekking eykst innan stofnunar.<sup>128</sup>

Eins og vikið var að í kafla 4.1.2 a er vernd barna gegn ofbeldi einn af nauðsynlegum þáttum þess að tryggja barni þroskavænleg uppeldisskilyrði. Í 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er lögð áhersla á að gera skuli allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi. Í 2. mgr. ákvæðisins er nánar hnykkt á þeim atriðum sem þarf að gefa gaum og sem lagt geta grunn að fyrirmyndarviðbrögðum. Þar er lögð áhersla á virkar forvarnir, svo og nauðsyn þess að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum þar sem barn hefur sætt ofbeldi.

Hér á eftir verður fjallað lítillega um starfshætti kirkjunnar og settar fram ábendingar um það sem betur mætti fara. Þá verður gefið stutt yfirlit yfir leiðbeiningar um fyrirmyndarviðbrögð vegna kynferðislegs eða annars konar ofbeldis gegn börnum. Að lokum verður gerð grein fyrir tillögum rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar um úrbætur í einstaka liðum.

## 8.2 Starfshættir kirkjunnar

### 8.2.1 Skráning og varðveisla gagna

Áður hafa verið gerðar athugasemdir við þær brotalamir sem virðast hafa einkennt skráningu upplýsinga og varðveislu gagna í starfsemi Landakotsskóla og að einhverju leyti hjá kirkjunni sjálfri. Þá virðist í framkvæmd ekki að öllu leyti skýrt með hvaða hætti kaþólska kirkjan skrái mál af því tagi sem hér er fjallað um, til dæmis er ekki skýrt hvaða fundi skuli skrá, hvaða tölvupósta beri að skrá og varðveita, hvaða gögn biskup skrái og geymi hjá sér, hvenær og hvaða gögn eru

---

<sup>128</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasynti biskupi um kynferðisbrot, bls. 207.

skráð í hið almenna skjalasafn og hver sé tilgangur hins svokallaða leyndarskjalasafns kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Rannsóknarnefndin verður að telja varhugavert fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi að leggja til grundvallar þá þröngu túlkun á skyldu til að skrá og varðveita upplýsingar um meint ofbeldisbrot, sem fram kemur í andmælabréfi lögmanns kirkjunnar dagsettu 17. október 2012. Rannsóknarnefndin telur túlkun kirkjunnar ranga eins og rökstutt hefur verið í kafla 2.2.2 b. Er eindregið lagt til að kirkjan skoði vandlega með hvaða hætti rétt og heppilegast sé að haga skráningu mála af þessu tagi þannig að tryggt verði í framtíðinni að allar upplýsingar um meðferð ásakana um ofbeldisbrot af hálfu starfsmanna kirkjunnar verði ætíð hægt að finna með fljótvirkum og aðgengilegum hætti.

### 8.2.2 Upplýsingar og fræðsla

Eins og áður hefur komið fram eru þjónandi prestar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi sem tala íslensku í minnihluta og nefnt var í viðtölum að tungumálaörðugleikar gætu hamlað virkri upplýsingamiðlun á prestafundum. Kaþólskir prestar á Íslandi þjóna einnig sóknarbörnum af ólíkum uppruna. Virðist hafa verið lögð nokkur áhersla á að fá hingað presta sem tala tungumál þeirra innflytjendahópa sem eru hvað fjölmennastir á Íslandi og koma frá löndum þar sem kaþólsk trú er útbreidd. Þessi þjónusta er í samræmi við leiðbeiningar páfagarðs frá árinu 2004 um mál innflytjenda. Í þessum leiðbeiningum er þó einnig lögð rík áhersla á skyldur þessara presta til að stuðla að aðlögun innflytjenda, og þar segir meðal annars:

In this process the chaplain/missionary must be a bridge, linking the community of migrants to the host community. ... To do this he needs to know and appreciate the culture of the place where he is called to perform his ministry, speak its language, be able to dialogue with the society he lives in and teach esteem and respect for the host country, even to the point of loving and defending it.<sup>129</sup>

Í viðtölum kom fram að prestar sem hefja hér störf fá enga kynningu á íslenskum lögum og reglum af hálfu kirkjunnar. Til samanburðar skýrðu nokkrir frá því að þeir hefðu áður starfað um tíma á Englandi þar sem þeir hefðu fengið sérstaka fræðslu um innlend lög, ítarlegar verklagsreglur og framkvæmd þeirra. Þar hefðu einnig verið í gildi mjög strangar reglur um mat á hæfi presta til að

---

<sup>129</sup> *Erga migrantes caritas Christi*. Pontifical Council Instruction, Vatíkanið, 2004, aðgengilegt á [www.vatican.va](http://www.vatican.va).



gegna starfi. Nánar verður rætt um fræðslu síðar í þessum kafla en rétt þykir að nefna hér sérstaklega tiltekin atriði.

Rannsóknarnefndin telur það áhyggjuefni hversu lítil þekking presta er á íslenskum lögum og ber þar helst að nefna ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum. Rannsóknarnefndin vill beina því til kaþólsku kirkjunnar á Íslandi að skoða sérstaklega hvernig tryggja megi að allir vígðir prestar og starfsmenn kirkjunnar tileinki sér undirstöðuatriði íslenskra laga sem skipta máli fyrir störf þeirra.

Þá er mikilvægt að tungumálaörðugleikar komi ekki í veg fyrir að vígðir prestar og starfsmenn kirkjunnar geti tekið þátt í samstarfi við ólíka aðila í íslensku samfélagi sem reynt getur á í þjónustu við einstaka sóknarbörn vegna mála af því tagi sem hér er fjallað um. Einnig þarf að tryggja að tungumálaörðugleikar hamli ekki markvissri stefnumótun af hálfu biskups, reglubundinni fræðslu, innleiðingu verklags og virku eftirliti hans með öllum þáttum kirkjustarfsins hér á landi.

### *8.2.3 Afstaða til viðbragða við ásökunum*

Á fundi rannsóknarnefndarinnar og Péturs Bürcher, biskups kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, miðvikudaginn 29. febrúar 2012 var biskup meðal annars spurður um afstöðu sína til þess hvernig kaþólsku kirkjunni og starfsmönnum hennar bæri að bregðast við upplýsingum um meint brot þjónandi presta eða annarra starfsmanna kirkjunnar. Hann kvað skylt að gæta að því hvort um væri að ræða brot á landslögum og lögum kirkjunnar og að fylgja fyrirmælum þeirra. Einnig lagði hann áherslu á forvarnir og upplýsti að í vinnslu væru reglur fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi um viðbrögð og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og að sams konar vinna ætti sér stað í samvinnu við aðra trúarsöfnuði. Biskup Pétur afhenti nefndinni skjal sem ber yfirskriftina: „Persónuleg afstaða Péturs Bürcher biskups til misnotkunar innan kirkjunnar og raunhæfar aðgerðir“, þar segir:

Kynferðisleg misnotkun á fullveðja einstaklingum er hneykslanleg og skammarleg. Þar er einnig um mikla synd að ræða, einkum er í hlut eiga prestar og starfsfólk kirkjunnar. Þegar ásakanir þessa efnis gagnvart Kaþólsku kirkjunni á Íslandi voru fyrst færðar Pétri biskupi í maí 2010, greip hann þegar í stað til ráðstafana og fól óháðri rannsóknarnefnd að veita öllum tækifæri til að tjá sig án takmarkana um þau málefni. Nefndarmenn fá einnig allar nauðsynlegar trúnaðarupplýsingar og skjöl sem þeir þarfnast frá Kaþólsku kirkjunni. Nefndin á að ljúka störfum fyrir 1. september 2012.

Við fylgjum landslögum og lögum kirkjunnar. Reykjavíkurbiskupsdæmi ber síðan, í samræmi við skýrslu nefndarinnar og gildandi reglur ríkis og kirkju, að bregðast við hvað snertir sekt viðurkennndra brotamanna og neyð fórnarlambanna. Allt verður að gera, eins og frekast er kostur, til að koma í veg fyrir misnotkun á börnum. Forvarnir skipta í þessu tilliti mjög miklu máli. Í Reykjavíkurbiskupsdæmi, og í samvinnu við aðrar kirkjur á Íslandi, er nú unnið markvisst að nýjum tillögum um viðbrögð við slíkum aðstæðum auk forvarna varðandi misnotkun á börnum. Aðeins með þessu móti er unnt að endurvinnna glatað traust í stuttum og erfiðum skrefum.

Kirkjunni ber fyrst og fremst að taka mið af umhyggju fyrir fórnarlömbunum í slíkum tilvikum. Börnin þarfnast verndar og virðingar. Ábyrgðarmenn kirkjunnar og Pétur biskup biðja þau og fjölskyldur þeirra innilega fyrirgefningar á öllu því sem kann að hafa verið brotið gegn virðingu þeirra, sóma og rétti, og hefur verið viðurkennt sem slíkt. Allir ættu að veru fullvissir um það að þrátt fyrir mikinn sársauka fjölskyldunnar á hún ætíð sess innan kirkjunnar sem býður hana ævinlega hjartanlega velkomna.

Prestarnir sem rannsóknarnefndin ræddi við nefndu flestir að erfiðum málum bæri að vísa til biskups sem sæi um að leysa þau og sumir þekktu til viðurlaga á grundvelli kirkjuréttar sem kirkjan gæti gripið til gagnvart presti sem gerst hefði brotlegur án þess að mál yrði endilega opinbert. Nefnt var að biskup hefði það hlutverk að hugsa um sóknarbörnin en einnig að verja kirkjuna og heiður hennar.

Rannsóknarnefndin spurði þá presta sem komu á fund hennar sérstaklega um hver þeir teldu að ættu að vera viðbrögð við ásökunum um kynferðisbrot. Almennt gerðu prestarnir greinarmun á því hvort slíkar upplýsingar kæmu fram í skriftum eða í samtölum utan skrifta. Allir tóku fram að rík þagnarskylda gildi um það sem fram kæmi við skriftir og að hún væri tekin mjög alvarlega. Töldu allir sér algerlega óheimilt að upplýsa neinn annan um neitt það sem þeim væri sagt við skriftir. Var þetta óháð því hvort um væri að ræða frásögn meints geranda sem óskaði synndaaflausnar eða frásögn meints þolanda. Hins vegar nefndu nokkrir að þeir gætu við skriftir leiðbeint eða ráðlagt viðkomandi um hvað hann eða hún ætti að gera og hvert viðkomandi gæti leitað. Ef um brotamann væri að ræðar mætti leiðbeina viðkomandi og leggja áherslu á að fyrirgefningin tæki ekki gildi ef ekki væri farið eftir leiðbeiningunum. Einnig kváðust nokkrir myndu reyna að koma því þannig við að hægt væri að tala við viðkomandi um málið utan skrifta, reyna að fá hann eða hana til þess að tjá sig og leiðbeina viðkomandi eða hvetja til þess að hafa samband við yfirvöld, allt eftir aðkomu viðmælanda að málinu. Einn

prestur taldi trúnaðarskyldu ekki einungis bundna við það sem fram kæmi í skriftum heldur bæri einnig að virða það sem hann kallaði trúnaðarsamtöl utan skrifta.

Nokkrir prestar sögðu að fara yrði mjög varlega ef ásakanir um ofbeldi kæmu fram og að prestum bæri að meta sannleiksgildi þeirra áður en að frekar væri aðhafst. Var notað orðalag eins og „rökstuddur grunur“, „að mjög líklegt væri að ásakanir væru réttar“ eða „fullvissa um að frásögn gæti verið rétt“. Einhverjir sögðust þekkja ákveðin dæmi um ásökun barns sem ekki hefði átt við rök að styðjast. Einn tók svo til orða að börn þekktu þessi vopn, það er að segja að til þess að ná fram vilja sínum í tilteknu tilviki gætu þau hótad því að segja að prestur hefði framið kynferðisbrot. Annar taldi ýmis dæmi um það að fólk reyndi að hafa fé af kirkjunni með fölskum ásökunum. Einn kvaðst sem prestur hafa lært aðferðir við að greina trúverðugleika frásagnar, til dæmis hvort mótsagnir kæmu fram eða frásögn væri óskýr. Taldi hann að ekki ætti að hlaupa gagnrýnislaut eftir sérhverri ásökun eða illmælgum um prest en ef frásögn gæti verið rétt þá ætti að fela lögreglunni að rannsaka málið. Allir tóku þó fram að ef ásakanir reyndust vera réttar væri um mjög alvarlegt brot og mikla synd að ræða sem bæri að bregðast við. Allir kváðust myndu skýra biskupi frá máli ef að prestur ætti í hlut, eða eftir atvikum æðra stjórnvaldi innan kirkjunnar, til dæmis sendiherra páfa, nema þeir væru bundnir trúnaði eins og áður hefur verið vikið að. Töldu prestarnir langflestir að með því væru þeir búnir að gera skyldu sína og hefðu ekki meira með málið að gera. Biskup bæri ábyrgðina eftir það og það væri í hans verkahring að ákveða hvernig yrði brugðist við. Nokkrir kváðust þó einnig myndu tala við þann prest sem grunur beindist að ef að þeir þekktu hann vel. Flestir nefndu að oftast væri rétt að tilkynna mál til lögreglu, en ekki var alltaf ljóst hvort þeir töldu það sitt hlutverk eða að biskup myndi gera það. Tveir prestar nefndu barnaverndaryfirvöld og könnuðust við skyldu til þess að tilkynna mál til barnaverndarnefndar. Einn kvaðst vera þátttakandi í innflytjendateymi sem hefði samvinnu við barnaverndarnefnd á staðnum. Aðrir virtust nánar aðspurðir hafa mjög litla þekkingu á hlutverki barnaverndaryfirvalda hér á landi. Nokkrir viðmælendur tóku fram að þeir teldu enga þörf á sérstökum verklags- eða leiðbeiningarreglum um viðbrögð við ásökunum. Einn prestanna sagðist vera fulltrúi kaþólsku kirkjunnar í yfirstandandi samvinnu ýmissa trúfélaga þar sem rætt væri um að koma á fót samkirkjulegri nefnd sem væri óháð trúfélögunum.

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt fyrir kaþólsku kirkjunni á Íslandi að staldra við og skoða alvarlega hvernig prestar í dag telja rétt að bregðast við ásökunum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Verður fjallað nánar um þessi

atriði síðar í kaflanum. Hér verður þó að benda á að það er sérstakt áhyggjuefni hvornig meirihluti presta telur rétt og skylt að meta framburði barna og hvaða kröfur þeir telja rétt að gera áður en gripið verði til frekari viðbragða við ásökun um ofbeldi.

### 8.3 Forvarnir og fyrirmyndarviðbrögð við ásökunum um ofbeldi

Eins og áður sagði eru mál um ofbeldi gagnvart börnum bæði viðkvæm og flókin. Í aldanna rás hefur meðferð þessara mála einkennst af afneitun og vanþekkingu. Þrátt fyrir vaxandi vitundarvakningu, viðurkenningu og aukin viðbrögð þá er alþekkt að mál um kynferðislegt og annað ofbeldi gegn börnum valdi ótta, óöryggi og vanmætti hjá fólki. Á síðastliðnum áratugum hafa margir lagt hönd á plóg við samningu og útgáfu ítarlegra leiðbeininga fyrir einstaklinga, stofnanir og félagasamtök um hvaða skref beri að taka til að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum og tryggja rétt viðbrögð við ásökunum þegar þær koma fram.<sup>130</sup>

Fyrirmyndarverklag felur í sér markvissa stefnumótun og nánari leiðbeiningar um hvornig unnið verði að atriðum eins og forvörnum, fræðslu og viðbrögðum við ásökunum, þar með talið að greina vandann, tryggja markvissa málsmeðferð og aðstoð og meðferð fyrir þolendur. Hafa verður í huga að þeir sem verða fyrir ofbeldi eru ólíklegir til að greina frá því, sérstaklega ef þeir eru á einhvern hátt viðkvæmir sökum til dæmis aldurs, félagsstöðu, trúnaðarsambands við geranda og annarra þátta.<sup>131</sup> Leiðbeiningar verða einnig að byggja á vitneskju um hvað er líklegt til að draga úr eða auka hættuna á ofbeldi eða hindra það að tekið sé á ofbeldi gegn börnum. Hér er um að ræða vitneskju um atriði eins og áhættuþætti, einkenni, umfang og afleiðingar ofbeldis, og hvað megi gera til að

---

<sup>130</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 213. Í þeirri skýrslu var helst stuðst við tvær yfirgripsmiklar leiðbeiningar, annars vegar Butchart, A., Harvey, A.P., Mian, M. og Fürniss, M.: *Preventing child maltreatment: a guide to taking action and generating evidence*. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin, Genf 2006, og hins vegar Saul, J. og Adage N.C.: *Preventing child sexual abuse within youth-serving organizations: getting started on policies and procedures*. Center for Disease Control and Prevention, National Center for Injury Prevention and Control. Atlanta, GA 2007. Hér má einnig styðjast við *Preventing Child Maltreatment and Promoting Well-Being: A Network for Action – 2012 Resource Guide*. US Department of Health and Human Services. Washington DC 2012. Einnig er mikilvægt að vísa til umfjöllunar um 2. mgr. 19. gr. SRB í Rachel Hodgkin og Peter Newell: *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*, bls. 250-253 og 265-273.

<sup>131</sup> Sjá til hliðsjónar *Skýrsla nefndar skv. lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurreimilísins 1952-1979*, bls. 97-98.

yfirstíga slíkar hindranir.<sup>132</sup> Fyrir þá sem sinna þjónustu við einstaklinga er meðal annars mikilvægt að móta reglur um hæfi þeirra sem annast þjónustu við börn og starfsreglur um samskipti við börnin. Þá er mikilvægt að kortleggja vandlega hvernig brugðist er við ásökunum til að tryggja samfellda og réttláta meðferð máls og þjónustu við þolanda. Mikilvægt er að huga að markvissri innleiðingu leiðbeininga af þessu tagi og stöðugri endurskoðun og þróun samhliða því sem reynsla og þekking eykst.

Hér verður fjallað nánar um helstu þætti sem taldir eru skipta máli við mótun fyrirmyndarvinnubragða í þessum málaflokki. Hugað verður að bakgrunnsathugun og eftirliti með starfsfólki, reglum um samskipti starfsfólks og skjólstaðinga, áætlun um viðbrögð þegar grunur vaknar um ofbeldi og þjálfun starfsfólks.<sup>133</sup>

### 8.3.1 Bakgrunnsathugun

Eitt af markmiðum hvernar stofnunar<sup>134</sup> hlýtur að vera að fá til starfa hæfa sérfræðinga sem geta sinnt hlutverki sínu vel og án þess að valda öðrum skaða. Mat á hæfi fer eftir eðli og ábyrgð sem fylgir hverju starfi en sérstaklega þarf að vanda til verka þegar valdir eru þeir sem þjónusta fólk með einhverjum hætti, ekki síst þá sem mæta skjólstaðingum í viðkvæmum aðstæðum og veita sálgæslu, ráðgjöf eða meðferð. Bakgrunnsathugun allra einstaklinga sem sækja um starf eða bjóða sig fram í sjálfböðavinnu hjá stofnun er talin mikilvægur þáttur í forvörnum gegn kynferðislegu og öðru ofbeldi gegn börnum.<sup>135</sup> Hér verður fjallað stuttlega um nokkra lykilþætti sem vert er að hafa í huga í þessu samhengi.

Fyrst ber að nefna athugun á því hvort einstaklingur sé með hreina sakaskrá. Þá er talið mikilvægt að óska einnig eftir skriflegum umsögnum og meðmælum og að taka viðtöl við umsækjendur. Í viðtali er meðal annars æskilegt að leitast við að kanna ástæður þess að umsækjandi eða sjálfböðaliði vill vinna tiltekið starf, getu hans til að virða reglur og mörk annarra og viðhorf til þeirra reglna sem gilda hjá stofnuninni. Einnig að kanna hvort einstaklingurinn eigi eðlileg samskipti við og hafi eðlileg tengsl við jafnaldra eða samstarfsmenn. Skoða þarf svör viðkomandi vel með tilliti til samskipta- eða siðareglna og áhættuþátta og meta hvort ástæða sé

---

<sup>132</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 214.

<sup>133</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 215.

<sup>134</sup> Í þessum almenna kafla um fyrirmyndarviðbrögð verður notað orðið stofnun til einföldunar en þessar leiðbeiningar eiga jafnt við um stofnanir og félagasamtök, svo sem trúfélög.

<sup>135</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 216.

til frekari athugunar. Öflun meðmæla er oft eina leiðin til að sannreyna upplýsingar sem umsækjandi eða sjálfboðaliði veitir. Þegar meðmæli eru athuguð er æskilegt að þau séu ekki einungis skrifleg heldur einnig munnleg, þar sem samtöl veita gjarnan meiri upplýsingar en skrifleg lýsing. Nauðsynlegt er að ekki sé slakað á kröfum þó að umsækjandi eða sjálfboðaliði hafi góða menntun, sé þekktur einstaklingur eða með fyrri tengsl við stofnunina. Þá er talið mikilvægt að kynna fyrir umsækjanda eða sjálfboðaliða allar verklagsreglur stofnunar um vernd barna gegn ofbeldi. Slík kynning gefur skýr skilaboð um áherslur á forvarnir og viðbrögð ef grunur vaknar um ofbeldi.<sup>136</sup>

Vert er að undirstrika að þótt bakgrunnsathuganir séu mikilvægur grunnur í fyrirmyndarforvörnum þá ber að varast að ofmeta slíkar athuganir. Bent hefur verið á að einungis lítill hluti ofbeldis gegn börnum rati inn á sakaskrá geranda og að stundum uppgötvi einstaklingar ekki hneigð sína til slíkra brota fyrir en þeir eru í aðstöðu til að fremja þau.<sup>137</sup>

### 8.3.2 Reglur um samskipti starfsfólks og skjólstæðinga

Reglur um samskipti á milli starfsfólks og skjólstæðings miðast ávallt við starfsemi hverrar stofnunar og eðli starfanna. Til dæmis eru reglur þar sem starfsmaður vinnur mikið einn með skjólstæðingi ólíkar reglum um starf sem fer mest fram í hópum. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi þar sem hvatt er til jákvæðra og viðeigandi samskipta en dregið er úr líkum á óviðeigandi eða skaðlegum samskiptum. Þetta er vandasamt og ekki hægt að ætlast til að starfsfólk ákveði sjálft hvað skilgreinir uppbyggileg eða skaðleg samskipti eða meti að öllu leyti hvar mörkin liggja. Hver stofnun verður því að skilgreina þessi atriði eins ítarlega og unnt er til að búa starfsfólki sínu þann ramma sem er nauðsynlegur.<sup>138</sup>

Þótt það sé grundvallaratriði að búa til samskiptareglur fyrir ólíkar aðstæður er það einungis eitt af skrefunum til að draga úr hættu á að ofbeldi eigi sér stað innan stofnunar. Reglurnar þurfa einnig að tilgreina hvaða aðstæðum og samskiptaháttum sé rétt að fylgjast með. Ef búið er að skilgreina áhættuþætti innan stofnunarinnar er þetta verkefni auðveldara en þó verður einnig að

---

<sup>136</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 216.

<sup>137</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 216. Einnig Karen J. Terry og Alissa Ackerman: „Child Sexual Abuse in the Catholic Church: How Situational Crime Prevention Strategies Can Help Create Safe Environments“. *Criminal Justice and Behavior*, 2008, bls. 652.

<sup>138</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 217. Einnig Karen J. Terry og Alissa Ackerman: „Child Sexual Abuse in the Catholic Church: How Situational Crime Prevention Strategies Can Help Create Safe Environments“ bls. 653-654.

skilgreina hver beri ábyrgð á eftirlitinu og tryggja að sá einstaklingur hafi nægilega þekkingu til að geta sinnt hlutverki sínu. Þá er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um það hvað beri að gera þegar reglurnar eru brotnar og óviðeigandi hegðun á sér stað.<sup>139</sup>

### 8.3.3 Áætlun um viðbrögð vegna ofbeldis

Þegar grunur vaknar um eða greint er frá ofbeldi, eða starfsreglur eru brotnar, er mikilvægt að bregðast fljótt við og með viðeigandi hætti. Þegar skjólstaðingur leitar til starfsfólks og greinir frá kynferðislegu eða öðru ofbeldi þá skipta fyrstu viðbrögð mjög miklu máli. Polandi upplifir oft beina og óbeina ógn, vanmáttar-kennnd, skömm og sektarkennd og er þessi ótti gjarnan meiri ef meintur gerandi er einstaklingur sem sökum stöðu sinnar nýtur sérstakrar virðingar, eins og til dæmis prestur eða annar starfsmaður trúfélags.<sup>140</sup> Polandi sem mætir neikvæðum viðbrögðum er líklegri til að draga frásögn sína til baka og er þá jafnvel í enn meiri hættu en áður á að verða fyrir frekara ofbeldi. Mikilvægt er að starfsmaður sýni þolanda alltaf fulla virðingu, haldi ró sinni og forðist að sýna sterkar tilfinningar eins og vantrú, fordæmingu eða vanlíðan, en slík viðbrögð geta valdið því að þolandi greini ekki frekar frá því sem gerðist af ótta við afleiðingarnar. Talið er mikilvægt að starfsmaður hlusti af athygli og forðist að grípa fram í eða fylla í eyður ef þögn skapast í samtali. Æskilegt er að starfsmaður veiti þolandanum svigrúm til að tjá tilfinningar sínar og geri ekki ráð fyrir að hann viti hvað þolandinn er að upplifa. Æskilegt er að forðast að skilgreina það sem gerst hefur með hugtökum eins og til dæmis „nauðgun“, „misnotkun“ eða „árás“ þar sem slíkt getur valdið ótta eða truflað frásögn þolandans. Ef þolandinn leitar ráða er best að svara á eins opinskáan hátt og hægt er út frá þeirri vitneskju sem viðkomandi hefur en ekki reyna að fylla í eyðurnar með getgátum. Þá er mjög mikilvægt að lofa ekki neinu sem ekki er hægt að standa við. Til dæmis ef barn eða unglingur greinir frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi og biður starfsmann að lofa sér því að segja ekki frá. Í slíkum aðstæðum er best að útskýra fyrir barninu, í samræmi við þroska þess, að samkvæmt lögum verði að tilkynna frásögnina til barnaverndarnefndar og að einungis verði rætt við fólk sem getur hjálpað og verndað barnið.<sup>141</sup>

<sup>139</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 218.

<sup>140</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 218.

<sup>141</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 218-219.

Í áætlun eða verklagsreglum um viðbrögð við ofbeldi er mikilvægt að huga að ofangreindum atriðum en þar þarf einnig að huga vel að næstu skrefum, svo sem hvernig beri að skrá upplýsingar, hvert beri að snúa sér með upplýsingarnar, hvernig búast megi við að meðferð málsins verði í framhaldinu og hvað stofnunin eigi að gera meðan mál er í rannsókn. Því ítarlegri sem verklagsreglur eru um þessi atriði þess meiri líkur eru á að brugðist verði rétt við. Hér verður vikið nánar að nokkrum mikilvægum atriðum.

Skilgreina þarf hvað telst brot á starfsreglum sem kalla á viðbrögð innan stofnunarinnar og í hvaða tilvikum einnig er um að ræða brot sem tilkynna þarf til yfirvalda. Sem dæmi um hið fyrra má nefna skyldu stofnunar til að beita hæfilegum viðurlögum ef starfsmaður til dæmis hefur samskipti við ungling utan stofnunar þegar slíkt er bannað samkvæmt reglum hennar, án þess að slík samskipti yrðu talin ofbeldi af einhverju tagi.<sup>142</sup> Þegar kemur að grun um ofbeldi þarf starfsmaður að einhverju leyti að meta grun, frásögn eða ásökun til að átta sig á því hvenær og hvert beri að tilkynna mál. Í þessu skyni er meðal annars mikilvægt að skrá ítarlega niður allar upplýsingar sem varða málið. Hér verður þó að leggja ríka áherslu á að það er ekki hlutverk starfsmannsins eða stofnunarinnar að rannsaka málið heldur ber að miða við að vísa því áfram til sérhæfðra aðila sem annast slíkar rannsóknir, svo sem lögreglu og barnaverndarnefnda þegar við á. Áréttá ber að skylda til að tilkynna barnaverndarnefnd samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 byggir á því að tilkynnandi hafi *grun* um tilteknar aðstæður eða atvik. Þó að viðkomandi þurfi að átta sig á því af hverju hann hafi tiltekinn grun, þá þarf hann ekki að greina af hverju aðstæður eru með þessum hætti eða hverju/hverjum er um að kenna. Ekki er gert ráð fyrir viðkomandi hafi *rökstuddan grun* heldur er það hlutverk barnaverndarnefndar að nota þann mælikvarða til að taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun málsins.<sup>143</sup> Rétt er að miða við að starfsmaður láti einungis hjá líða að tilkynna um ásökun í tilvikum þar sem viðkomandi sé sannfærður um að vanræksla eða ofbeldi hafi ekki átt sér stað. Viðkomandi er þá jafnframt ráðlagt að skrá þessa ákvörðun sína sérstaklega og hafa tiltæk rök fyrir henni.<sup>144</sup>

---

<sup>142</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 219.

<sup>143</sup> Hrefna Friðriksdóttir: „Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta“, bls. 236-237.

<sup>144</sup> Krisann M. Alvarez o.fl.: „The process and consequences of reporting child maltreatment: A brief overview for professionals in the mental health field“. *Aggression and Violent behavior* 2005, bls. 311-331.



Í leiðbeiningum Barnahúss er að finna gott yfirlit yfir hvað beri að gera þegar barn segir frá ofbeldi:<sup>145</sup>

- Trúðu barninu
- Tilkynntu málið til barnaverndar
- Láttu barnið vita að það var rétt að segja frá
- Fullvissaðu barnið um að ofbeldið sé ekki því að kenna
- Hlustaðu á barnið en ekki yfirheyra það
- Tryggðu öryggi barnsins
- Mundu að þín viðbrögð skipta máli fyrir horfur barnsins og hvernig því tekst að takast á við afleiðingar ofbeldisins.

Jafnhliða því að tilkynna til opinberra yfirvalda er nauðsynlegt að stofnun sé með skýrar reglur um hvernig eigi að taka á stöðu starfsmanns sem grunaður er um ofbeldisbrot gagnvart barni. Brýnt er að slíkar reglur kveði á um hvort og þá í hvaða tilfellum starfsmanni er vikið úr starfi meðan rannsókn fer fram. Telji stofnun ekki viðeigandi að víkja starfsmanni úr starfi við slíkar aðstæður þá er nauðsynlegt að búið sé að móta reglur þar að lútandi. Mikilvægt er að slíkar reglur fjalli um hvað gera skal ef þolandi og meintur gerandi þurfa að vera í sama rými en slíkt getur verið erfitt og flókið að takast á við.<sup>146</sup> Það er sérstök áskorun að taka ákvarðanir um stöðu starfsmanns þegar rannsókn réttarvörslukerfisins lýkur með því að ekki er talin ástæða til að höfða sakamáli á hendur meintum geranda eða hann er sýknaður af refsikröfu í sakamáli. Áhersla er lögð á að stofnun ber við slíkar aðstæður að taka sjálfstæða ákvörðun um það hvort beita skuli viðurlögum eins og áminningu eða brottrekstri. Meta þarf hvort háttsemi starfsmannsins hafi verið brot á siðareglum eða starfsreglum stofnunar og hafa í huga að sönnunarmat og sönnunarkröfur eru ólíkar í málum á sviði vinnuréttar og í sakamálum.

#### 8.3.4 Þjálfun starfsfólks

Grundvöllur þess að viðbrögð við ofbeldi gagnvart börnum séu til fyrirmyndar er að tryggja að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar hafi nægilega þekkingu og þjálfun til þess að takast á við slík mál. Þjálfun þarf að vera fjölbætt og ekki er nægilegt að hún sé veitt einu sinni heldur er nauðsynlegt að hún sé endurtekin reglulega. Í

---

<sup>145</sup> *Kynferðisleg hegðun barna: Hvað er edlilegt?* Barnahús, <http://bvs.is/files/file951.pdf>, (skoðað 3.9.2012).

<sup>146</sup> *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar*, bls. 220.

Þjálfun ætti ávallt að vera fræðsla um stefnu og verklagsreglur stofnunarinnar og vera fjallað um ábyrgð starfsfólks á að framfylgja þessum reglum. Nauðsynlegt er að veita ítarlega fræðslu um áhættuþætti, eðli, einkenni og afleiðingar kynferðislegs og annars ofbeldis. Þá er einnig æskilegt að þjálfa starfsfólk í fyrirmyndar-samskiptum og viðbrögðum við ásökunum um ofbeldi. Mikilvægt er að ræða um algengar hindranir í vegi þess að tekist sé á við vandann og hvað sé hægt að gera til auka líkur á að brugðist sé rétt við.<sup>147</sup>

## 8.4 Tillögur rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar um úrbætur

Þegar hefur verið bent á nokkur atriði sem rannsóknarnefndin telur mikilvægt fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi að huga að. Með tillögum rannsóknarnefndarinnar um úrbætur sem raktar verða í þessum kafla er leitast við að benda á atriði sem stuðlað geta að forvörnum og dregið úr líkum á að ofbeldi eigi sér stað innan kirkjunnar. Þá verður bent á þætti sem ætla má að stuðli að því að kaþólska kirkjan á Íslandi verði betur í stakk búin til að takast á við það ef fram koma ásakanir um ofbeldi af hálfu vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar.

Áður en lengra er haldið tekur rannsóknarnefndin skýrt fram að tillögur hennar eru settar fram með almennum hætti og gert er ráð fyrir því að kaþólska kirkjan á Íslandi leggi í framhaldinu á það sjálfstætt mat með hvaða hætti þeim verði fylgt eftir. Það mat mun eðli málsins samkvæmt byggja á þekkingu og reynslu af starfi kirkjunnar og einstökum þáttum þess.

### 8.4.1 Stefnumótun

Grundvöllur þess að hægt sé að bregðast við á ábyrgan hátt er viðurkenning á því að ofbeldisbrot geti átt sér stað innan veggja kirkjunnar og að allir geti gerst sekir um slík brot, bæði vígðir þjónar og aðrir starfsmenn. Þá verður að leggja ríka áherslu á að allar ásakanir séu teknar alvarlega, sérstaklega ef brot varðar vígða þjóna kirkjunnar vegna þess hve djúp áhrif brot þeirra geta haft á andlega og líkamlega velferð þolanda.<sup>148</sup>

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi að móta heildstæða stefnu um meðferð ofbeldisbrota þar sem tekið verði mið af eðli einstakra þátta starfseminnar, metnir áhættuþættir, skipulagt forvarnar- og fræðslustarf og mótaðar siðareglur og reglur um viðbrögð við ofbeldi. Einnig þarf

<sup>147</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 220-221.

<sup>148</sup> Sjá til hliðsjónar Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 208.

að huga að því hvernig haga skuli eftirliti með því að reglum sé fylgt, mati á árangri og markvissri þróun og endurskoðun stefnunnar. Síðast en ekki síst er mikilvægt að huga vel að kynningu á stefnunni, reglunum og framkvæmd þeirra.

#### 8.4.2 Siðareglur/starfsreglur

##### a) Reglur um samskipti

Í kirkjuréttinum er að finna margháttáðar reglur sem snerta hátterni kirkjunnar manna og samskipti þeirra við aðra. Rannsóknarnefndin telur engu að síður mjög mikilvægt að kaþólska kirkjan á Íslandi hugi að því að setja sér siðareglur á íslensku sem taki mið af starfi kirkjunnar hér á landi enda eru slíkar reglur ekki bara mikilvægar fyrir vígða þjóna sem kunna skil á kirkjurétti heldur einnig fyrir alla aðra starfsmenn launaða jafnt sem ólaunaða svo og söfnuðinn og aðra þá sem eiga samskipti við vígða þjóna og aðra starfsmenn kirkjunnar. Einnig er mikilvægt að huga að þýðingu kynningarefnis á önnur tungumál, meðal annars með hliðsjón af fjölbreyttum uppruna safnaðarmeðlima kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Mikilvægt er að siðareglur taki með skýrum hætti til vígðra þjóna og alls starfsfólks í launuðum og ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar. Í siðareglum er nauðsynlegt að afmarka einstaka þætti starfsins og fjalla um mörk í samskiptum starfsmanns og sóknarbarns eða skjólstæðings. Æskilegt er að huga að atriðum eins og viðeigandi snertingu, viðeigandi umræðuefni og því hvernig munnleg samskipti skuli fara fram.<sup>149</sup> Hér má gera ráð fyrir að ólíkar kröfur verði að einhverju leyti gerðar til vígðra þjóna og annarra starfsmanna. Innan kirkjunnar fer einnig fram mjög fjölbreytt starfsemi og sníða þarf ólíkar reglur að ólíkum þáttum. Hluti starfseminnar felst í því að vinna náði með einstaklingum sem glíma við erfið vandamál eða eiga um sárt að binda og í þeim aðstæðum er rétt að gildi strangari reglur en ella. Mikilvægt er að gera greinarmun á þjónustu við fullorðna og börn og nauðsynlegt að allar reglur um bæði hópastarf barna og einstaklingsmiðað barnastarf séu almennt strangari en við á um starf með fullorðnum.

Rannsóknarnefndin telur að kaþólska kirkjan á Íslandi geti hér litið til siðareglna sem settar hafa verið í biskupsdæmum hinna Norðurlandanna og annars staðar í heiminum.<sup>150</sup> Einnig mætti hafa hliðsjón af meginþáttum siðareglna þjóðkirkjunnar. Þar er meðal annars tilgreint að enginn fulltrúi kirkjunnar megi

<sup>149</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 217.

<sup>150</sup> Hér má til dæmis benda á ítarlegar reglur kaþólsku kirkjunnar í Danmörku, *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*, 2011, <http://www.katolsk.dk/beredskab.pdf>, (skoðað 14.9.2012).

nokkurn tíma misnota aðstöðu sína eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni og að allir verði að vera meðvitaðir um að fulltrúi kirkjunnar hefur ætíð sterkari stöðu en barn sem hann vinnur með, að fulltrúar kirkjunnar eigi að minnast þess að mörk einstaklinga séu mismunandi, svo sem að snerting geti auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum, og að fulltrúar kirkjunnar eigi ekki að stofna til óviðeigandi sambands við skjólstæðing.<sup>151</sup>

Í siðareglum er einnig mikilvægt að fjalla um eða vísa til tilkynningarskyldu til opinberra yfirvalda í kjölfar gruns um ofbeldi eða slæmar aðstæður barns og reglna um frekari viðbrögð við ásökunum um ofbeldi.

#### *b) Reglur um bakgrunnsathugun umsækjenda og sjálfbóðaliða*

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að kaþólska kirkjan á Íslandi móti reglur um bakgrunnsathugun vegna allra þeirra sem sækjast eftir því að sinna launuðu eða ólaunuðu starfi á vegum kirkjunnar. Með því yrði stigið þýðingarmikið skref í þá átt að tryggja öryggi skjólstæðinga kirkjunnar.

Æskilegt er að í slíkum reglum felist leiðbeiningar um hvernig staðið verði að mati á umsækjendum og hvaða annarra gagna en upplýsinga úr sakaskrá sé mikilvægt að afla í þessu skyni. Þá er gagnlegt að veita leiðbeiningar um spurningar sem æskilegt er að beina til umsækjanda í viðtali til að auka líkurnar á að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort af umsækjanda stafi ógn. Í slíkum reglum ætti einnig að leggja áherslu á að kynna fyrir umsækjanda allar reglur kirkjunnar um samskipti og viðbrögð við ofbeldi þar sem slík kynning er talin hafa forvarnargildi.<sup>152</sup>

---

<sup>151</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 209 og 260-271.

<sup>152</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 223. Til hliðsjónar má benda á siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 2009 þar sem fram kemur að hægt sé að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá um sakarferil einstaklings sem sótt hefur um starf hjá kirkjunni.

#### 8.4.3 Verklagsreglur um viðbrögð við ofbeldi

##### a) Almenn um fyrstu viðbrögð og tilkynningarskyldu

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að kaþólska kirkjan á Íslandi setji verklagsreglur um viðbrögð við ofbeldi.<sup>153</sup> Í slíkum reglum þarf að fjalla um samskipti og fyrstu viðbrögð gagnvart þeim sem segir frá ofbeldisbroti. Þar þarf að byggja á virðingu fyrir þeim sem segir frá í samræmi við sjónarmið sem rakin voru í kafla 8.3.3 hér að ofan.

Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að í verklagsreglum um viðbrögð við ofbeldi verði fjallað sérstaklega um skilyrðislausu tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og einnig um tilkynningar til lögreglu. Þar sem þessi skref valda oft óöryggi er æskilegt að fram komi hvert sé hægt að leita til að fá ráðgjöf um hvort mál beri að tilkynna og hvernig eigi almennt að bera sig að við slíkar tilkynningar.<sup>154</sup>

Áréttar ber að tilkynningarskylda samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga hvílir almennt á þeim sem fær tiltekna upplýsingar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að einstaka stofnanir setji sér verklagsreglur um framkvæmd tilkynningarskyldunnar og að tilkynnt sé í nafni stofnunar. Slíkar reglur eiga þó fyrst og fremst að kveða á um hver taki við upplýsingum frá þeim sem fær upphaflega grun um aðstæður barns og sjái um að koma þeim tafarlaust til barnaverndarnefndar. Þess verður að gæta að verklagsreglur mæli ekki fyrir um viðamikla málsmeðferð eða efnislegt mat á þeim grun sem vaknar og þá mega verklagsreglur ekki takmarka rétt og skyldu hvers og eins til að snúa sér umsvifalaust til barnaverndarnefndar þegar nauðsyn krefur.

Rannsóknarnefndin telur brýna nauðsyn bera til þess að biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi fylgi með markvissum hætti eftir þeirri fullyrðingu sinni að kirkjan lúti landslögum og sjái til þess að allir fari eftir viðurkenndri túlkun á ákvæðum barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu starfsstétta, þar með talið presta.

Þá leggur rannsóknarnefndin áherslu á að almennt sé óskað lögreglu-rannsóknar þegar grunur vaknar um ofbeldi enda nauðsynlegt að öll mál um ofbeldisbrot séu til meðferðar í refsivörslukerfinu þegar það á við. Hér liggja til grundvallar sjónarmið um varnaðaráhrif og réttlæti, viðurkenningu og ábyrgð.

---

<sup>153</sup> Hér má meðal annars benda á ítarlegar reglur kaþólsku kirkjunnar í Danmörku, *Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*.

<sup>154</sup> *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar*, bls. 224.

*b) Fagråd um meðferð ofbeldisbrota*

Við mótun verklagsreglna þarf að taka afstöðu til þess hver eigi að fjalla um þessi mál á vettvangi kirkjunnar. Mikilvægt er að hlutverk, verkaskipting og málsmeðferð komi með skýrum og skilmerkilegum hætti fram í verklagsreglunum.

Rannsóknarnefndin mælir með því að kaþólska kirkjan skoði vandlega hvort skipað verði sérstakt fagråd til að fjalla um ásakanir vegna ofbeldisbrota, eftir atvikum í samstarfi við önnur trúfélög. Slíkt samstarf gæti aukið sjálfstæði, sérhæfingu, samræmi og hæfni þeirra sem fara með málin og þar með trúverðugleika kirkjunnar sem ber hina endanlegu ábyrgð. Ef farin er sú leið að móta farveg fyrir málin með aðkomu fagráðs þá verður að huga vel að samskiptum fagráðsins og kirkjunnar. Hugna þarf meðal annars að því hvornig tryggð verði örugg skráning og varðveisla gagna. Einnig hvornig haga skuli ráðgjöf, miðlun upplýsinga og endanlegri ákvarðanatöku um einstök atriði.

*c) Ráðstafanir gagnvart geranda*

Rannsóknarnefndin undirstrikar nauðsyn þess að í verklagsreglum sé fjallað um nauðsynlegar ráðstafanir sem grípa skuli til gagnvart meintum geranda meðan á rannsókn stendur. Þess má geta að þegar um er að ræða grun um ofbeldisbrot starfsmanns gagnvart barni er almennt talið nauðsynlegt að víkja viðkomandi starfsmanni strax úr starfi tímabundið meðan mál er í rannsókn.

Eins og áður var vikið að þarf einnig að meta sérstaklega til hvaða ráðstafana skuli grípa eftir að niðurstöður rannsóknar liggja fyrir. Hér getur þurft að taka tillit til þess hvort um er að ræða brot á landslögum, brot á ákvæðum kirkjuréttar og/eða brot á sérstökum ákvæðum siðareglna um bann við tiltekinni háttsemi. Minnt er á að þær ákvarðanir sem teknar eru í refsivörslukerfinu þurfa ekki að ráða úrslitum þegar kemur að ákvörðun um annars konar viðbrögð eða viðurlög.

*d) Aðstoð og þjónusta við þolanda*

Rannsóknarnefndin mælir eindregið með því að í verklagsreglum verði fjallað um aðstoð við þolanda og þá þjónustu sem kirkjan er reiðubúin til að veita þolanda meðan á rannsókn stendur og eftir að niðurstöður liggja fyrir.

#### 8.4.4 Forvarnir, kynning, fræðsla og þjálfun

Hér að ofan hefur verið lögð rík áhersla á stefnumótun og fjallað hefur verið um tiltekna reglur sem auðvelda eiga eftirfylgd með ákveðnum þáttum. Við framkvæmd stefnumótunar er einnig mjög mikilvægt að huga vandlega að forvörnum, fræðslu og reglubundinni þjálfun starfsmanna. Rannsóknarnefndin mælir með því að kirkjan geri að lokinni stefnumótun sérstaka áætlun um hvernig staðið verði að þessum atriðum. Í slíkri áætlun er nauðsynlegt að taka ríkt tillit til þeirra sjónarmiða sem vikið var að í kafla 8.2.2 og varða tungumálaörðugleika.

Mikilvægt er að kaþólska kirkjan skoði sérstaklega hvaða leiðir unnt er fara til að draga úr hættu á að kynferðislegt eða annað ofbeldi geti átt sér stað innan hennar. Hér þarf að taka mið að fjölbreyttum hlutverkum og starfi kirkjunnar og mismunandi hópum skjólstaðinga. Æskilegt er að leiðbeina söfnuðum um hvernig þeir geti lagt mat á hættu innan kirkju sinnar og benda á leiðir til að gera kirkjuna að öruggari stað fyrir alla skjólstaðinga hennar.<sup>155</sup> Reglubundnar, opnar og aðgengilegar kynningar á siða- og verklagsreglum eru einnig mikilvægur þáttur í forvarnarstarfi.

Rannsóknarnefndin telur brýnt fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi að koma á reglubundinni fræðslu fyrir alla starfsmenn sína enda er fullnægjandi fræðsla grundvallarforsenda rétttra viðbragða. Mikilvægt er að tryggja reglubundna sérhæfða fræðslu um heilbrigð persónu- og hlutverkamörk í starfi vígðra þjóna og annarra starfsmanna sem vinna með börnum. Nauðsynlegt er að fræða starfsmenn um viðeigandi ákvæði laga sem gilda um mál af því tagi sem hér er fjallað um. Þá þarf að fræða starfsmenn meðal annars um eðli og afleiðingar ofbeldis gegn börnum og um rétt viðbrögð þegar grunur vaknar um ofbeldi. Taka þarf afstöðu til þess hver eigi að veita fræðslu til ólíkra hópa og hvernig viðhalda skuli þekkingunni.

Þá er reglubundin þjálfun forsenda þess að starfsmenn geti brugðist rétt við þegar grunur vaknar um ofbeldi gegn barni. Eins og áður hefur verið nefnt skipta fyrstu viðbrögð mjög miklu máli. Mikilvægt er að starfsmaðurinn hafi nægilega þekkingu til að geta sýnt þolandanum virðingu, haldið ró sinni og forðast að lýsa vantrú á því að verknaður hafi átt sér stað eða fordæma meintan geranda. Viðbrögð starfsmannsins geta haft mikil áhrif á þolandann og mikilvægt er að hann auki ekki á vanlíðan, óryggi og óvissu sem þolandinn kann að vera að

---

<sup>155</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 222. Sjá einnig leiðbeiningar um forvarnir Karen J. Terry og Alissa Ackerman: „Child Sexual Abuse in the Catholic Church: How Situational Crime Prevention Strategies Can Help Create Safe Environments“, bls. 651-656.

upplifa. Þjálfun af þessu tagi þarf að vera fjölbætt og auk fyrirlestra getur hún falist í verkefnavinnu, sýnikennslu og æfingum sem auka hæfni starfsmanns til að bregðast rétt við.<sup>156</sup>

Ljóst er að fullnægjandi fræðsla og þjálfun getur verið bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Rannsóknarnefndin mælir með því að kaþólska kirkjan meti hvort skipuleggja megi sérhæfða fræðslu og þjálfun í samvinnu við aðra, til dæmis önnur trúfélög.

## 8.5 Samantekt og lokaorð

Eins og áður hefur verið vikið að er meðferð mála um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi flókið viðfangsefni. Þá verða þessi mál sérstaklega viðkvæm þegar ofbeldið beinist að börnum. Þótt ofbeldi innan trúfélaga sé væntanlega ekki algengara en annars staðar í samfélaginu þá hefur verið bent á að trúarsannfæring geti aukið og viðhaldið hættu á ofbeldi og að afleiðingar ofbeldis sem beitt er í skjóli trúarbragða geti haft alvarlegri áhrif á þolanda en ella. Ljóst er að samfélagið gerir ríkar kröfur til þess að starfshættir trúarsamfélags einkennist af kærleik, virðingu og skilningi í samræmi við boðskap hvernar kirkju og að öll viðbrögð við ofbeldi byggist á fagmennsku, réttlæti og sanngirni. Gera verður þá kröfu til kaþólsku kirkjunnar á Íslandi að hún tileinki sér fyrirmyndarvinnubrögð í þessum málaflokki. Fyrirmyndarvinnubrögð fela í sér að mótuð verði skýr stefna og settar nauðsynlegar reglur. Hér má þó ekki láta staðar numið því vinnubrögð til fyrirmyndar grundvallast á því að hugað sé vandlega að framkvæmd einstakra þátta og eftirliti með framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að ræða markvisst og opið um forvarnir og áhættuþætti. Þá er lykilatriði að skipuleggja og viðhalda reglubundnu kynningarstarfi, fræðslu og þjálfun. Kaþólska kirkjan á Íslandi á mikið verk fyrir höndum við þróun og innleiðingu þessara þátta. Auk þess þarf jafnt og þétt að huga að endurskoðun og aðlögun samhliða því sem þekking og reynsla eykst innan kirkjunnar. Það er einlæg von rannsóknarnefndarinnar að þessar tillögur til úrbóta muni nýtast kaþólsku kirkjunni við að gera kirkjuna öruggari fyrir skjólstæðinga sína.

---

<sup>156</sup> Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar, bls. 223-224.



## HEIMILDIR

### Alþingistíðindi

*Advokatundersøgelse af seksuelle krænkelse begået af præster og andre medarbejdere i den katolske kirke i Danmark samt kirkens behandling af henvendelser herom i henhold til biskup Czeslaw Kozons kommissorium af 31. maj 2010.* Nyborg – Rørdam, Kaupmannahöfn 2012.

Ársskýrsla Stígamóta árið 2002, <http://www.stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2002.pdf> (skoðað 3.7.2012).

*Barnavernd á Íslandi: Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefndar á Íslandi árin 1996-1999*, Barnaverndarstofa, Reykjavík, 2000.

Ben Mathews og Donald Cross: „Mandated reporting is still a policy with reason: Empirical evidence and philosophical grounds“. *Child abuse and Neglect*, 5. tbl. 2008, bls. 511-516.

Berglind Guðmundsdóttir: „Fræðileg greinargerð um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis“. *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasygni biskupi um kynferðisbrot*, viðauki, bls. 229-248.

Bette L. Bottoms, Michael Nielsen, Rebecca Murray og Henrietta Filipas: „Religion-Related Child Physical Abuse: Characteristics and Psychological Outcomes“. Í ritinu *The Victimization of Children: Emerging Issues*, ritstj. Janet L. Mullings, James W. Marquart og Deborah J. Hartley. New York 2003, bls. 87-114.

Biskup Jóhannes Gíjzen: „Leiðir og aðferðir til að miðla kristinni trú og kristinni menningu“. Í ritinu *Landakotsskóli 100 ára 1987-1997*. Reykjavík 1997, bls. 44-88.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Bragi Guðbrandsson: „Að byggja brýr“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík 2011, bls. 377-394.

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir: „Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík 2011, bls. 269-295.

C. Henry Kempe, Frederic N. Silverman, Brandt F. Steele, William Droegemueller og Henry K. Silver: „The Battered-Child Syndrome“. *Journal of the American Medical Association*, 1. tbl., 181. árg., 1962, bls. 105-112.

C. Henry Kempe: „Sexual Abuse, Another Hidden Pediatric Problem“. *Pediatrics*, 3. tbl., 62. árg., 1978, bls. 382-289.

Catharina Broomé: *Kaþólskur siður: Kirkjan – kenningin – köllunin*, Reykjavík 1995.

Charles Scicluna: *A MANUAL FOR CANONICAL PROCESSES FOR THE RESOLUTION OF COMPLAINTS OF CLERICAL SEXUAL ABUSE OF MINORS*.

<http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/ManualForCanonicalProcesses.pdf> (skoðað 29.10.12).

*Crimen Sollicitationis* frá 1922, sjá [http://www.bishop-accountability.org/archives/Wall/1922\\_06\\_09\\_Solicitation\\_Instruction\\_English.htm](http://www.bishop-accountability.org/archives/Wall/1922_06_09_Solicitation_Instruction_English.htm), (skoðað 14.9.2012).

- Crimen Sollicitationis – Instruction on the manner of proceeding in cases of solicitation* frá 1962, sjá <http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/CrimenEnglish.pdf>, (skoðað 15.9.2012).
- Daniel H. Grosseohme: „Child Abuse reporting: Clergy perceptions“. *Child Abuse and Neglect*, 7. tbl., 22. árg., 1998, bls. 743-747.
- Den katolske Kirkes beredskab over for seksuelle overgreb mod børn og unge begået af præster eller andre kirkelige medarbejdere*. Den Katolske kirke, Kaupmannahöfn, 2011.
- Erga migrantes caritas Christi*. Pontifical Council Instruction, Vatíkanið, 2004.
- Geir Gunnlaugsson: „Ofbeldi gegn börnum fyrr og nú: Áhrif á heilsu og vellíðan“. Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík 2011, bls. 215-233.
- Geir Waage: „Pagnarskylda presta“. *Morgunblaðið*, 23. ágúst 2010.
- Geoffrey J. Robinson: „Changing the culture“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 91-102.
- Gerard J. McGlone: „The Pedophile and the Pious: Towards a New Understanding of Sexually Offending and Non-Offending Roman Catholic Priests“. Í ritinu *The Victimization of Children: Emerging Issues*, ritstj. Janet L. Mullings, James W. Marquart og Deborah J. Hartley. New York 2003, bls. 115-131.
- Gísli H. Guðjónsson: *Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony*. London 1992.
- Gjörðabók skólanefndar 1861-1901* – B.skj. A 82.
- Gjörðabók skólanefndar 1861-1901* B.skj. R. A. 3306 b (1980).
- Gjörðabók skólanefndar 1901 -1931* B.skj. R., A 83.
- Gravissimum Educationis*. Vatíkanið 1965. [www.vatican.va](http://www.vatican.va) (skoðað 26.9.2012).
- Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“. Í ritinu *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, Reykjavík 2005.
- Gunnar F. Guðmundsson: „Úr sögu Landakotsskóla“. Í ritinu *Landakotsskóli 100 ára 1897-1997*, Reykjavík 1997, bls. 7-40.
- Gunnar F. Guðmundsson: *Stutt ágríp af sögu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi*. Greinargerð tekin saman fyrir rannsóknarnefndina. Reykjavík 2011.
- Hafsteinn Dan Kristjánsson: “Er kæra til lögreglu stjórnvaldsákvörðun“ *Úlfjótur*, 1. tbl. 2011, bls. 15-46.
- Heimir Örn Herbertsson: „Lögbundin trúnaðarskylda“, *Morgunblaðið* 24. ágúst 2010.
- Hrefna Friðriksdóttir: “Að nota samning SP um réttindi barnsins með hendi og vendi að hingað til brúkanlegum siðvana“ *Rannsóknir í Félagsvísindum X*, Háskóli Íslands 2009.
- Hrefna Friðriksdóttir: „Trúnaðarskylda og tilkynningarskylda fagstétta“. *Tímarit lögfræðinga* 2010, bls. 217-266.
- Hrefna Ólafsdóttir: „Börn þvinguð til kynlífs: Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum.“ Í ritinu *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík 2011, bls. 235-267.
- James A. Coriden, Thomas J. Green og Donald E. Heintschel (ritsjórar): *Code of Canon Law: A text and Commentary*, 1985.

- James H. Provost: „Some Canonical Considerations Relative to Clerical Sexual Misconduct.“ *The Jurist* 52 (1992), bls. 615-641.
- Jason Berry: *Lead Us Not Into Temptation: Catholic Priests and the Sexual Abuse of Children*, New York, 1992.
- Jerome E. Paulson: „The Clinical and Canonical Considerations in Cases or Pedophilia: The Bishop’s role.“ *Studia Canonica* 22 (1988), bls. 77-124.
- John. A. Alesandro: *Canonical Delicts Involving Sexual Misconduct and Dismissal from the Clerical State*. United States Convergence of Catholic Bishops 1995.
- John P. Beale: „Doing what one Can: Canon Law and Clerical Sexual Misconduct“. *The Jurist* 52 (1992), bls. 642-683.
- John P. Beal, James A Coriden, and Thomas J Green (ritsjórar): *New Commentary on the Code of Canon Law*, Mahwah, N.J. 2000.
- Jónína Einarisdóttir o.fl.: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi – höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2004.
- Julie M. Arnold: „"Divine" Justice and the Lack of Secular Intervention: Abrogating the Clergy-Communicant Privilege in Mandatory Reporting Statutes To Combat Child Sexual Abuse“. 42 *Val. U. L. Rev.*, 2008, bls. 849-904.
- Jürgen Jamin. „Hvert er hlutverk páfans?“. *Vísindavefurinn* 25.5.2005. <http://visindavefur.is/?id=5017> (skoðað 5.8.2012).
- Karen J. Terry o.fl.: *The Nature and Scope of the Problem of Sexual Abuse of Minors by Priests and Deacons*. John Jay College of Criminal Justice. Washington DC: USCCB, 2004.
- Karen J. Terry og Alissa Ackerman: „Child Sexual Abuse in the Catholic Church: How Situational Crime Prevention Strategies Can Help Create Safe Environments“. *Criminal Justice and Behavior*, 2008, bls. 643-657.
- Karen J. Terry, Katarina Schuth og Margaret Leland Smith: “Incidence of Clerical Sexual Abuse over Time: Changes in Behavior and Seminary Training between 1950-2008“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, ritstj. Thomas G. Plante og Kathleen L McChesney, Santa Barbara 2011, bls. 17-32.
- Kari Mercer Dalton: “The priest-penitent privilege v. child abuse reporting statutes: how to avoid the conflict and serve society“, 18 *Widener Law Rev.* 1, 2012, bls. 1-25.
- Kathleen L. McChesney: „The Charter Report Card: Have the Bishops Lived up to the Promises Made in Dallas.“ Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, ritstj. Thomas G. Plante og Kathleen L McChesney, Santa Barbara 2011, bls. 65-78.
- Krisann M. Alvarez o.fl.: „The process and consequences of reporting child maltreatment: A brief overview for professionals in the mental health field“. *Aggression and Violent behavior* 2005, bls. 311-331.
- Kynferðisleg hegðun barna: Hvað er eðlilegt?* Barnahús, <http://bvs.is/files/file951.pdf> (skoðað 3.9.2012).
- Leiðbeiningar um skýrslur til Barnaréttarnefndarinnar CRC/C/3*, 30. október 1991.

- Lisa M. Smith: „Lifting the veil of secrecy: Mandatory child abuse reporting statutes may encourage the catholic church to report priests who molest children“. *18 Law & Psychol. Rev.* 409, 1994, bls. 409-422.
- „Majority of bishops’ conferences, except Africa, draft abuse policies“, *National Catholic Reporter*, ncronline.org.
- Mark E. Chopko, J. Cletus Kiley og Francis J. Maniscalco: “Journey to the Charter.” Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, bls. 33-48.
- Mary Lyons: *The archivist: Rights and responsibilities. A canon law perspective* ([http://www.mercyworld.org/\\_uploads/\\_ckpg/files/RIGHTS\\_AND\\_RESPONSIBILITIES\\_OF\\_THE\\_ARCHIVIST.pdf](http://www.mercyworld.org/_uploads/_ckpg/files/RIGHTS_AND_RESPONSIBILITIES_OF_THE_ARCHIVIST.pdf) (skoðað 26.10.2012)).
- Minningargrein um séra George í Morgunblaðinu 11. september 2008.
- Morten Holmboe: „Prester, taushetsplikt og avverging av overgrep“. *Lov og Rett*, 5. tbl., 49. árg., 2010, bls. 241-242
- Niðurstöður og tillögur starfshóps um skólareglur og aga í grunnskólum.* Menntamálaráðuneytið, Reykjavík 1999.
- Ólafur H. Torfason: *St. Jósefssystur á Íslandi*. Reykjavík 1997.
- Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík 2. útg. 1978.
- Oscar V. Cruz: *Archives in dialouge*, <http://www.archbishopcruz.com/?p=653> (skoðað 27.10.2012).
- Paster Bonus frá 1988*, sjá [http://www.vatican.va/holy\\_father/john\\_paul\\_ii/apost\\_constitutions/documents/hf\\_jp-ii\\_apc\\_19880628\\_paster-bonus-index\\_en.html](http://www.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/apost_constitutions/documents/hf_jp-ii_apc_19880628_paster-bonus-index_en.html), (skoðað 15.9.2012).
- Paul R. Docecki: *The Clergy Sexual Abuse Crisis: Reform and Renewal in the Catholic Community*. Washington 2004.
- Paulo S. Pinheiro: *World Report on Violence against Children*. Sameinuðu þjóðirnar, Genf 2006.
- Páfi John Paul II: “Address to Vatican Meeting with US Cardinals and Bishops Conference Officials”. *Origins* 31 (2002): 757.
- Páll Hreinsson: *Hæfisreglur stjórnslulaga*. Reykjavík 2005.
- Pressemelding fra den nordiske bispekonferanses møte 8.-14. mars 2012*, <http://www.katolsk.no/nyheter/2012/03/pressemelding-fra-den-nordiske-bispekonferanses-mote-pa-magleas>, (skoðað 15.9.2012).
- Protection against sexual assaults and abuse of children in the Church*, Prelature of Tromsø 2011.
- Rachel Hodgkin og Peter Newell: *Implemenation handbook for the Convention on the Rights of the Child*. Genf 2007.
- Rev. A. James Quinn: „NCCB Guidelines and other considerations in pedophilia cases.“ *Midwest Canon Law Society* 1990 (<http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/QuinnTranscript.pdf>, (skoðað 15.9.2012)).
- Rev. Dr. Marie M. Fortune: „Confidentiality and Mandatory Reporting: A Clergy Dilemma?“, Faith Trust Institute, 2010, [www.faithtrustinstitute.org](http://www.faithtrustinstitute.org)

- Réttindi barna á Íslandi: Fyrsta skýrsla Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Reykjavík 1995.
- Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. Í ritinu *Lögberg*. Reykjavík 2003, bls. 635-682.
- Samuel G. Brooks: „Confession and Mandatory Child Abuse Reporting: A New Take on the Constitutionality of Abrogating the Priest-Penitent Privilege“, *BYU Journal of Public Law*, vol. 24, 2009, bls. 117-147.
- Sacramentorum Sanctitatis Tutela – Safeguarding the Sanctity of the Sacraments* frá 2001, sjá <http://www.bishop-accountability.org/resources/resource-files/churchdocs/SacramentorumAndNormaeEnglish.htm>, (skoðað 15.9.2012).
- Seksuelle overgrep: Hvad gjør man ved mistanke om seksuelle overgrep begått av kirkelig medarbeider?* Oslo Katolske Bispedømme, 2003.
- Séra Jakob Rolland: *Nokkrar upplýsingar um Kapólsku kirkjuna tekna saman af séra Jakobi Rolland, kanslara*. Reykjavík 2011.
- Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd SOF*, <http://www.bvs.is/files/file468.pdf> (skoðað 3.7.2012).
- Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot*. Rannsóknarnefnd kirkjupings 2011.
- Thomas. G. Plante (ritstj.): *Bless me father for I have sinned: Perspectives on Sexual Abuse Committed by Roman Catholic Priests*, Westport 1999.
- Terrence A. Carroll: „The Failure of the Dallas Charter and Canon Law: A Blessing in Disguise“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, ritstj. Thomas G. Plante og Kathleen L McChesney, Santa Barbara 2011, bls. 49-64.
- The Scandinavian Bishops' Conference Autumn Session 2 to 7 September 2010*, [http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User\\_uploads/pdffiler/Pressemittellungen\\_NBK/pressemeddelelse\\_Plenarforsamling\\_Bergen\\_02-07\\_09\\_2010.pdf](http://www.nordicbishopsconference.org/fileadmin/NBC/User_uploads/pdffiler/Pressemittellungen_NBK/pressemeddelelse_Plenarforsamling_Bergen_02-07_09_2010.pdf), (skoðað 15.9.2012).
- Thomas P. Doyle og Stephen C. Rubino: “Catholic Clergy Sexual Abuse Meets the Civil Law. *Forham Urban Law Journal* 31(2) 2003, bls. 549-616.
- Thomas G. Plante og Kathleen L. McChesney: „Tragedy and Travesti: The Sexual Abuse of Minors by Catholic Clergy“. Í ritinu *Sexual Abuse in the Catholic Church: A Decade of Crisis 2002-2012*, ritstj. Thomas G. Plante og Kathleen L McChesney, Santa Barbara 2011, bls. 9-16.
- Trude Haugli: „Hensynet til barnets beste“. Í ritinu *Barnekonvensjonen: Barns rettigheter i Norge*, Oslo 2008.
- William Cardinal Levada og Luis F. Ladaria S.J.: *Circular letter to assist episcopal conferences in developing guidelines for dealing with cases of sexual abuse of minors perpetrated by clerics*, [http://www.vatican.va/roman\\_curia/congregations/cfaith/documents/rc\\_con\\_cfaith\\_doc\\_20110503\\_abuso-minori\\_en.html](http://www.vatican.va/roman_curia/congregations/cfaith/documents/rc_con_cfaith_doc_20110503_abuso-minori_en.html), (skoðað 15.9.2012).

Willy Lichtwarck og Graham Clifford: *Modernisering i barnevernet: Ideologi, kontekst og kompetence*. Oslo 2010.

## FYLGISKJÖL

### STARFSREGLUR

#### **Starfsreglur um rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot vígðra þjóna og annarra starfsmanna kirkjunnar**

##### 1. gr.

Þriggja manna rannsóknarnefnd skal rannsaka alla starfshætti og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna ásakana á hendur vígðum þjónum og starfsmönnum, núverandi eða fyrrverandi, um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Tekur rannsóknin einnig til starfsmanna Landakotsskóla til ársins 2005.

Rannsóknarnefndin skal leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar, eða annarra þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot voru komnar fram og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Rannsóknarnefndin skal koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kaþólsku kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna hennar.

Forfallist einhver nefndarmanna eða láti af störfum í rannsóknarnefndinni skal Róbert R. Spanó prófessor skipa annan í hans stað.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist aðilum sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

##### 2. gr.

Rannsóknarnefndin skal eiga óheftan aðgang að öllum þeim heimildum, gögnum og skjölum, sem finnanleg kunna að vera í fórum kaþólsku kirkjunnar og stofnana hennar og varpað geta ljósi á rannsóknarefnið. Starfsmönnum kaþólsku kirkjunnar ber skylda til að greiða fyrir störfum nefndarinnar og veita henni óskorað liðsinni við gagnaöflun, þ. á m. við öflun gagna sem kunna að vera í fórum Landakotsskóla.

Nefndin skal veita þeim einstaklingum sem telja sig hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eða öðru ofbeldi af hálfu vígðra þjóna eða starfsmanna Landakotsskóla til ársins 2005 kost á viðtali og einnig að skila nefndinni skriflegri greinargerð sé þess óskað. Nefndin skal einnig ræða við þá starfsmenn kirkjunnar, núverandi og fyrrverandi, sem ætla má að búi yfir upplýsingum um rannsóknarefnið, og er hinum fyrrnefndu skylt að hlýða kalli hennar. Þá skal nefndin leitast við að afla annarra gagna eftir því sem frekast er kostur, bæði munnlegra og skriflegra.

Nefndinni er heimilt að hljóðrita viðtöl við þá sem hún ræðir við samkvæmt 2. mgr. enda fáist til þess samþykki hlutaðeigandi.

##### 3. gr.

Rannsóknarnefndin skal fylgja þagnarskylduákvæðum 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara.

4. gr.

Rannsóknarnefndin tekur ákvörðun um hvernig haga skuli rannsókninni, þar á meðal um nánari afmörkun rannsóknarefnisins. Formaður stýrir fundum nefndarinnar sem skulu vera lokaðir. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundunum. Nefndin getur ákveðið að hluti nefndarmanna komi fram fyrir hönd nefndarinnar á fundum eða við skýrslutökur af þeim sem nefndin ræðir við.

Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum nefndarinnar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Kostnaður við starf rannsóknarnefndarinnar greiðist úr sjóðum kaþólsku kirkjunnar.

5. gr.

Komi fram grunsemdir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot við rannsókn málsins á hendur vígðum þjóni eða starfsmanni kaþólsku kirkjunnar, núverandi eða fyrrverandi, sem enn er á lífi, skal nefndin tilkynna málið til lögreglu og eftir atvikum til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila rökstuddum niðurstöðum sínum til biskups kaþólsku kirkjunnar eigi síðar en 1. september 2012. Nefndin getur ákveðið að óska eftir frekari fresti til að skila niðurstöðum sínum. Skal nefndin þá bera beiðni þess efnis undir biskup kaþólsku kirkjunnar sem hefur þá samráð við Róbert R. Spanó prófessor um hvort fallist verði á beiðnina.


Rannsóknarnefndin skal kynna skýrslu sína og niðurstöður opinberlega um leið og þær liggja fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar af Róbert R. Spanó prófessor samkvæmt ákvörðun biskups kaþólsku kirkjunnar frá 28. júní 2011.

Með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög skal kynna innanríkisráðherra reglur þessar.

Reykjavík, 29. ágúst 2011,



Róbert R. Spanó, prófessor

Staðfest:



Peter Bürcher,  
biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi



## FRÉTTATILKYNNING

### Stofnun rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar

Í samræmi við ákvörðun biskups kaþólsku kirkjunnar á Íslandi frá 28. júní sl. hefur undirritaður nú skipað sérstaka rannsóknarnefnd til að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna ásakana á hendur vígðum þjónum og starfsmönnum, núverandi eða fyrrverandi, um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Tekur rannsóknin einnig til starfsmanna Landakotsskóla til ársins 2005. Með þessari fréttatilkynningu fylgja starfsreglur nefndarinnar.

Í nefndinni eiga sæti:

**Hjördís Hákonardóttir**, fyrrv. hæstaréttardómari, sem verður formaður.

**Hrefna Friðriksdóttir**, dósent í fjölskyldurétti við lagadeild Háskóla Íslands.

**Jón Friðrik Sigurðsson**, yfirsálfraeðingur á geðsviði Landspítalans og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og við Háskólann í Reykjavík.

Nánari ferilskrá nefndarmanna:


Hjördís Hákonardóttir lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1971, stundaði framhaldsnám í réttarheimspeki í Oxford, Englandi og lauk MA prófi í heimspeki frá Rutgers University, NJ, Bandaríkjunum, 1979. Hún hóf starfsferil sinn sem dómarafulltrúi við embætti sýslumannsins í Kópavogi 1974, var skipuð sýslumaður í Strandasýslu 1980, borgardómari 1983, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands 2004 og dómari við Hæstarétt Íslands 2006, en lét af störfum 1. ágúst 2010. Hún hefur kennt, stundað fræðastörf og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum.

Hrefna Friðriksdóttir lauk laganámi frá Háskóla Íslands 1989. Hrefna lauk LL.M. prófi frá Harvard Law School árið 1996 og tók þá við starfi lögfræðings hjá Barnaverndarstofu. Hún starfar nú sem dósent við lagadeild Háskóla Íslands og er stjórnarformaður Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Hrefna hefur einnig gengt ýmsum trúnaðarstörfum, svo sem fyrir Save the Children á Íslandi og Nordisk Forening mot barnemishandling og omsorgssvikt, og stundað rannsóknir á sviði barnaréttar og barnaverndar.

Jón Friðrik Sigurðsson lauk meistaranámi í sálfræði við Háskólann í Stirling árið 1989 og doktorsnámi í sálfræði við Institute of Psychiatry, King's College í London, árið 1998. Hann hefur verið prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2007 og er nú einnig gistiprófessor við King's College í London. Jón Friðrik er sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði og hefur stundað rannsóknir á þeim sviðum og birt fjölda greina í alþjóðlegum ritrýndum vísindaritum. Frá árinu 2007 hefur hann átt sæti í nefnd forsætisráðherra til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Ef óskað er frekari upplýsinga, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan, 525-4329/842-0717 eða með pósti á robertrs@hi.is.

Lögbergi, 29. ágúst 2011



Róbert R. Spanó prófessor